# FRÉTTABLAÐIÐ

242. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 13. OKTÓBER 2016






| 2 MARAÞON NOW | STÖÐ 2 MARAÞON NOW STENST ALLAN SAMANBURÐ | NETFLIX |
|---|---|---|
| JÁ | ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA | NEI |
| JÁ | TEXTAÐ EFNI | AÐEINS AÐ HLUTA |
| JÁ | TALSETT BARNAEFNI | AÐEINS AÐ HLUTA |
| JÁ | HBO | NEI |
| JÁ | ÍÞRÓTTIR OG FRÉTTIR | NEI |
| NEI | ERLENT NIÐURHAL (AUKINN KOSTNAÐUR) | JÁ |
| JÁ | GREIÐA STEF GJÖLD | NEI |
| JÁ | GREIÐA SKATTA Á ÍSLANDI | NEI |


2 MARAÞON NOW
STÖÐ 2 MARAÞON NOW
ER NÝ STREYMISVEITA FYRIR SNJALLSÍMA, SPJALDTÖLVUR, APPLE TV OG VEFSPILARA.*
Með Stöð 2 Maraþon NOW opnast heill heimur af skemmtun. Fjöldi vandaðra íslenskra þáttaraða, margverðlaunað sjónvarpsefni frá HBO, talsett barnaefni, frábærar erlendar þáttaraðir, magnaðar kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna, áhugavert heimildarefni, matreiðsluþættir, tónleikar og margt fleira.
Allt þetta færðu fyrir aðeins
2.990 KR. Á MÁNUÐI
Þjónustan fylgir frítt með Skemmti-, Stóra- og Risapakkanum
Prófaðu frítt í 3 daga á 2now.is
*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.

# FRÉTTABLAÐIÐ

242. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 13. OKTÓBER 2016




Eva Rós Ólafsdóttir átti að fara í gangsetningu á morgun, 14. október. Daginn eftir taka gildi breytingar á fæðingarorlofsgreiðslum. Hámarksgreiðslurnar hækka um 130 þúsund krónur á mánuði. Eva hefur því í samráði við lækni frestað gangsetningunni fram yfir 15. október. Meðal annars til að auka möguleika föður barnsins á að taka fullt fæðingarorlof. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fresta gangsetningu fyrir hærri greiðslur

**Verðandi mæður reyna nú allt hvað þær geta til að fresta fæðingu fram yfir 15. október. Þá taka gildi nýjar reglur um fæðingarorlofsgreiðslur. Hámarksgreiðslur hækka úr 370 í 500 þúsund krónur og eru því töluverðar hagsmunir í húfi fyrir margar fjölskyldur.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Dæmi eru um að verðandi mæður hafi frestað gangsetningu og reyni allt hvað þær geta til að fresta fæðingum fram að 15. október þegar nýjar reglur um fæðingarorlofsgreiðslur taka gildi. Foreldrar sem eignast barn fyrir 15. október geta orðið af hundruðum þúsunda króna og því er mikið í húfi.

Nýjar reglur sem ríkisstjórnin samþykkti fela í sér hækkun hámarksgreiðslu í fæðingarorlofi úr 370.000 krónum í 500.000 krónur á mánuði. Fæðingarstyrkur og lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi hækka einnig.

## Eygló hefði viljað taka stærri skref



**Eygló Harðardóttir velferðarráðherra** segist hafa viljað stíga stærri skref en samstöðu hafi vantað, þá líklega í ríkisstjórn. „Ég hefði viljað gera miklu betur en það var ekki samstaða um þær breytingar. Þetta er eins langt og ég komst með málið. Til að mynda var andstaða meðal atvinnulífsins við frekari kjarabætur til handa foreldrum í fæðingarorlofi,“ segir Eygló.

„Þetta er auðvitað algjört rugl, að setja mann í svona stöðu á lokametrum meðgöngunnar,“ segir Hildur Guðmundsdóttir sem gengin er 38 vikur með barn sitt og vonar innilega að fara ekki af stað fyrr en eftir 15. október. „Það er ekki sanngjarnt hvernig þetta er uppsett. Þetta getur skipt mig hundruðum þúsunda. Ég ligg bara fyrir og bíð eftir að 15. október gangi í garð.“

Mikil ólga er meðal verðandi foreldra þessa dagana vegna breytinganna. Eva Rós Ólafsdóttir félagsráðgjafi átti að fara í gangsetningu á föstudeginum 14. en lét fresta henni fram yfir helgi. „Í fullu samráði við lækni og ljósmæður frestuðum við gangsetningu fram yfir 15. október því þetta hefur mikil áhrif á fjölskylduna fjárhagslega,“ segir Eva Rós. „Þetta getur líka haft mikil áhrif á hvort faðir barnsins geti tekið fullt fæðingarorlof með barninu sínu.“ – sa

> **Það er ekki sanngjarnt hvernig þetta er uppsett. Þetta getur skipt mig hundruðum þúsunda.**
>
> Hildur Guðmundsdóttir, komin 38 vikur á leið



# Fjölgun eins og álver árlega

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gangi farþegafjöldaspá Isavia eftir verða að meðaltali til 415 ný störf á Keflavíkurflugvelli á hverju ári allt tímabilið 2018 til ársins 2040. Það slagar upp í starfsmannafjölda álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði sem tók til starfa árið 2007 – en þeir eru um 450. Alls verða til 1.300 ný störf í ár og um 1.100 árið 2017, en flugvöllurinn verður stærsti vinnustaður landsins árið 2018 að óbreyttu.

Þetta kemur fram í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Aton sem var unnin fyrir Isavia.

Á fundi Isavia í gær var kallað eftir stefnumótun og aðgerðaáætlun frá hendi stjórnvalda en það liggur fyrir að fjölgun ferðalanga sem fara um Keflavíkurflugvöll og ferðamanna sem hér dvelja í lengri eða skemmri tíma er fordæmalaus. Um 6,7 milljónir farþega fara um völlinn á þessu ári og búist er við öðrum þremur milljónum til viðbótar á því næsta.

> **Flugvellir eru ekki lengur bara staðir þar sem fólk kemur og fer.**
>
> Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia



Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia, sagði að ekki dygði að horfa bara á flugvöllinn sem hlið inn í landið – hann væri svo miklu meira en það og mikilvægi hans jafnvel vanmetið.

„Flugvellir eru ekki lengur bara staðir þar sem fólk kemur og fer, heldur vaxtarsvæði fyrirtækja sem njóta góðs af nálægðinni við völlinn.“ – shá / sjá síðu 16

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um þing gegn þjóð. 23

**SPORT** Íslenska kvennalandsliðið stígur á svið á EM í hópfimleikum í Slóveníu í dag. 34

**MENNING** Benjamin Levy segir að það sé mikilvægt fyrir Íslendinga að geta séð klassísk meistaraverk á borð við Évgení Onegin. 42

**LÍFIÐ** Bibbi í Skálmöld hitar upp fyrir sjálfan sig á átta tónleikum um helgina. 58




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





AFSLÁTTARDAGAR

-20%
SÖFNUNARSTELL
HNÍFAPÖR
GLÖS

13.-20. október 2016

15 - 20% afsláttur af iittala

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími 568 9955

## Veður




Stíf suðaustan átt á landinu í dag. Talsverð eða mikil rigning sunnan til á landinu, úrkomuminna vestanlands, en þurrt að mestu norðaustan til. Milt í veðri og hiti víða 8 til 12 stig. SJÁ SÍÐU 38

# Gamlar vörur daglega



Dugnaðarforkar flokka fatnað sem Rauða krossinum hefur verið gefinn. Fötunum er skipt í fjóra flokka. Þau eru ýmist gefin þurfandi hér á landi eða í útlöndum, seld í Rauðakrossbúðunum eða seld beint til útlanda og ágóðinn látinn renna í hjálparsjóð Rauða krossins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Alþingismenn taka sér núna frí frá þingstörfum til þess að skipuleggja kosningabaráttuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Málþófi haldið í lágmarki

**ALÞINGI** Áætlað er að þingstörf klárist í dag og alþingismenn fái þá tíma til þess að undirbúa sig fyrir kosningabaráttuna sem háð verður næstu tvær vikurnar. Samkvæmt upplýsingum frá Einari K. Guðfinnssyni, forseta Alþingis, er ráðgert að fyrir hádegi verði greidd atkvæði um þau mál sem ekki tókst að ljúka í gærkvöldi.

„Það er löngu kominn tími á að þingið ljúki störfum þannig að það er gott að við komum á þann stað að þingi sé að ljúka. Og það gerðist eftir að stjórnarflokkarnir lögðu fyrir okkur sína forgangsröðun," segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

**144**

**Þingfundardagar gera þetta þing það lengsta í sögunni.**

Þingið er það lengsta sem hefur verið haldið frá árinu 1992 en þingfundardagar starfsárið 2015 til 2016 voru 144 talsins. Starfsárið 1992 voru þingfundardagar 131.

Katrín segir að stjórnarandstaðan hafi lagt sig fram um það að vera málefnaleg og halda málþófi í lágmarki. „Hér hefur ekki verið mikið um málþóf og mun minna en við höfum séð á undanförnum árum." – jhh

## Grunar ofbeldi á leikskóla

**MENNTAMÁL** Móðir barns á leikskólanum Korpukoti í Reykjavík sakar starfsmann leikskólans um að hafa framið alvarleg brot í starfi. Barn hennar hafi komið heim með áverka fyrir nokkrum dögum, hún taldi áverkana af mannavöldum og gerði barnaverndaryfirvöldum viðvart.

Helgi Grímsson, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar, segir borgina nú vinna að því að safna gögnum um málið. Leikskólinn sé hins vegar einkarekinn og því hafi borgin ekkert aðhafst í málinu á þessum tímapunkti enda starfsmaðurinn ekki á vegum borgarinnar. Þá er barnaverndarnefnd Kópavogsbæjar að vinna í málinu vegna mögulegs vanhæfis nefndarinnar í Reykjavík. – þea






# Lætur reyna á lögmæti húsmæðraorlofsins

**Vestmannaeyjabær ætlar ekki að greiða orlof til húsmæðra. Bæjarráð, eingöngu skipað karlmönnum, samþykkti það á síðasta fundi sínum. Bæjarstjórinn segir það myndu brjóta í bága við jafnréttislög ef bærinn borgaði húsmæðraorlof.**

**SAMFÉLAG** Bæjarráð Vestmannaeyja hafnaði því á fundi sínum á þriðjudag að greiða húsmæðraorlof fyrir árið 2016. Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, segir að það sé gert vegna jafnréttis en Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastjóri Kvenfélagasambands Íslands, bendir á að þessi gjörningur bæjarins sé ekki samkvæmt lögum.

Bæjarráð Vestmannaeyja segir í fundargerð sinni að ráðið sé einbeitt í vilja sínum til að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Elliði ítrekar að bærinn starfi eftir jafnréttislögum og húsmæðraorlof falli ekki undir þau lög. „Við teljum að okkur sé ekki lengur fært að greiða þetta. Okkur finnst undarlegt að vera sett í þá stöðu að þurfa að velja eftir hvaða lögum við förum. Ef við förum eftir lögum um orlof húsmæðra þá erum við klárlega að brjóta jafnréttislög, hið minnsta."

Bæjarráðið bendir í rökstuðningi sínum á að lög um orlof húsmæðra uppfylli ekki skilyrði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla enda fá húsfeður og eða ekklar ekki notið til jafns við konur þess orlofs sem lögin kveða á um. „Ljóst má því telja að lög um orlof húsmæðra brjóta gegn lögum um jafna stöðu karla og kvenna og grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar," segir í rökstuðningi bæjarráðs.

Elliði segir að menning og hefð sé í kringum þessar greiðslur en það sé ekki nóg til að fá þær. „Upphaflega kemur þetta frá kvennafundi bæjarstjórnar sem var haldinn árið 2008.




Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastjóri Kvenfélagasambands Íslands, segir sveitarfélög áður hafa látið reyna á þetta, án árangurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Ef við förum eftir lögum um orlof húsmæðra þá erum við klárlega að brjóta jafnréttislög, hið minnsta.**
>
> Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum



Mér myndi finnast slæmt ef bæjarráð dagsins í dag, sem eingöngu er skipað karlmönnum, myndi ganga gegn þessari ákvörðun. Þetta er umdeilt eins og svo mörg mannanna verk."

Hildur Helga segir að Vestmannaeyjabæ sé skylt að greiða orlofið. „Þeir geta ekki sparað þessar krónur frekar en að greiða önnur lögbundin gjöld. Þetta er klárlega brot á lögum. Kvenfélög hafa farið innheimtuleiðina og alltaf unnið þau. Þetta er sorglegt mál því kvenfélagið þar er stór hluti af samfélaginu þarna."

benediktboas@365.is

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.



KAINDL

40% afsláttur

ÚTSALA / ÚTSALA

**1.373 kr/m²**

~~2.289~~ kr/m²

**Harðparket - Austurísk gæði**
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071

## PARKET ÚTSALA

20-40% afsláttur af ÖLLU parketi

JOTUN

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

3 ltr

**Lady Pure Color 3 ltr.**
**Mött veggmálning.**
7122045-48

**6.297 kr**

~~8.995~~ kr

30% afsláttur




**Algjörlega mött innimálning**
Með Lady Pure Color næst einstök litaupplifun.

ÚTSALA

25% afsláttur

EUROHOME enjoy living

ÚTSALA / ÚTSALA

**1.492 kr/m²**

~~1.990~~ kr/m²

**Harðparket - Þýsk gæði**
Eik, ljós, 3ja stafa, 8 mm.
147100

ÚTSALA

28% afsláttur

BARLINEK

ÚTSALA / ÚTSALA

**2.995 kr/m²**

~~4.190~~ kr/m²

**Viðarparket**
Eik, rústik, 3ja (3,2 mm spónn).
146899

ÚTSALA

25% afsláttur

EGGER

ÚTSALA / ÚTSALA

**1.568 kr/m²**

~~2.090~~ kr/m²

**Harðparket - Þýsk gæði**
Eikarplanki, ljós, 8 mm.
146978

ÚTSALA

25% afsláttur

KAINDL

ÚTSALA / ÚTSALA

**1.867 kr/m²**

~~2.490~~ kr/m²

**Harðparket - Austurísk gæði**
Eik, hvíttuð, 8 mm, fasað.
147058



Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux

ÞÚ SPARAR: 16.910 kr

**Þvottavél** FW30L7120
7 kg, 1200 sn. Orkunýting A+++.
1805690

**59.990 kr**

~~76.900~~



Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**Þurrkari** EDE 1072 PDW
Með barka, 7 kg, með rakaskynjara.
1805643

**47.990 kr**

~~59.990~~

RUST-OLEUM®

20% afsláttur




SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**4.580 kr**

~~5.729~~ kr
7171135

Stöðvar leka á þökum.

Stöðvar leka á erfiðum stöðum.

Stöðvar leka í þakrennum.

## Lekur hjá þér?

Byltingarkennd lausn sem stöðvar leka strax. Má nota í bleytu og hentar vel til að stöðva leka í þakefni, þakrennum og í kringum erfiða staði t.d. reykháfa, loftinntök og fleira.

# Miðaldra ríkir karlmenn tala mest í símann undir stýri

**SAMGÖNGUR** Ómögulegt er að segja til um hversu mörg tjón verða á hverju ári vegna símanotkunar ökumanna. Langflestir ökumenn neita því nefnilega staðfastlega að hafa verið með símann uppi ef slys ber að höndum.

Lögreglan, tryggingafélög og Samgöngustofa geta ekki sett nákvæma tölu á slys sem tengjast símanotkun því margir neiti því að hafa verið að gera eitthvað í símanum. Þó er ljóst að mjög margir nota símann á meðan ekið er og oft er síminn orsakavaldurinn, þó það sé erfitt að sanna það.

Sigurjón Andrésson, markaðsstjóri Sjóvár, segir að fyrirtækið hafi verið að skoða málið. „Við höfum ekki beinar tjóna- eða slysatölur en sýnileg notkun hefur aukist – það er á hreinu,“ segir hann.

Samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir Sjóvá komi fram að yfir 30 prósent ökumanna senda skilaboð undir stýri en yfir 90% telja það vera mjög hættulegt. Sumir halda að það séu yngstu ökumennirnir sem nota símana mest, en samkvæmt okkar könnun er það ekki endilega þannig. Þeir sem hringja og svara í síma oftast í umferðinni eru karlar á aldrinum 35-44 ára sem hafa góðar tekjur.“

Sigurjón segir að Sjóvá hafi lengi verið að vekja athygli á hættunni sem felst í því að nota símann á einn eða annan hátt undir stýri. „Við verðum að taka okkur á. Að taka ákvörðun um að nota ekki símana þegar við erum að keyra. Langoftast erum við ekki nema nokkrar mínútur í bílnum í einu. Hvað er svo áríðandi í símanum sem réttlætir svo stórkostlega áhættu að stofna lífi og limum annarra í hættu? Hvaða rétt höfum við á því?“ spyr hann.

**benediktboas@365.is**

**Það er munur á því sem við gerum og því sem við vitum að er hættulegt. Yfir 30% senda skilaboð undir stýri en yfir 90% telja það vera hættulegt. Sem sagt, við hegðum okkur þvert gegn betri vitund og skynsemi.**



Sigurjón Andrésson, markaðsstjóri Sjóvár



**Sjóvá segir ökumenn 23 sinnum líklegri til að lenda í slysi sé síminn notaður undir stýri.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Miklu af laxi var sleppt í sumar enda stórlax algengur.** MYND/GVA

## Laxveiði yfir meðallagi

**VEIÐI** Bráðabirgðatölur Hafrannsóknastofnunar yfir stangveiði í sumar sýna að alls veiddust um 53.600 laxar. Í heild var fjöldi stangveiddra laxa um 27 prósent yfir langtímameðaltali áranna 1974-2015 sem er 42.137 laxar. Veiðin 2016 var um 18.100 löxum minni en hún var 2015, þegar 71.708 laxar veiddust á stöng.

Samdráttur var í laxveiði í öllum landshlutum nema á Suðurlandi þar sem hún var svipuð og 2015. Skýrist það af svipaðri veiði í hafbeitarám og vegna aukinnar laxveiði í vatnasvæði Þjórsár.

Í kjölfar ágætrar veiði á smálaxi sumarið 2015 komu stórar göngur af stórlaxi með tveggja ára sjávardvöl í sumar enda var um sama gönguseiðaárgang að ræða. Smálaxagöngur voru frekar rýrar. **– shá**

27%

**fleiri laxar veiddust á stöng í sumar en að meðaltali árin 1974 til 2015.**

**LEIÐRÉTTING**

*Rangt var farið með ártal á menningarsíðu Fréttablaðsins í gær. Mannskaðaveðrið sem heimildarmyndin Brotið fjallar um var í apríl 1963 en ekki 1964.*

# Vonast eftir loðnuvertíð í vor

Útflutningsverðmæti loðnu hleypur á tugum milljarða hvert ár. Aldrei hefur mælst jafnlítið af ungloðnu. Verði farið eftir tillögum Hafró um loðnuveiðibann mun það koma verst við uppsjávarútgerðir.

Þorgeir Helgason
thorgeirh@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta kom okkur í sjálfu sér ekki á óvart miðað við fyrri mælingar og fréttir. Þetta eru bara sveiflurnar sem við þurfum að lifa við í þessum bransa. Menn halda í þá von að mæling í janúar muni gefa af sér smá vertíð en við göngum ekki að neinu vísu. Það eru ekki alltaf jól í sjávarútveginum,“ segir Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja, um ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar og Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Í skýrslu þeirra er lagt til að engin loðna verði veidd á þessu ári.

Ísfélag Vestmannaeyja er ein atkvæðamesta útgerðin þegar kemur að loðnuveiðum. Á síðustu vertíð veiddi útgerðin rúm tólf þúsund tonn af loðnu og ljóst er að takmörkunin á loðnuveiðum setur stórt strik í reikning útgerðarinnar.

„Þetta kemur verst við þau fyrirtæki sem eru í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og sýnir enn á ný hvers háttar áhættu sjávarútvegurinn býr við og getur illa varið sig gegn,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Útflutningsverðmæti loðnu hefur verið að meðaltali rúmir tuttugu milljarðar á ári síðustu átján árin. Síðasta djúpa dýfa í loðnuveiðum varð á vertíðinni 2008 til 2009 en þá var ekkert upphafsaflamark á loðnu gefið. Í febrúar 2009 fékkst kvóti fyrir fimmtán þúsund tonnum og var útflutningsverðmætið það ár því um fjórir milljarðar samkvæmt gögnum frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi.

„Þetta er lægsta mæling sem við höfum séð á ungloðnu síðan við breyttum mælingaraðferðum árið 2010,“ segir Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun. Þorsteinn segir samhengi vera á milli þessara ráðlegginga og mælinga á ungloðnunni í fyrra, en eins og í ár þá mældist hún líka mjög lítil þá.

Bergmálsmælingar á stærð loðnustofnsins fóru fram á rannsóknaskipunum Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni dagana 9. september til 5. október síðastliðinn. Magn ungloðnu var víðast hvar mjög lítið, en hún verður að hrygningar- og veiðistofninum á vertíðinni 2017 til 2018. Einungis mældust 88 þúsund tonn af henni eða um níu milljarðar fiska og bendir það til að 2015-árgangurinn sé mjög lítill. Samkvæmt aflareglu þarf fjöldi fiska að vera yfir 50 milljörðum til að hægt sé að mæla með upphafsaflamarki fyrir vertíðina 2017/2018.

Ákvörðunin verður endurskoðuð í byrjun nýs árs þegar veiðistofninn verður mældur á ný.




**Menn halda í þá von að mæling í janúar muni gefa af sér smá vertíð en við göngum ekki að neinu vísu.**

Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja

### Loðnustaðreyndir

- Loðnan prýðir tíu króna myntina.
- Loðnan er að meðaltali 12 til 20 grömm að þyngd.
- Í fyrra veiddu Íslendingar um það bil 21 til 35 milljarða loðna.
- Loðnan getur orðið allt að 25 sentimetra löng.

**Þetta kemur verst við þau fyrirtæki sem eru í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski.**

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi





# Útsala

## 20-90% afsláttur

Seljum einnig eldri sýnishorn og lítið útlitsgölluð húsgögn á ótrúlegu verði.

## Skrifborðsstólar



**Taktik** skrifborðsstóll

**Útsöluverð 39.900 kr.**

Verðlistaverð 59.900 kr.



**Flexikit** skrifborðsstóll

**Útsöluverð 64.900 kr.**

Verðlistaverð 99.900 kr.



**Dealer** skrifborðsstóll

**Útsöluverð 22.900 kr.**

Verðlistaverð 29.900 kr.

## Eames stólar



**DSW**

**Útsöluverð 39.900 kr.**

Verðlistaverð 67.900 kr.



**DAW**

**Útsöluverð 49.900 kr.**

Verðlistaverð 87.900 kr.



**DAR**

**Útsöluverð 39.900 kr.**

Verðlistaverð 59.900 kr.



**DAW**

**Útsöluverð 49.900 kr.**

Verðlistaverð 87.900 kr.

Eldri gerð fóta (2 cm lægri) – litaúrval eins og á mynd.

## Skápar



**Jive** skápar margar stærðir með eða án hurða

**Útsöluverð frá 9.900 kr.**

## Skrifborð



**Rafhækkanleg** skrifborð

**Útsöluverð 99.800 kr.**

Útsalan stendur aðeins yfir í nokkra daga.

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18 og
kl. 11-16 næsta laugardag

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

ÍSLENSKA/SÍA PEN 81715 10.16







# Stöð 2 hellir sér í samkeppni við Netflix

**VIÐSKIPTI** Í dag mun 365 setja á markað nýja vöru, Stöð 2 Maraþon NOW. Stöð 2 Maraþon NOW er streymisveita sem gerir fólki kleift að horfa á allt uppáhaldssjónvarpsefnið sitt, hvar og hvenær sem er; í snjallsímanum, spjaldtölvum, Apple TV og vefspilara.

Stöð 2 Maraþon NOW býður meðal annars upp á gríðarlegt magn af íslensku efni sem hefur verið framleitt af Stöð 2 í gegnum árin, talsett barnaefni, gæðasjónvarpsefni frá HBO, og stórt kvikmyndasafn. Bætt verður við safnið daglega. Allt efnið verður hægt að fá á aðeins 2.990 kr. á mánuði.

Meginmunurinn á Stöð 2 Maraþoni NOW og Netflix liggur í því að 365 borgar skatta og stefgjöld á Íslandi, allt barnaefni er talsett og sjónvarpsefni HBO er einungis í boði á Stöð 2 Maraþoni NOW.

Hægt verður að prófa þjónustuna frítt í þrjá daga.

Allt efni og nýjungar sem 365 kynna verða sjálfkrafa aðgengilegar fyrir viðskiptavini í öllum áskriftarleiðum. Hægt er að horfa á sjónvarpsefni yfir öpp í símum (iOS og Android), vef og þar með öllum hefðbundnum tölvum, Apple TV og nú yfir vef. Þetta fylgir án viðbótarkostnaðar öllum áskriftarleiðum.

Stöð 2 Maraþon NOW er aðgengileg á myndlyklum Símans en ekki myndlyklum Vodafone. Úrval efnis er þó mun meira í Apple TV, appi fyrir síma/spjaldtölvu og vefspilara. – sg

# Skatttekjur af túristum ætlaðar 445 milljarðar

**Samtök ferðaþjónustunnar búast við því að ríkissjóður fái 445 milljarða króna í skatta og gjöld af erlendum ferðamönnum á næsta kjörtímabili. Áætlunin byggir á spá um fimmtungs fjölgun ferðamanna á ári á tímabilinu.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) áætla að ríkissjóður fái 445 milljarða króna í skatta og gjöld af erlendum ferðamönnum á næsta kjörtímabili. Áætlunin byggir á spá um að ferðamönnum fjölgi um átján til tuttugu prósent á ári á næstu fjórum árum. Þetta var kynnt á fundi sem SAF efndi til með fulltrúum stjórnmálaflokka í Mosfellsbæ í vikunni.

Miðað við þessa spá verða heildargjaldeyristekjur af komu ferðamanna um það bil 2.700 milljarðar króna á kjörtímabilinu. Setti Grímur Sæmundsen, formaður SAF, upphæðina í samhengi við það að á þessu ári sé verg landsframleiðsla Íslands áætluð 2.400 milljarðar.

„Við höfum verið að kynna þetta stórkostlega tækifæri sem við sem þjóð stöndum frammi fyrir. Við höfum verið að benda á það í því samhengi að til þess að þetta geti orðið að veruleika þurfi að fjárfesta með sértækum hætti fyrir þarfir ferðaþjónustunnar fyrir um átta milljarða króna á ári á sama tímabili,“ segir Grímur.

Hann segir að til þess að ríkissjóður fái umrædda 445 milljarða þurfi ríkið að fjárfesta fyrir 32 milljarða á sama tíma, eða um sjö prósent.

SAF fundar nú víðs vegar um land með frambjóðendum og segir Grímur umræðurnar á fyrsta fundinum hafa verið uppbyggilegar. Þar voru mættir fulltrúar þeirra flokka sem myndu ná mönnum á þing samkvæmt skoðanakönnunum.

„Það var mjög jákvæð umræða og mér fannst frambjóðendur sýna málefnum greinarinnar áhuga og kannski meiri skilning en við höfum talið okkur upplifa af hálfu stjórnmálanna almennt til þessa,“ segir Grímur. Hann segir frambjóðendur þó ekki hafa verið að lofa neinu í þessum málum enda snúist málið ekki um það heldur „að menn geri sér grein fyrir þessum tækifærum sem við stöndum frammi fyrir hvað varðar frekari vöxt og uppbyggingu ferðaþjónustunnar“.

SAF telur úrlausnarefnin hafa komið fram í Vegvísi að ferðaþjónustu sem kom út í fyrra. Þau verkefni sem þurfi að ráðast í snúi að bættri upplýsingagjöf, öryggi ferðamanna, áhættustýringu, náttúruvernd og uppbyggingu áfangastaða auk annars.

thorgnyr@frettabladid.is



Fjölmargir þeirra ferðamanna sem koma til Íslands skoða Þingvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Til þess að þetta geti orðið að veruleika þarf að fjárfesta með sértækum hætti fyrir þarfir ferðaþjónustunnar fyrir um átta milljarða króna á ári á sama tímabili.
>
> Grímur Sæmundsen, formaður SAF





Markmið íslenskra stjórnvalda var að verða ekki dregið fyrir EFTA-dómstólinn vegna innleiðingarhalla tilskipana.

## Ísland virðir dóm EFTA að vettugi

**UTANRÍKISMÁL** Ísland hefur virt dóm EFTA-dómstólsins frá því í desember að vettugi um innleiðingu tilskipunar um sjóflutninga og gæti verið dregið fyrir dóm í annað sinn vegna sömu tilskipunar. Tilskipuninni er ætlað að greiða fyrir sjóflutningum með því að einfalda og samræma form við skýrslugjöf skipafélaga.

Íslandi bar að innleiða tilskipunina í maí árið 2014 eða fyrir tveimur og hálfu ári. Stjórnvöld boðuðu fyrr á kjörtímabilinu að gangskör yrði gerð í því að hraða innleiðingu EES-tilskipana. – sa

# Dræm þátttaka í kosningu Sjómannasambandsins

**VINNUMARKAÐUR** Aðeins rúmlega fjórir af hverjum tíu félögum innan Sjómannasambands Íslands höfðu kosið í gær í atkvæðagreiðslu um ótímabundið verkfall sjómanna. Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins, segir mikilvægt að sem allra flestir nýti sér atkvæðisrétt sinn.

„Það er mismunandi hvernig félögin innan okkar raða hafa kosið. Þetta er allt frá 20 prósenta kjörsókn upp í um 70 prósent. Hins vegar eru stærri félögin sem hafa verið kannski örlítið rólegri og því draga þau heildina aðeins niður,“ segir Valmundur og vonast eftir að sem flestir kjósi með verkfalli.

„Um áramótin erum við búnir að vera með lausan samning í sex ár og erum komin á þann stað að við getum ekki samið um launin. Því teljum við mikilvægt að boða til verkfalls.“

Kosið verður til hádegis á mánudag og munu úrslit í kjörinu verða ljós fljótlega upp úr hádegi samdægurs. Verði verkfall samþykkt mun flotinn leggjast við bryggju þann 10. nóvember næstkomandi.

Sömu sögu má segja um Sjómannafélag Íslands, en þar hafði kjörsókn verið undir 40 prósentum í gær.

Samningar náðust milli stjórnar sjómannafélaganna og SFS á árinu en þeim var hafnað í kosningu félagsmanna. Haldinn var einn fundur milli aðila eftir það sem bar ekki árangur og því boðað til atkvæðagreiðslu um verkfall. – sa

> Það er mismunandi hvernig félögin innan okkar raða hafa kosið. Þetta er allt frá 20 prósenta kjörsókn upp í um 70 prósent.
>
> Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands




F&F
HAUSTÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
Kringlan, Skeifan, Spöng,
Garðabær, Borgarnes,
Njarðvík, Selfoss og Akureyri

LYFJA – Lífið heil

Fyrir þig í Lyfju

lyfja.is

20% afsláttur




Decubal fyrir húðina! Afsláttur af völdum Decubal vörum út október.

## Suddaveður í Hafnarfirði



Svo mikið rigndi í Hafnarfirði í gær að vatn flæddi upp úr þessu holræsi. Votviðrið var þó ekki einungis bundið við suðvesturhornið heldur rigndi hressilega allt frá Vestfjörðum til Austfjarða. Veðurstofa varar við vexti í ám á Suðurlandi til miðnættis í kvöld og þá er búist við stormi á Vesturlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




**Ráðstefna á vegum lagadeildar Háskólans í Reykjavík 14. október kl. 12:15-13:30 í stofu M103 (dómsal)**

Á ráðstefnunni verður fjallað um hvernig Brexit man eða getur haft áhrif á ágreiningsmál á milli landamæra. Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu gæti haft mikil áhrif á sambandið og samvinnu ríkja innan Evrópu, auk þess að hafa áhrif fyrir Ísland.

**DAGSKRÁ:**

**Ávarp**
Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra.

**Brexit og ágreiningsmál milli landamæra**
Dr. Geert van Calster, prófessor í lögum við KU í Leuven í Belgíu.

**Brexit frá sjónarhóli EES**
Dóra Sif Tynes, hdl. og fyrrv. forstöðumaður lagaskrifstofu EFTA.

Fundarstjóri er dr. Gunnar Þór Pétursson, dósent við lagadeild HR.

Aðgangur er ókeypis. Ráðstefnan er öllum opin og fer fram á ensku.
Nánari upplýsingar er að finna á **ru.is**

# Metur arðsemi ofar frjálsri samkeppni

**Fimm af sjö fylgishæstu flokkunum í framboði vilja nota fiskmarkaðsverð sem skiptaverð bolfisksafla. Ríkisstjórnarflokkarnir eru því mótfallnir. Þetta kom fram á fundi Félags atvinnurekenda og SFÚ um samkeppnismál í sjávarútvegi.**

Kosningar 2016



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Fimm af þeim sjö flokkum sem njóta mests fylgis í aðdraganda alþingiskosninga vilja að markaðsverð verði notað sem skiptaverð alls bolfisksafla á Íslandi í stað viðmiðunarverðs Verðlagsstofu skiptaverðs sem er nokkru lægra. Þessu lýstu fulltrúar flokkanna Viðreisnar, Pírata, Bjartrar framtíðar, Samfylkingar og Vinstri grænna á fundi sem Félag atvinnurekenda (FA) og Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) héldu í gær.

Páll Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, og Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra og fulltrúi Framsóknarflokks, sögðust andvígir þeirri hugmynd. Sigurður Ingi sagði það ekki hlutverk ríkisins að grípa inn í kjaraviðræður sjómanna við útgerðir og Páll Magnússon sagði að svar sitt væri einfaldlega nei. Skiptaverð væri ákveðið í samningum útgerðar við sjómenn. Páll og Sigurður Ingi sögðu jafnframt að varlega ætti að fara í breytingar í átt að frjálsri samkeppni sökum þess hve arðbær sjávarútvegur er í núverandi ástandi.

„Píratar eru með samþykkta stefnu um að það sé alltaf markaðsverð á öllum fiski," sagði Alfa Eymarsdóttir, fulltrúi Pírata.

Benedikt Jóhannesson, fulltrúi Viðreisnar, tók í sama streng og sagði að taka ætti upp markaðstengt verð. Það gerðu Björn Valur Gíslason, fulltrúi Vinstri grænna, og Össur Skarphéðinsson, fulltrúi Samfylkingar, einnig. Björt Ólafsdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar, sagði flokkinn hafa mikinn áhuga á upptöku markaðsverðs sem skiptaverðs.

Í upphafi fundar hélt Ólafur Arnarson, starfsmaður stjórnar SFÚ, ræðu þar sem hann fór yfir áherslur FA og SFÚ í sjávarútvegsmálum og vandaði forsætisráðherra ekki kveðjurnar fyrir störf hans í sjávarútvegsráðuneytinu meginþorra kjörtímabils. Sagði Ólafur að þrátt fyrir að afurðir SFÚ skiluðu hæstu verði væru fyrirtækin neydd til að kaupa sínar afurðir á allt að helmingi hærra verði en vinnslur lóðrétt samþættra útgerða, það er fyrirtækja sem bæði veiða og verka.

Benti hann á að umræddar útgerðir hefðu á síðustu árum hafið að kaupa einnig fisk á fiskmarkaði, allt að helming alls þorsks, og skapað þannig skort. „Íslenskir fiskmarkaðir eru orðnir skortmarkaðir með himinháu verði," sagði Ólafur. Hann sagði Samkeppniseftirlitið ítrekað hafa bent ríkinu á nauðsynlegar umbætur í samkeppnisumhverfi sjávarútvegs og nefndi meðal annars álit eftirlitsins frá árinu 2012 þar sem þeim tilmælum var beint til sjávarútvegsráðherra að koma í veg fyrir samkeppnishindranir.

Ólafur sagði ríkisstjórnarflokkana jafnframt hafna markaðslausnum og heilbrigðri samkeppni. Sagði hann þá Sigurð Inga hafa svikið loforð sem hann gaf á sams konar fundi fyrir síðustu kosningar þar sem hann lýsti vilja sínum til að tryggja að stærri hluti afla færi á markað sem og að vinna að því að hrinda tilmælum Samkeppniseftirlitsins í framkvæmd.

Aðspurð um tilmæli Samkeppniseftirlitsins sögðust sömu fimm flokkar hlynntir því að hrinda þeim í framkvæmd. Ríkisstjórnarflokkarnir slógu hins vegar varnagla við því að hlíta tilmælum Samkeppniseftirlitsins og sagði Sigurður Ingi að ekki mætti gera breytingar sem kollvörpuðu kerfinu.

Það er ósanngjarnt að það sé tvöföld verðmyndun.



Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar

Ef við förum þá leið að taka upp markaðsverð sem skiptaverð myndi það leysa nánast öll þau vandamál sem eru tekin fyrir í áliti Samkeppniseftirlitsins.



Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar

Íslenskir fiskmarkaðir eru orðnir skortmarkaðir með himinháu verði.



Ólafur Arnarson, starfsmaður stjórnar SFÚ

Það er óeðlilegt að ákveðnar vinnslur njóti forgangs.



Alfa Eymarsdóttir, Pírati

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft




ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2" TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Ástand heimsins

1


2


3


**1.** Íbúar höfuðborgar Indlands, Nýju-Delhí, leita í ánni Yamuna að smápeningum og einhverju endurnýtanlegu úr fórnargjöfum og skreytingum sem notuð voru á hátíð gyðjunnar Durga. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Aldraður faðir syrgir son sinn við gröf hans í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Sonurinn lét lífið þegar vopnaðir menn gerðu árás á Karthe Sakhi-hofið á þriðjudaginn. Mennirnir myrtu þar að minnsta kosti 18 manns. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Frans páfi sýpur á mate, sem er suðuramerískt te úr grænum laufum, þegar hann kom til að ávarpa mannfjöldann á Péturstorginu í Róm. NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Fatlaður maður grætur þegar honum er hjálpað að komast til guðsþjónustu í Monróvíu, höfuðborg Líberíu, þar sem hann telur sig geta fengið lækningu með hjálp yfirnáttúrlegra máttarvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**5.** Tvær suðurkóreskar konur, klæddar í hanbokklæðnað að hefðbundnum hætti, taka sjálfsmynd við Gyeongbokgung-höllina í Seúl í Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

4


5





DEBENHAMS

*Haust-*
# ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI

ENN MEIRI LÆKKUN

ALLT AÐ
# 50%
AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

Fleiri vörur komnar á 50% afslátt!

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

# Tugir létust í loftárás á Aleppo

**Rússar boða nýja viðræður við Bandaríkin um vopnahlé í Sýrlandi. Breskir og franskir ráðamenn vilja draga Rússa fyrir stríðsglæpadómstól. Loftárásir voru gerðar á stærsta markaðinn í Aleppo í gær.**

**SÝRLAND** Rússar segja að um helgina verði gerð ný tilraun til að koma á vopnahléi í Sýrlandi með viðræðum við Bandaríkin. Utanríkisráðherrarnir Sergei Lavrov og John Kerry muni hittast í Sviss ásamt fulltrúum áhrifaríkja í nágrenni Sýrlands.

Loftárásir voru gerðar í gær á stærsta markaðinn á svæðum uppreisnarmanna í Aleppo. Þær kostuðu meira en tuttugu manns lífið.

Sólarhringinn á undan höfðu sprengjuárásir á svæði uppreisnarmanna í borginni kostað meira en 50 manns lífið, að því er fréttastofan Al Jazeera skýrði frá.

Eftir að stutt vopnahlé rann út í sandinn í síðasta mánuði hafa rússneskir og sýrlenskir hermenn linnulítið gert harðar árásir á hverfi uppreisnarmanna. Sýrlensk mannréttindasamtök segja þessar árásir hafa kostað hátt í 400 almenna borgara lífið.

François Hollande Frakklandsforseti sagðist í vikunni vilja draga Rússa fyrir Alþjóðasakadómstólinn í Haag, þar sem réttað yrði yfir þeim vegna stríðsglæpa.

Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands, hefur tekið undir það. Enginn vafi leiki á því að árásir á almenna borgara séu vísvitandi gerðar: „Það hafa svo oft verið gerðar árásir á sjúkrahús og af svo mikilli nákvæmni að það er erfitt að verjast þeirri ályktun að þetta hljóti að vera vísvituð stefna,“ sagði Johnson í breska þinginu á þriðjudag.

Johnson hvetur almenning til þess að mótmæla fyrir utan rússneska sendiráðið í London.

John Sawers, fyrrverandi yfirmaður bresku leyniþjónustunnar MI6, varar hins vegar við slíkum mótmælum. Hann segir í viðtali við BBC að spennan á milli Rússlands og Vesturlanda sé orðin það mikil, að það minni helst á kalda stríðið.

„Við erum að sigla inn í tímabil sem er jafn hættulegt, ef ekki hættulegra, en kalda stríðið vegna þess að það snýst ekki lengur sérstaklega um hernaðarsamskipti stjórnvalda í Washington og Moskvu,“ sagði Sawers.

Rússar saka síðan Boris Johnson um móðursýki og Rússahræðslu. Þetta sé stormur í glasi sem sé fullt af óhreinu Lundúnavatni.

Pútín segist sjálfur vilja góð samskipti við Bandaríkin: „Við höfum áhyggjur af versnandi samskiptum Rússlands og Bandaríkjanna, en það var ekki okkar val, við vildum það aldrei,“ er haft eftir honum á vef rússnesku fréttasíðunnar RT.

Hann kennir meðal annars kosningabaráttunni í Bandaríkjunum um: „Þeir hafa gert Rússland að forgangsmáli alla kosningabaráttuna. Allir eru að tala um Rússland.“ Það sé hvorki gott fyrir Bandaríkin, Rússland né heimsbyggðina alla.

gudsteinn@frettabladid.is


Íbúar í Aleppo stuttu eftir loftárás á Fardous-hverfið í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> **Við höfum áhyggjur af versnandi samskiptum Rússlands og Bandaríkjanna.**
>
> Vladimír Pútín, Rússlandsforseti

> **Það hafa svo oft verið gerðar árásir á sjúkrahús og af svo mikilli nákvæmni að það er erfitt að verjast þeirri ályktun að þetta hljóti að vera vísvituð stefna.**
>
> Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands




## Rússar í liði með Assad

Í lok september var liðið eitt ár frá því Rússar hófu beina aðild að borgarastríðinu í Sýrlandi með loftárásum til stuðnings Bashar al-Assad forseta.

Árásum Rússa hefur, rétt eins og hernaði sýrlenska stjórnarhersins, verið beint gegn uppreisnarmönnum almennt, ekki stríðsmönnum hryðjuverkasamtaka sérstaklega.

Árásir Rússa og sýrlenska stjórnarhersins hafa síðustu vikurnar kostað hundruð almennra borgara lífið og vakið hneykslun víða um heim.


Flokkur Jimmie Åkessons nýtur stuðnings um tvöfalt fleiri karla en kvenna. NORDICPHOTOS/AFP

## Fleiri karlar styðja SD

**SVÍÞJÓÐ** Tvöfalt fleiri karlar en konur styðja Svíþjóðardemókrata, SD, samkvæmt könnun greiningarfyrirtækisins Novus, eða 23,5 prósent á móti 11,9 prósentum. Almennt er lítill munur á stuðningi kynjanna við aðra flokka.

Í fréttatilkynningu frá greiningarfyrirtækinu sem sænskir fjölmiðlar birta segir að reyndar njóti Umhverfisflokkurinn talsvert meiri stuðnings kvenna en karla, eða 6,9 prósenta á móti 2,9 prósentum. – **ibs**

**23%**

**sænskra karla styðja Svíþjóðardemókrata.**

## Vilja þak á smálánin

**SVÍÞJÓÐ** Nefnd á vegum sænska ríkisins leggur til að kostnaðarþak verði sett á smálán og möguleikarnir á að lengja lánin verði takmarkaðir. Með kostnaðarþaki myndi lántakandinn aldrei skulda meira en 100 prósent af þeirri upphæð sem hann hefur tekið að láni.

Vonast er til að smálánafyrirtækin muni þá innheimta skuldirnar fyrr í stað þess að láta þær vaxa um langt skeið.

Í fyrra bárust krónufógeta erindi vegna 65 þúsunda einstaklinga sem ekki gátu greitt smálán sem þeir höfðu tekið, að því er segir í frétt sænska ríkissjónvarpsins. – **ibs**




Er kynjabilið meira á netinu?

→ Opinn femínískur fundur um jafnrétti í hinum stafræna heimi.
→ Föstudaginn, 14. október frá 8:30 til 10:00 á CenterHotel Plaza.

Allir velkomnir.

FRIEDRICH EBERT STIFTUNG SKN XS


## Taílandskonungur alvarlega veikur

**TAÍLAND** Bhumibol Aduljadei, hinn 88 ára gamli konungur Taílands, hefur verið alvarlega veikur undanfarið og eru Taílendingar farnir að búa sig undir dauða hans.

Hann hefur verið konungur síðan 1946, eða í heil sjötíu ár, lengur en nokkur annar núlifandi þjóðhöfðingi í veröldinni.

Fyrir nokkrum dögum var í fyrsta sinn skýrt frá því opinberlega að konungurinn hefði verið á sjúkrahúsi meira eða minna allt árið. Á laugardaginn þurfti hann að fara í blóðskilun vegna nýrnabilunar.

Upplýsingar frá konungshöllinni eru samt enn af skornum skammti þannig að hvorki almenningur né fjölmiðlar vita mikið um raunverulegt heilsufarsástand konungsins.

Konungurinn nýtur mikilla vinsælda í Taílandi og þar varðar hreinlega við lög að hallmæla honum. Hann hefur með vissum hætti tryggt stöðugleika í landinu alla sína löngu stjórnartíð þrátt fyrir tíðar byltingar og ólgu í stjórnmálum.

Arftaki hans verður sonur hans, krónprinsinn Maha Vajiralongkorn, sem er 64 ára gamall en nýtur engan veginn sömu vinsælda og faðir hans. Hann þykir frekar óútreiknanlegur.

Einhverjir vonast til þess að Bhumibol konungur hafi séð til þess að í stað krónprinsins muni Sirindhorn, dóttir konungsins og systir prinsins, taka við.

Sá núlifandi þjóðhöfðingi, sem kemst næst Bhumibol Taílandskonungi hvað varðar lengd valdatíma, er Elísabet Bretadrottning sem tók við völdum árið 1952. – **gb**


Konur bíða fyrir utan sjúkrahúsið þar sem Taílandskonungur er sagður berjast fyrir lífi sínu. NORDICPHOTOS/AFP




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM 13. – 19. OKTÓBER.

Helena Rubinstein frumkvöðull og sérfræðingur í möskurum fyrir kröfuharðar konur sem vilja aðeins það besta kynnir nýja LASH QUEEN WONDER BLACKS maskarann sem gefur þéttari og lengri augnhár í einni stroku, líka þau minnstu. Maskarinn örvar einnig hárvöxt með serumi og verða hárin lengri og þéttari eftir 4. vikuna notkun.

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HR VÖRUM




- **VIÐ MÆLUM MEÐ MAGIC CONCEALER HYLJARANUM** sem hylur vel og hefur þétta en létta áferð. Hann lýsir upp bauga og þreytumerki og losar um þrota umhverfis augu. Fínar línur verða síður sjáanlegar. Hann hentar vel til að hylja bauga, bólur, roða í húð, ör og húðlýti.
- **ALL MASCARAS** vinsæli mildi augnfarðahreinsirinn tekur af alla augnförðun, einnig vatnshelda. Hann skilur ekki eftir móðu á augunum og hentar einnig viðkvæmum augum og þeim sem nota linsur.

GLÆSILEGUR KAUPAUKI ÞEGAR ÞÚ KAUPIR 2 EÐA FLEIRI VÖRUR.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Við eigum afmæli og nú er veisla



DORMA

Láttu drauminn rætast




Þú finnur afmælisbæklinginn okkar á www.dorma.is



## OSLO rúmgafl

Rúmgafl fæst í stærðunum: 120, 140, 160, 180 cm. í mismundandi áklæði. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **31.920 kr.**

## HELSINKI rúmgafl

Rúmgafl fæst í svörtu PU leðri, hvítu og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**



Aðeins **31.920 kr.**



Nature's Bedding

## NATURE'S SURPREME heilsurúm

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²
- Vandaðar kantstyrkingar

Nature's Surpreme heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.

**Fullt verð: 164.900 kr.**

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðeins **129.900 kr.**

## PURE COMFORT

Fibersæng & fiberkoddi

PURE COMFORT **koddi**
Fullt verð: 3.900 kr.
**Aðeins kr. 1.900 kr.**

PURE COMFORT **sæng**
Fullt verð: 9.900 kr.
**Aðeins kr. 5.900 kr.**



**TVENNU-TILBOÐ**

**Sæng + koddi**

Aðeins **7.800 kr.**

## NATURE'S REST heilsurúm

Nature's Rest heilsudýna með botni.
Stærð: 160x200 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Nature's Bedding

Aðeins **79.920 kr.**



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**AFMÆLIS-TILBOÐ**

## Dorma líka á Zzzmáratorgi

Þú finnur Dormaverslanir á fjórum stöðum – Holtagörðum, Akureyri, Ísafirði og nú á Smáratorgi..

**Sama verð á öllum stöðum.**





63% AFSLÁTTUR

## Gozzano
svefnsófi

Einlitur ljós- eða dökkgrár og dökkgrár með ljósgrárri yfirdýnu.
Breidd: 195 cm. Dýpt: 110 cm. Hæð: 91,5 cm.

**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **29.900 kr.**

## ILMUR OKTÓBERMÁNAÐAR




Ilmur mánaðarins 25% AFSLÁTTUR

Ilmur októbermánaðar „Sicilian Lemon" fæst í nokkrum stærðum og útfærslum.

**Verðdæmi: Millistórt kerti í glerkrukku.**

**Fullt verð: 4.490 kr.**

Aðeins **3.367 kr.**

## Einstök þrýstijöfnun
fyrir dýpri og betri svefn

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

## SHAPE
heilsurúm með botni

| Stærð cm. | Fullt verð | Afmælistilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 92.900 | **74.320 kr.** |
| 90x200 | 98.900 | **79.120 kr.** |
| 100x200 | 104.900 | **83.920 kr.** |
| 120x200 | 125.900 | **100.720 kr.** |
| 140x200 | 149.900 | **119.920 kr.** |
| 160x200 | 167.900 | **134.320 kr.** |
| 180x200 | 184.900 | **129.430 kr.** |

Endurnýjanleg hráefni
Memory foam
Bambus trefjar
Aloe Vera
Open cell structure

**Shape heilsurúm**
- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engir rykmaurar
- 5 ára ábyrgð!
- Ofnæmisprófuð
- Burstaðir stálfætur

## AFMÆLISTILBOÐ



Aukahlutur á mynd: Skemill

27% AFSLÁTTUR

## MEGA tungusófi




Grátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 219.900 kr.**

Aðeins **159.900 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## MEGA opinn hornsófi




Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 239.900 kr.**

Aðeins **179.900 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Handleiðslu stjórnvalda sárlega saknað

**Kallað er úr öllum áttum eftir heildstæðri stefnumótun stjórnvalda um uppbyggingu vegna sprengingar í ferðaþjónustu. Bjartsýnustu sem svartsýnustu spár krefjast aðgerða og milljarða fjárfestinga. Möguleikar á uppbyggingu á flugvallarsvæðinu eru vanmetnir.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Það er ekki ofsagt að allar tölur er varða þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi á síðastliðnum árum og spár um framhaldið eru eins og í lygasögu. Það sama á svo sannarlega við um þróun farþegafjölda á Keflavíkurflugvelli á sama tíma og allar spár til næstu ára og áratuga. Verkefnið framundan – að mæta þeim áskorunum sem tölurnar taka til – er risavaxið. Gagnrýnisraddir eru háværar um aðkomu stjórnvalda og spurt hvernig í ósköpunum það megi vera að fjölgun ferðamanna og þarfir ferðaþjónustunnar séu ekki meira áberandi í pólitískri umræðu í aðdraganda kosninga.

**Stefnir í 20 milljónir farþega**

Þetta er meðal þess sem kom fram í erindum – og á göngum hótels Nordica – á fundi Isavia um áhrif uppbyggingar Keflavíkurflugvallar í gær.

Það liggur fyrir að fjölgun ferðalanga sem fara um Keflavíkurflugvöll og ferðamanna sem hér dvelja í lengri eða skemmri tíma er fordæmalaus. Um 6,7 milljónir farþega fara um völlinn á þessu ári og búist er við öðrum þremur milljónum til viðbótar á því næsta. Framtíðarsýnin gerir ráð fyrir 20 milljónum farþega árið 2040 – og þá eru taldir tveir aðskildir hópar; þeir sem eru að koma og fara og hinir sem eru á leið yfir hafið og koma við í Keflavík á leiðinni annað. Mikilvægi Keflavíkurflugvallar verður seint ofmetið þar sem hann er gáttin inn í landið og stærsti hlekkurinn í langri keðju innviða ferðaþjónustunnar.

Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia, tiplaði á þessum tölulegu staðreyndum en sagði jafnframt að ekki dygði að horfa bara á flugvöllinn sem hlið inn í landið – hann væri svo miklu meira en það og mikilvægi hans jafnvel vanmetið. Því sé gríðarlega mikilvægt að vanda til verka þegar kemur að nauðsynlegri stækkun flugvallarins.

**Segull**

„Flugvellir eru ekki lengur bara staðir þar sem fólk kemur og fer, heldur vaxtarsvæði fyrirtækja sem njóta góðs af nálægðinni við völlinn. Skýr stefna í þessa átt getur skilað auknum vöru- og þjónustuviðskiptum, laðað til landsins erlendar fjárfestingar, fjölgað verðmætum störfum og aukið hagsæld íbúa landsins alls,“ sagði Elín og hnykkti á samhenginu að Keflavíkurflugvöllur er samgöngumiðstöð á milli heimsálfa og þá fyrst og síðast Evrópu og Norður-Ameríku. Því geti svæðið verið segull fyrir hvers konar starfsemi sem skapar verðmæti fyrir samfélagið, og því séu þær tengingar sem flugvöllurinn veitir gríðarlega mikilvægar. Ekki síst eigi það við um möguleika íslenskra fyrirtækja til að stunda viðskipti og afla sér alþjóðlegrar þekkingar.

**Varnagli**

En hér sló Elín varnagla. Þessi þróun geti ekki átt sér stað í tómarúmi heldur verði nær allt annað í samfélaginu að ganga í takt. Tækifærin séu sannarlega fyrir hendi en hvernig viljum við nýta þau til vaxtar fyrir samfélag okkar?



Um Keflavíkurflugvöll fara rúmlega sex milljónir farþega á þessu ári og búist er við níu milljónum á því næsta. MYND/ISAVIA

> Ljóst þykir að vöntun er á heildstæðri stefnu sem tekur meðal annars á framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu, flugrekstrar og þeim innviðum sem byggja þarf upp til að sú sýn nái fram að ganga.
>
> Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia



Þeirri spurningu verður að svara, sagði Elín. „Uppbygging þarf að vera sjálfbær og í takti við stefnumótun stjórnvalda. Uppbygging þarf að fylgja aðgerðaáætlun um hvernig taka skal á móti þeim farþegum sem koma til landsins,“ sagði hún. Samfélagið þurfi því að svara áleitnum spurningum og einþeirra sé hvar þolmörk greinarinnar liggi. Hvað með aðgang að vinnuafli, samgöngur, löggæslu, heilbrigðisþjónustu og gæði og fjölbreytileika afþreyingar, álag á náttúruna eða samfélagsleg áhrif í stærra samhengi?

„Ljóst þykir að vöntun er á heildstæðri stefnu sem tekur meðal annars á framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu, flugrekstrar og þeim innviðum sem byggja þarf upp til að sú sýn nái fram að ganga,“ sagði Elín því hvort sem væri litið til bjartsýnustu spár um fjölgun farþega eða þeirrar svartsýnustu þá væri ekki valkostur að sitja auðum höndum. Bregðast verði við.

**Flöskuhálsinn**

Ekki er liðin vika síðan þessi mál voru til umræðu á öðrum vettvangi – ráðstefnu Íslenska sjávarklasans undir heitinu Flutningalandið Ísland. Þar komu fram sjónarmið um stöðu mála frá hinni hliðinni þegar Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, sagði frá því hvernig hann sér stöðuna. Samantekið lítur það svona út: Vöntun á framsýni og skilningsleysi stjórnvalda á þróun ferðaþjónustu á Íslandi hefur verið dragbítur á nauðsynlega uppbygginguna. Stefnumörkun til lengri tíma og framkvæmdir verða að koma til. Stærsti flöskuhálsinn er Keflavíkurflugvöllur sem er löngu sprunginn, og á sama tíma og útflutningstekjur af ferðaþjónustu eru 500 milljarðar er rifist um smáaura við einstakar framkvæmdir.

„Árið 2018 og árin þar á eftir erum við að lenda á vegg mjög víða, og það verður ekki leyst nema að það verði allsherjar viðhorfs- og stefnubreyting. Sem hefst hjá stjórnvöldum,“ sagði Skúli.

**Spilaborgin**

Í lok ráðstefnunnar í gær var gestum og gangandi boðið að taka til máls – fyrstur til að nýta sér það var Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu og fyrrverandi stjórnarformaður Isavia, sem setti málið í það samhengi að Keflavíkurflugvöllur væri aðeins ein tönn á risastóru hjóli. Hann vildi koma því á framfæri að starfsemin hér er öll byggð á alþjóðlegum lögum og reglum sem flugrekstraraðilar hér þurfa að lúta – heima sem erlendis undir ströngu eftirliti.

„Nýlega var fjárveitingavaldið loksins að smella 100 milljónum til að sjá til þess að landamæraeftirlit stöðvaðist ekki,“ sagði Þórólfur og var sýnilega ofboðið. Hann sagði „fjárveitingavaldið fylgir ekki með þessari þróun“, og vildi hafa uppi þau varnaðarorð til stjórnvalda „að allt getur þetta fallið eins og spilaborg“ ef ekki er tryggt að eftirlitsaðilar hafi mannafla og vigt til að sinna sínu hlutverki.

## Umsvifin á Keflavíkurflugvelli í tölum

**415 ný störf** verða til á Keflavíkurflugvelli á hverju ári að meðaltali allt tímabilið 2018 til 2040, miðað við farþegafjöldaspá Isavia.

**40%** þessara starfa tengjast íslenskum flugfélögum beint en önnur störf eru bein þjónustustörf á flugvellinum.

**1.300** ný störf verða til í ár og um **1.100 árið 2017.**




**7.500** manns munu starfa á Keflavíkurflugvelli árið 2018 sem verður þá fjölmennasti vinnustaður landsins. Starfsmenn verða rúmlega **16.000 árið 2040** gangi spár eftir.

**37%** **fjölgun** farþega árið 2016 frá fyrra ári.

**25** flugfélög flugu til Keflavíkur þegar mest var í sumar. Árið 2010 var þessi fjöldi **11 flugfélög.**

**364 milljarða** gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu árið 2015. Spáð er **620 milljarða** tekjum 2020 og **1.000 milljörðum** 2030.

**6,7 milljónir** farþega fara um Keflavíkurflugvöll í ár. Þeir verða **9 milljónir** á næsta ári, gangi spár eftir.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# HERTZBÍLAR Á BETRA VERÐI HEILSÁRSDEKK Í SKOTTINU

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

UB



Toyota Auris h/b Live
Bensín beinsk.
Á götuna 6.14 Ekinn 69.000 km.
Verð 2.430.000,- Rn. 450239
Betra verð 2.090.000,-

UB



Toyota Yaris h/b Live
Bensín Beinsk.
Á götuna 6.15 Ekinn 54.000 km.
Verð 2.050.000,- Rn.450240
Betra verð 1.790.000,-

UB



Toyota Landcruiser 150 GX
Dísil Sjálsk. Aukasæti
Á götuna 5.15 Ekinn 75.000 km.
Verð 8.590.000,- Rn. 144040
Betra verð 8.070.000,-

UB



Toyota Auris h/b Active
Dísel Beinsk.
Á götuna 2.14 Ekinn 72.000 km.
Verð 2.640.000,- Rn. 440334
Betra verð 2.290.000,-

UB



Toyota Rav4 GX Plus
Bensín Sjálsk.
Á götuna 5.15 Ekinn 75.000 km.
Verð 4.550.000,- Rn. 450259.
Betra verð 4.190.000,-

UB



Toyota Auris w/g Live
Dísel Beinsk.
Á götuna 5.15 Ekinn 43.000 km.
Verð 2.900.000,- Rn. 450249
Betra verð 2.590.000,-

UB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel Sjálfsk. Sóllúga
Á götuna 1.15 Ekinn 66.000 km.
Verð 9.590.000,- Rn. 440203
Betra verð 9.250.000,-

UB



Toyota Auris Live
Bensín Beinsk.
Á götuna 5.12 Ekinn 117.000 km.
Verð 1.990.000,- Rn. 380355
Betra verð 1.590.000,-

UB



Toyota Rav4 GX Plus
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 5.15 Ekinn 58.000 km.
Verð 4.630.000,- Rn. 450252
Betra verð 4.290.000,-

UB



Toyota Avensis w/g Active
Bensín Sjálsk.
Á götuna 5.14 Ekinn 78.000 km.
Verð 3.480.000,- Rn. 450243
Betra verð 3.190.000,-

UB



Toyota Avensis w/g Active
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 4.15 Ekinn 34.000 km.
Verð 3.950.000,- Rn. 450210
Betra verð 3.590.000,-

UB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel Sjálfsk. Sóllúga
Á götuna 6.14 Ekinn 90.000 km.
Verð 9.190.000,- Rn. 182669
Betra verð 8.390.000,-

## HEILSÁRSDEKK FYLGJA ÖLLUM HERTZBÍLUM

Fjöldi frábærra Hertzbíla á betra verði auk þess sem nýr gangur af heilsársdekkjum fylgir öllum seldum Hertzbílum.

Umboðssölubílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

Hertz®

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis

### Svona skiptist fylgið milli flokka




### Skipting þingsæta







# Fjórflokkarnir með helming fylgisins

**Píratar og Sjálfstæðisflokkurinn gætu myndað mjög nauman meirihluta með 32 þingmönnum. Prófessor í stjórnmálafræði segir athyglisvert hve vel Píratar halda fylgi sínu og að Viðreisn nái ekki meira flugi. Fjórflokkurinn er einungis með tæplega 54 prósenta fylgi.**

Kosningar 2016
Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is





Það blasir ekki við hvernig stjórn verður mynduð eftir kosningar. Í Ráðhúsinu er meirihluti fjögurra flokka, Samfylkingarinnar, Pírata, Bjartrar framtíðar og VG. Slík stjórn myndi hafa 36 manna meirihluta að baki sér á Alþingi. Eina mögulega tveggja flokka stjórnin væri stjórn Sjálfstæðismanna og Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar halda öruggri forystu í könnunum Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Niðurstöður könnunar sem gerð var 10. og 11. október benda þó til þess að Sjálfstæðisflokkurinn tapi einhverju fylgi frá könnun sem gerð var viku fyrr. Núna mælist Sjálfstæðisflokkurinn með 22,7 prósenta fylgi en mældist með 25,9 prósent fyrir viku. Píratar bæta aftur á móti nokkuð við sig fylgi milli vikna. Þeir voru með 19,2 prósenta fylgi í síðustu viku en eru með 22,8 prósent núna. Þá bæta Vinstri græn við sig 2,5 prósentum og Framsóknarflokkurinn tapar 2,9 prósentum milli vikna. Að öðru leyti eru litlar breytingar á fylgi flokkanna.

„Það má kannski segja að þetta sé að byrja að setjast. Ég myndi nú samt ekki ganga svo langt að segja að myndin sé orðin skýr. Það sem vekur mesta athygli hjá mér hérna er að þið eruð að fá betri svörun,“ segir Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. Þar vísar hann til þess að í könnuninni sem gerð var í byrjun vikunnar tóku 67,2 prósent afstöðu en 58,6 prósent tóku afstöðu í könnuninni í síðustu viku. „Það segir mér að fólk er svona betur farið að gera upp sinn hug. Og hugsanlega er könnunin orðin marktækari en þær sem á undan gengu,“ segir Eiríkur Bergmann um þessa þróun í könnuninni.

Hann segir nokkrar áhugaverðar línur birtast í könnuninni. Sú fyrsta að fjórflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og VG, eru einungis með 53,6 prósent af fylginu. Önnur sé sú að Sjálfstæðisflokkurinn sé farinn að lækka í könnunum Fréttablaðsins. „Hann er reyndar ekkert lægri en hann hefur verið sumstaðar í öðrum könnunum. En hann er farinn að lækka hjá ykkur og það er eftirtektarvert,“ segir Eiríkur Bergmann. Í síðustu könnun Gallup sem gerð var 16. til 29. september var Sjálfstæðisflokkurinn með 23,7 prósenta fylgi og 20,6 prósent í könnun MMR sem gerð var 20. til 26. september. Þá segir Eiríkur það líka eftirtektarvert hvað Píratar halda sínu fylgi. „Það veit á að þeir muni kannski ekki hrynja fyrir kosningar eins og einhverjir hefðu getað spáð.“ Þá veki það líka athygli að Björt framtíð haldi áfram að klóra sig upp og í þessari könnun sé flokkurinn kominn dálítið vel yfir fimm prósenta þröskuldinn.

Þá segir Eiríkur stöðu Viðreisnar athyglisverða. „Mér finnst eftirtektarvert að Viðreisn, þó hún mæti sterk til leiks, þá nær hún ekki því háflugi sem maður hefði getað haldið um tíma að hún myndi ná,“ segir Eiríkur. Þar bendir hann líka á að Fréttablaðið mæli Viðreisn ögn lægri en aðrir könnunaraðilar.

> Það má kannski segja að þetta sé að byrja að setjast. Ég myndi nú samt ekki ganga svo langt að segja að myndin sé orðin skýr.
>
> 
>
> Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor

Í nýjustu könnun MMR mældist flokkurinn til dæmis með 12,8 prósenta fylgi og í könnun Gallup mælist flokkurinn með 13,4 prósent. „En það er sama. Til þess að ná mjög góðum árangri í kosningunum þá þyrfti svona flokkur að ná mjög góðu flugi,“ segir Eiríkur.

Af minni flokkum er vert að nefna að Dögun fær 2,1 prósents fylgi og Flokkur fólksins fær 3,3 prósent. Aðrir flokkar fá minna. Eiríkur segir að frammistaða Ingu Sæland, formanns Flokks fólksins, í umræðuþáttum í Ríkissjónvarpinu skipti sköpum. „Þetta fylgi Flokks fólksins er auðvitað tilkomið út af góðri frammistöðu Ingu. Hún hefur sprottið fram eins og fullbúin pólitísk stjarna,“ segir hann.

Eiríkur segir að miðað við niðurstöður nýju könnunarinnar sé hægt að tala um fjórar deildir á pólitíska sviðinu. Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar séu í efstu deild, síðan koma Vinstri græn sem eru ein í annarri deild. Svo koma Framsóknarflokkurinn, Viðreisn, Björt framtíð og Samfylkingin í þriðju deildinni. „Það er alveg óvíst að allir þessir flokkar nái inn á þing. Það gæti alveg verið að einhver þeirra detti út í utandeildina,“ segir Eiríkur Bergmann.

Yrðu niðurstöður kosninganna í takti við niðurstöður könnunarinnar fengju Píratar og Sjálfstæðismenn sextán þingmenn hvor. Tíu þingmenn sætu í þingflokki VG, sex í þingflokki Framsóknarflokksins. Þingflokkar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar yrðu svo jafnstórir eða með fimm menn í hverjum flokki.

# DEBENHAMS

FULLT AF FLOTTUM MERKJUM



**20% AFSLÁTTUR**

**AF SNYRTIVÖRUM***

GILDIR ÚT SUNNUDAG

Made in Iceland
BIOEFFECT

BIOTHERM

Christian Dior

CLARINS

CLINIQUE

Elizabeth Arden
NEW YORK

ESTĒE LAUDER

essie

HR
HELENA RUBINSTEIN

LANCÔME
PARIS

L'ORÉAL
PARIS

O·P·I

ST.TROPEZ

SENSAI

SHISEIDO

YVES SAINT LAURENT

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook

*GILDIR EKKI AF MAC

# VIÐSKIPTI




Kex Hostel ehf. var stofnað árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Kex tapaði 37,5 milljónum

Kex Hostel ehf., sem rekur samnefnt hostel í Reykjavík, tapaði 37,5 milljónum króna árið 2015. Þar af eru 19,5 milljónir króna vegna hlutdeildar í tapi dótturfélaga. Tapið jókst eilítið, en það nam 35 milljónum árið 2014.

Bókfært eigið fé félagsins í árslok 2015 var neikvætt um 65 milljónir króna, samanborið við að vera jákvætt um 2,5 milljónir árið 2014. Eignir í árslok námu 247,9 milljónum króna, samanborið við 306,5 milljónir króna árið áður.

Kex Hostel ehf. var stofnað árið 2010. Hlutafé félagsins nam 20 milljónum króna í árslok 2015. Stærstu hluthafar voru Gamli Blakkur ehf., KP ehf., Dagur Sigurðsson, Fiskisund ehf., og Pétur Marteinsson.

Kex Hostel á 75 prósenta hlut í Sæmundi í sparifötunum sem meðal annars rekur samnefndan veitingastað á Kexi Hosteli, er stór hluthafi í Kaffihúsi Vesturbæjar, og rekur veitingastaðinn Dill. Kex Port ehf. og Kexland eru svo dótturfélög Kex Hostels. Að meðaltali var 21 stöðugildi hjá félaginu á árinu 2015. – sg



Úr verksmiðju Hyundai. MYND/HYUNDAI

## Verkföll minnka framleiðslu hjá Hyundai

Tíð verkföll í samsetningarverksmiðjum Hyundai-bílaframleiðandans í Kóreu eru farin að bíta hressilega í budduna hjá fyrirtækinu. Þessi verkföll hafa náð til 50.000 verkamanna í verksmiðjum Hyundai og orsakað tapaða framleiðslu á 132.000 bílum að virði 300 milljarða króna.

Verkfallsaðgerðirnar eru tilkomnar vegna launadeilu milli stjórnenda Hyundai og verkamanna í verksmiðjum þeirra og hafa viðræður staðið yfir megnið af árinu. Eru þessi verkföll þau umfangsmestu sem Hyundai hefur þurft að glíma við í annars skrautlegri verkfallssögu sinni, en á síðustu 29 árum hafa aðeins liðið fjögur ár án verkfalla í verksmiðjum þess.

Stjórnvöld í Suður-Kóreu hafa hótað að hafa afskipti af þessum verkföllum ef þau halda áfram og telja að verkamenn fari fram á of rausnarlega hækkun þrátt fyrir að laun þeirra séu góð. Stéttarfélag verkamanna hefur margsinnis gengið út af samningafundum og hefur það langt í frá glatt forsvarsmenn Hyundai og stjórnvöld landsins. Viðræður standa yfir og var haft eftir samningamanni stéttarfélags starfsmanna að góðar líkur væru á að félagið skrifi undir nýjan samning á allra næstu dögum. – fot

## Trönuberjauppskera í Hvíta-Rússlandi



Hvítrússneskir bændur uppskáru í gær trönuber í þorpinu Selishche, um 290 kílómetra suður af Minsk. Hvíta-Rússland er einn helsti framleiðandi trönuberja og framleiðir um 6.500 tonn af berjunum á hverju ári. Mesta trönuberjaframleiðsla í Evrópu er í Pinsk þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Leiddi vöruþróun við eitt stærsta verkefni í sögu Google

**Google Assistant, forrit sem gerir fólki kleift að eiga samtal við Google-leitarvélina var kynnt á dögunum. Gummi Hafsteinsson var yfir vöruþróun á verkefninu sem er eitt það stærsta sem Google hefur ráðist í. Gummi hefur unnið í yfir áratug í Kísildalnum, meðal annars við þróun á Google Maps, og Siri.**

Gummi Hafsteinsson frumkvöðull seldi Google fyrirtæki sitt Emu fyrir tveimur árum. Síðustu tvö ár hefur hann stýrt teyminu sem þróaði vöruna Google Assistant meðal annars út frá vöru Emu. Google Assistant var kynnt þann 4. október síðastliðinn. Um er að ræða eitt stærsta verkefni sem Google hefur ráðist í.

„Við höfum aldrei séð aðra eins sameiningu innan fyrirtækisins á bak við eina vöru. Þetta var eitt stærsta teymi í sögu Google að vinna að Google Assistant. Það var mjög spennandi að vera að leiða þetta verkefni áfram,“ segir Gummi.

Hann hefur unnið að þróun hugbúnaðar- og nýsköpunarfyrirtækja í Kísildalnum frá því árið 2005. Gummi starfaði fyrst hjá Google í fimm ár þar sem hann byrjaði að vinna að Google Maps fyrir farsíma og stýrði markaðssetningu þess. Síðar starfað hann hjá Apple þar sem hann vann meðal annars að þróun aðstoðarforritsins Siri. Hann stofnaði svo fyrirtækið Emu sem bauð upp á sýndaraðstoð við skilaboðaforrit. Google keypti svo það fyrirtæki í ágúst 2014 og sneri Gummi þá aftur til starfa hjá Google.



Gummi Hafsteinsson hefur unnið að þróun hugbúnaðar- og nýsköpunarfyrirtækja í Kísildalnum frá 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það má líta á Google Assistant sem samtal við Google-leitarvélina. Í Emu vorum við að koma með sýndaraðstoð inn í skilaboðaforrit. Þetta kemur svo allt saman, eins og margir litlir lækir, í Google Assistant. Eftir að þetta er búið að renna saman síðustu tvö árin þá verður þetta að næstu kynslóð af Google í rauninni,“ segir hann.

„Með Google Assistant geturðu nýtt leitarvélina með því að tala við Google. Ef þú vilt panta borð á veitingastað geturðu beðið Google um lista af veitingastöðum og svo spyrðu Google hvort sé laust borð klukkan sjö á morgun til dæmis,“ segir hann.

Gummi segir vöruna að vissu leyti svipaða Siri. „En með Google nær þetta víðar en síminn. Þú getur fengið Google Assistant bæði í símanum og í Allo, nýja skilaboðaforritinu, og svo geturðu fengið þetta í Google Home. Í Google Home er Google Assistant byggður inn í hátalara sem þú getur haft inni í stofu eða eldhúsi og getur þá til dæmis spurt hvað þú eigir að sjóða egg lengi til að það verði harðsoðið. Þetta er rosalega eðlilegt og þægilegt.

Þetta er stærðarinnar verkefni innan Google og ég er yfir vöruþróuninni. Þetta er orðið eitt helsta verkefni fyrirtækisins og meira að segja fyrir Google er þetta óvenju stórt verkefni. Þetta er sennilega í heildina séð eitt stærsta verkefni sem Google hefur ráðist í,“ segir hann.

Fram undan hjá Gumma er áframhaldandi þróun á vörunni. „Manni finnst alltaf eins og þegar varan komi á markað sé hún búin, en við verðum á fullu að fylgja þessu eftir.“

saeunn@frettabladid.is

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

Í TAKMARKAÐAN TÍMA

## HLEÐSLUHÖGGBORVÉL 18V



Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
Kolalaus mótor

vnr 94DCD796D2

**37.900** m/vsk

Fullt verð 45.289 m/vsk

## HLEÐSLUHÖGGBORVÉL 18V



Tvær 18v 5.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
Kolalaus mótor

vnr 94DCD796P2

**52.900** m/vsk

Fullt verð 63.836 m/vskt

## 2JA LÍNU LASER GRÆNN



Tveggja línu laser Grænn Geisli 4 X sjáanlegri en Rauður 1 X 10.8V 2 Ah rafhlaða og hleðslutæki Vatns og Rakavarinn IP65 Prufaður fyrir 2m fall

vnr 94DCE088D1G

**52.900** m/vsk

Fullt verð 63.982 m/vsk

## HLEÐSLUÚTVARP



Bluetooth Hleðslúútvarp. Það er með 6 hátalara sem gefa frábært hljóð frá sér. AM/FM, DAB+. Ryk og vatnshelt. Með IP54 staðal. Hleður 14.4 og 18V XR rafhlöður.

vnr 94DWST1-75659

**59.900** m/vsk

Fullt verð 75.574 m/vsk

## 3JA LÍNULASER 360° GRÆNN



Þriggja línu laser sem er 4 sinnum sjáanlegri en rauður geisli.
1 X 10.8V rafhlaða og hleðslutæki fylgir.

vnr 94DCE089D1G

**89.900** m/vsk

Fullt verð 127.140 m/vsk

## GEIRUNGSSÖG 250 MM



1675 watta mótor
Skurðargeta: 302 x 88 mm
Þyngd: 23 kg
Skuggalína

vnr 94DW717XPS

**105.000** m/vsk

Fullt verð 150.658 m/vsk

## SLÍPIROKKUR 1200W



Afl: 1200 wött
Skífustærð: 125 mm
Snúningshraði: 11000 sn/mín

vnr 94DWE4227

**17.900** m/vsk

Fullt verð 22.329 m/vsk

## BORÐ F. GEIRUNGSSAGIR



Létt og þægilegt Borð fyrir allar gerðir geirungsaga. Borðið er 1,9m samanbrotið en 3,9m útbreitt Festingar fyrir geirungsög fylgir

vnr 94DE7023

**28.900** m/vsk

Fullt verð 51.627 m/vsk

## VELTISÖG



DW743 Veltisögin frá DeWALT kemur með 250 mm blaði og 2000W er kúttsög sem er hægt að snúa í borðsög. Rafrænn pakki veitir gegnheila yfirálagsvörn og stöðuga keyrslu fyrir bestu frammistöðu og hjól auðvelda alla færslu fram og til baka á vinnustað.

vnr 94DW743

**95.000** m/vsk

Fullt verð 119.901 m/vsk

Tilboð gilda til 14. október eða á meðan birgðir endast

# LENGDUR OPNUNARTÍMI ÚT VIKUNA TIL 19:00

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Skútuvogi 1 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

# Berskjölduð



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Ný álagspróf Seðlabankans sýna hversu berskjaldað og viðkvæmt hagkerfið er fyrir áföllum og hversu atvinnulífið er háð vexti ferðaþjónustunnar. Það undirstrikar mikilvægi vaxtar annarra atvinnugreina.

Alls komu 1.177 þúsund erlendir ferðamenn til landsins á fyrstu átta mánuðum ársins. Á sama tíma á síðasta ári höfðu komið hingað 887 þúsund ferðamenn. Fjölgunin milli ára er því 33 prósent. En hversu lengi getum við treyst á áframhaldandi vöxt ferðaþjónustunnar, sem er orðin mikilvægasta atvinnugrein þjóðarbúsins þegar gjaldeyrisöflun er annars vegar? Og hvaða áhrif hefði samdráttur í þessari atvinnugrein á hagkerfið?

Fram kemur í nýjasta hefti Fjármálastöðugleika, riti Seðlabanka Íslands, sem kom út í gær að dragi verulega úr komum ferðamanna gæti orðið efnahagssamdráttur, atvinnuleysi aukist og eignaverð lækkað. Það gæti leitt til taprekstrs bankanna ekki síst vegna aukins útlánataps. Í ritinu eru birtar niðurstöður álagsprófa þar sem gengið var út frá því að 40 prósent færri ferðamenn kæmu til landsins. Það jafngildir um það bil þeim fjölda ferðamanna sem hingað komu árið 2012. Niðurstöðurnar sýna að slíkt áfall hefði gríðarlega víðtæk áhrif fyrir íslenskt efnahagslíf. Samdráttur í útflutningi yrði um tíu prósent í heild fyrsta árið. Fjárfesting myndi dragast saman vegna minni umsvifa í hagkerfinu. Atvinnuleysi myndi aukast og yrði 6,5 prósent fyrsta árið og svo 7,9 prósent ári síðar. Þá yrði 3,9 prósenta samdráttur í vergri landsframleiðslu og útlánatöp bankanna myndu aukast.

Harpa Jónsdóttir, settur framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika hjá Seðlabankanum, sagði í samtali við Stöð 2 í gær eftir að skýrslan kom út að áhrifin í niðurstöðum álagsprófsins hefðu verið víðtækari en starfsmenn Seðlabankans gerðu ráð fyrir. Harpa sagði að niðurstöðurnar hefðu í raun afhjúpað hvað Íslendingar væru orðnir háðir vexti í ferðaþjónustunni og hvað hagkerfið væri viðkvæmt fyrir sveiflum í þessari atvinnugrein.

Ferðaþjónustan var lengi nefnd þriðja stoðin því hún var í þriðja sæti á eftir sjávarútvegi og álframleiðslu þegar hlutdeild í útflutningi landsins var annars vegar. Ekki er langt síðan hún fór fram úr þessum atvinnugreinum. Við getum hins vegar ekki treyst á vöxt ferðaþjónustunnar út í hið óendanlega. Við þurfum líka að hafa hugfast að heppni hefur spilað stóra rullu í vextinum. Olíuverð féll, Ísland komst í heimsfréttirnar eftir gosið í Eyjafjallajökli og smekkur ferðamanna hefur breyst. Ferðamenn vilja kaupa upplifun og ferðast á framandi slóðir í stað þess að liggja á sólarströnd. Allt þetta hefur hjálpað.

Við þurfum að tryggja að ferðaþjónustan dafni til frambúðar. Því ef ferðaþjónustan hrynur lækkar íslenska krónan, verðbólga eykst og kaupmáttur launa rýrnar. Það er gleðiefni að atvinnugreinar eins og ferðaþjónusta og sjávarútvegur skapi mikil verðmæti hér á landi. Niðurstöður í álagsprófum Seðlabankans sýna hins vegar að við verðum að efla aðrar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar til að vera betur í stakk búin að mæta áföllum.

**Við getum hins vegar ekki treyst á vöxt ferðaþjónustunnar út í hið óendanlega.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Stjórnarmyndunin**

**Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis bendir til þess að enginn raunhæfur möguleiki á tveggja flokka stjórn sé í kortunum. Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar gætu fræðilega myndað minnsta mögulega meirihlutann, með 32 þingmenn að baki sér. En sennilegast þykir engum það vera fýsilegur kostur. Í Reykjavíkurborg er meirihluti fjögurra flokka, Samfylkingarinnar, VG, Pírata og Bjartrar framtíðar. Nú er að sjá hvort sama mynstur verði tekið upp á Alþingi. Og hvort Birgitta Jónsdóttir geti þá bráðum farið að máta forsætisráðherrastólinn.**

**Yngst í pontu**

**Unnur Brá Konráðsdóttir vakti mikla athygli í gær þegar hún gaf barni sínu brjóst í ræðupúlti Alþingis, í stað þess að skilja barnið eftir hjá sessunaut sínum. Forseti þingsins, Einar K. Guðfinnsson, hefur sagt að athæfið hafi ekki verið brot á þingsköpum og aðrir þingmenn hafa fagnað framgöngu Unnar Brár. Það skal ósagt látið hvort Unnur Brá sé með þessu að ryðja brautina fyrir ungar mæður sem vilja komast á þing. Hitt er næstum víst, að litla barnið er ábyggilega yngsti einstaklingurinn sem hefur komið við í pontu þingsins.**

jonhakon@frettabladid.is

# Einfalt reikningsdæmi



Helga Birna Gunnarsdóttir
þroskaþjálfi

Árangur í mannréttindabaráttu fólks með fötlun á Íslandi má rekja næstum hálfa öld aftur í tímann og grundvallast á þrem meginatriðum í þessari röð: Hugmyndafræði, stefnumörkun og aðgerðum. Hugmyndafræði sem tók að ryðja sér til rúms á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og bar í sér kröfu um afnám aðskilnaðar og einangrunar á altækum stofnunum og rétt fólks með fötlun til að búa, starfa og leika sér með öðrum Íslendingum í sameiginlegu umhverfi.

Lög um aðstoð við þroskahefta frá 1979 voru leiðbeinandi varðandi stefnumörkun og aðgerðir sem lögin kváðu á um.

Lög frá 1979 og önnur sem komu í kjölfarið ásamt breytingum hafa aðallega kveðið á um þjónustu hins opinbera sem miðar að þátttöku fatlaðs fólks í þjóðlífinu.

Það virðist þó hingað til ekki hafa náð athygli stjórnmálamanna, hið augljósa, að daglegt líf fólks með fötlun kostar peninga eins og annarra þegna samfélagsins. Fólk með fötlun hér á landi hefur alla tíð verið fast í gildru fátæktar sem eykur áhrif fötlunar og dregur verulega úr möguleikum þess til samfélagsþátttöku.

Óhætt er að fullyrða að ærlegar manneskjur telja fátækt vera böl óháð hvar hún knýr á og viðurkennt að fátt stuðlar frekar að einangrun og vanmætti.

**Árið 2016, á kosningahausti, velkjast stjórnmálamenn þó enn í vafa um hvort fatlað fólk þurfi lágmarkslaun til að framfleyta sér og sínum.**

### Velkjast í vafa um lágmarkslaun

Árið 2016, á kosningahausti, velkjast stjórnmálamenn þó enn í vafa um hvort fatlað fólk þurfi lágmarkslaun til að framfleyta sér og sínum.

Það er þó, ásamt öðrum, íslensku stjórnmálafólki að þakka að sá tími er liðinn er fólk með fötlun þótti ekki eiga sama erindi að kjörborðinu og aðrir kjósendur.

Hvaða álit sem frambjóðendur í komandi kosningum hafa á manngildi allra þegna og jafnan rétt til mannsæmandi lífs ættu þeir að koma auga á þá hagnýtu staðreynd að atkvæði fólks með fötlun gætu gert gæfumuninn þegar atkvæðin verða talin upp úr kjörkössunum í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þing gegn þjóð

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Hörð rimma var háð um stjórnarskrána sem Alþingi bar undir þjóðaratkvæði 1944. Stjórnarskráin frá 1944 er stundum kölluð lýðveldisstjórnarskrá. Það er þó rangnefni þar eð textinn var í reyndinni ekki annað en bráðabirgðaskjal með lágmarksbreytingum á gömlu stjórnarskránni frá 1874. Fulltrúar allra flokka á Alþingi strengdu þess heit að skila af sér nýrri stjórnarskrá eigi síðar en vorið 1946 eins og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, lýsir vel í ritgerð sinni Tjaldað til einnar nætur. Það heit efndu flokkarnir ekki fyrr en þeir fólu Stjórnlagaráði að vinna verkið með liðsinni almennings sem leiddi verkið fram til sigurs í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Allir þingflokkar voru á einu máli um nauðsyn þess að lýðveldisstofnuninni 1944 fylgdi ný stjórnarskrá og lögðu því kapp á að koma henni fram. Þeir dreifðu þjóðaratkvæðagreiðslunni um hana á marga daga, sendu fulltrúa sína heim til fólks með kjörseðla ef það átti ekki heimangengt og sendu hvatningarbréf í pósti inn á hvert heimili. Þessi samstaða flokkanna um málið er söguleg í ljósi þess að ástand Alþingis var þá með allra versta móti vegna sundurþykkis og úlfúðar. Enda hafði Sveinn Björnsson ríkisstjóri talið sig nauðbeygðan til að skipa utanþingsstjórn 1942 þar eð þingflokkarnir höfðu reynzt ófærir um að mynda hvort heldur meirihlutastjórn eða minnihlutastjórn.

Við þessar kringumstæður tókst Sveini Björnssyni að fá forustumenn flokkanna til að fallast á þjóðkjörinn forseta frekar en þingkjörinn eins og flokkarnir hefðu heldur kosið til að hafa alla þræði valdsins í hendi sér. En Sveinn hafði betur, studdur fyrstu vísindalegu skoðanakönnuninni sem gerð var í landinu. Niðurstöður hennar voru birtar í tímaritinu Helgafelli 1943 sem þeir ritstýrðu skáldin Magnús Ásgeirsson og Tómas Guðmundsson með miklum brag. Niðurstöðurnar sýndu að 70% kjósenda vildu heldur þjóðkjörinn forseta en þingkjörinn. Þarna var lagður grunnurinn að því forsetaþingræði sem Íslendingar hafa æ síðan búið við, þ.e. þingræði þar sem þjóðkjörinn forseti hefur heimild skv. stjórnarskrá til að vísa lögum í þjóðaratkvæði, leggja fram frumvörp á Alþingi, skipa ráðherra ef á þarf að halda o.fl. Æ síðan hafa stjórnmálaflokkarnir reynt að vinda ofan af ófórum sínum í aðdraganda lýðveldisstofnunarinnar 1944. Tregða Alþingis til að staðfesta nýju stjórnarskrána sem ⅔ hlutar kjósenda lýstu sig fylgjandi 2012 er angi á þessum meiði.

**Lýðræðið í landinu hangir nú á þunnum þræði, enn frekar jafnvel en sums staðar í nálægum löndum. Bandaríkin hljóta ekki lengur ágætiseinkunn hjá Freedom House fyrir frelsi og lýðræði. Ofurvald peninga á vettvangi stjórnmálanna þar vestra ásamt hirðuleysi stjórnmálastéttarinnar á mikinn þátt í afturförinni. Ísland sýnist vera á sömu leið nema þingið eða þjóðin grípi í taumana.**

### Ástand Alþingis

Sigurður Nordal prófessor lýsir ástandi Alþingis í ritgerð sinni í bókinni *Ástandið í sjálfstæðismálinu* 1943. Þar segir hann m.a.:

„Alþingi getur ekki myndað þingræðisstjórn. Alþingi ræður ekki við verðbólguna. Alþingi getur ekki komið á réttlátri skiptingu styrjaldargróðans. Alþingi finnur engin ráð til þess að halda óhófi, ólifnaði og spillingu í skefjum. Svo mætti lengi halda áfram, ef allt skyldi talið, sem almenningur færir fram til vantrausts á þessa æðstu stofnun þjóðar, sem er í vanda stödd. Er það leiðin til þess að bjarga sóma þessa alþingis, ef það hrapar að stofnun lýðveldis, klæðist ljónshúð frægustu foringja Íslendinga frá liðnum tímum, sigrar Danskinn og getur sýnt þjóðinni mátt sinn og megin gagnvart þessum ægilega óvini: „Lá hann ekki, lasm"?! En væri ekki betur við eigandi að sú Íslandsglíma færi ekki fram 17. júní, heldur á afmælisdegi Adolfs Hitlers, sem vér eigum hvort sem er allar „vanefndir" Dana að þakka?"

Sigurður Nordal var í hópi þeirra menntamanna og annarra sem töldu rétt að fresta lýðveldisstofnuninni fram yfir styrjaldarlok frekar en að segja Ísland úr konungssambandi við hernumda Danmörku sem gat enga björg sér veitt. Þess vegna segir hann um þingið: „ef það hrapar að stofnun lýðveldis". Lýsing hans á Íslandsglímunni á vel við um ýmsa þá sem barið hafa sér á brjóst með mestri háreysti undangengin misseri.

### Ef bilið heldur áfram að breikka

Sigurður Nordal heldur áfram eins og hann sé að ávarpa Íslendinga nú:

„Hvað verður um þingræði og þjóðræði á Íslandi, ef gjáin milli þings og þjóðar, bilið milli sanninda og velsæmis annars vegar og málrófs og hátternis sumra stjórnmálaleiðtoganna hins vegar, heldur áfram að breikka sem gerzt hefur á síðari árum – og lýsir sér varla betur í neinu en skilningi þess, í hverju *raunverulegasta* sjálfstæði þjóðarinnar sé fólgið? Hverjum Íslendingi, sem vill horfa út yfir þægindi líðandi stundar, hvar í flokki sem hann stendur, er skylt að gæta að hættunni, sem af þessu stafar, finna til síns hluta af ábyrgðinni. Hvorki má láta óp, hótanir né smjaður aftra sér frá að hugsa sjálfur og skýra að því búnu frá skoðunum sínum, að minnsta kosti fulltrúum sínum á Alþingi, svo að þeir gleymi því ekki, að þeir eru kosnir af mælandi mönnum, en ekki jarmandi sauðum."

Lýðræðið í landinu hangir nú á þunnum þræði, enn frekar jafnvel en sums staðar í nálægum löndum. Bandaríkin hljóta ekki lengur ágætiseinkunn hjá Freedom House fyrir frelsi og lýðræði. Ofurvald peninga á vettvangi stjórnmálanna þar vestra ásamt hirðuleysi stjórnmálastéttarinnar á mikinn þátt í afturförinni. Ísland sýnist vera á sömu leið nema þingið eða þjóðin grípi í taumana.

# Hungurlús fyrir kosningar



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Nýlega gaf ég út bók, Bætum lífi við árin. Baráttan fyrir bættum kjörum aldraðra og öryrkja. Greinasafn. Eins og nafnið bendir til er hér um greinasafn að ræða. Þetta er úrval þeirra greina, sem ég hef skrifað sl. 12 ár. Alls hef ég skrifað rúmlega 600 greinar á þessu tímabili, flestar um kjaramál aldraðra og öryrkja. Í eftirmála bókarinnar segi ég þetta: Ástandið í kjaramálum aldraðra og öryrkja er enn þannig, að sá lífeyrir, sem stjórnvöld skammta þeim, sem einungis hafa tekjur frá almannatryggingum, dugar ekki fyrir framfærslukostnaði. Væntanlega gerir ríkisstjórnin eitthvað í málinu fyrir alþingiskosningarnar 29. október 2016. Ég óttast, að það verði eins og oft áður aðeins einhver hungurlús.

Því miður rættist þessi spá. Ríkisstjórnin spilaði út hungurlús til aldraðra nú rétt fyrir kosningar. Ég kalla það hungurlús, þegar ríkisstjórnin ákveður að láta þá, sem verst eru staddir, fá 17 þúsund króna hækkun eftir skatt , þegar þeir eru búnir að bíða í níu mánuði í ár og þurftu að bíða í átta mánuði sl. ár frá því aðrar stéttir fengu miklar kauphækkanir. Launafólk fékk 14,5% hækkun á lágmarkslaunum 2015 og flestar aðrar stéttir fengu þá miklar kauphækkanir, sumar miklu meira. Ríkisstjórnin sagði alltaf við aldraða og öryrkja, að þeir yrðu að bíða. Hvers vegna? Ég tel, að aldraðir og öryrkjar hefðu frekar átt að fá hækkanir á undan öðrum; ekki að bíða og fá átta mánuðum síðar en aðrir minni hækkun eða 9,7% hækkun miðað við 14,5% hækkun sem launafólk fékk.

Nú segir ríkisstjórnin, að lífeyrir aldraðra einhleypinga hækki í 280 þúsund á mánuði fyrir skatt um næstu áramót; í 224 þúsund krónur eftir skatt. Þessi lífeyrir er í dag 207 þúsund krónur á mánuði. Hér er um 17 þúsund króna hækkun að ræða eftir skatt. Það eru öll ósköpin. Þetta nær ekki einu sinni þeirri hækkun sem stjórnarflokkarnir lofuðu öldruðum, og öryrkjum í kosningaloforði til leiðréttingar á lífeyri vegna kjaragliðnunar krepputímans; til þess að efna það loforð þarf að hækka lífeyri um kr 56.580 og lífeyrir færi í 302 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt, í 242 þúsund eftir skatt.

**Aðalatriðið er hvað aldraðir og öryrkjar þurfa sér til framfærslu. Ég tel, að eina viðmiðunin í því efni sé neyslukönnun Hagstofunnar. Samkvæmt henni er meðaltalsneysla einhleypinga 321 þúsund krónur á mánuði. Það er án skatta.**

Aðalatriðið er hvað aldraðir og öryrkjar þurfa sér til framfærslu. Ég tel, að eina viðmiðunin í því efni sé neyslukönnun Hagstofunnar. Samkvæmt henni er meðaltalsneysla einhleypinga 321 þúsund krónur á mánuði. Það er án skatta. Ég tel því lágmark 321 þúsund krónur á mánuði eftir skatt fyrir einhleypan eldri borgara og öryrkja.



# KRÓNAN






LÍFRÆNT VOTTAÐ

**-20% Sveppir**

**295 kr. pk.**

Verð áður ~~369~~ kr. pk.

Lífrænir sveppir í öskju, 250 g, Pólland

# Ferskt alla daga



**Gott verð!**

**796 kr. kg**

Vínber, græn og rauð, Bandaríkin

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 16. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Gott verð!
-30%
Ungnauta entrecote
3339 kr. kg
Verð áður 4770 kr. kg
Ungnauta entrecote, Nýja Sjáland
Kjötmeistari Krónunnar mælir með
-23%
Grísagúllas og snitsel
-30%
Lamba sirlonsneiðar
1299 kr. kg
Verð áður 1699 kr. kg
Grísagúllas og snitsel
Gott verð!
Kryddaðar sirlonsneiðar
1189 kr. kg
Verð áður 1699 kr. kg
Lamba sirloinsneiðar
KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr
Kjúklingur
Stórkaup!
1898 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 16. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

# Heitt og klárt






**1599** kr. tvennan

**Heill grillaður kjúklingur**
og 2 lítrar af Coca-Cola

## Nýtt!

VEGAN




**1099** kr. stk.

Súpa, 3 tegundir, 500 ml




**499** kr. pk.

Gestus franskar, krullu- og vöffluskornar




**-35%**

**899** kr. kg

Verð áður ~~1399~~ kr. kg

Haribo Fantasía, 1 kg

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN




Ódýrt

**Gestus spaghetti bolognese, frosið 400g**

# 299 kr. pk.







Ódýrt

Ódýrt

**Billys Pan pizza Hawaii, pepperoni, original, frosin - 170g stk.**

# 199 kr. stk.

**First Price hvítlauksbrauð með smjöri, frosið - 3 stk.pk.**

# 239 kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

**Raunvextir skammtímalána, meðaltal síðustu 20 ára**
Heimild OECD og útreikningar Benedikts Jóhannessonar stærðfræðings




# Lækkum vaxtabyrði heimila um 560.000-675.000 kr. á ári



**Guðjón Sigurbjartsson**
viðskiptafræðingur í framboði til formanns Neytendasamtakanna

Opnun á erlenda lántöku sparar meðalheimili tvenn mánaðarlaun á ári, að teknu tilliti til kostnaðar við gengisvarnir.

Heimili á Íslandi sem skulda 30 milljónir kr. greiða 750.000 til 900.000 kr. meira í vexti á ári en heimili í nágrannalöndunum. Það lætur nærri að við missum laun tveggja mánaða á hverju ári í vaxtahítina. Samkvæmt OECD hafa raunvextir skammtímalána verið að meðaltali 0,5%-1,5% í nágrannalöndum okkar en hér um 3,5%, að meðaltali síðustu 20 ár. Við hér greiðum sem sagt 2,5% til 3% hærri raunvexti en almennt gerist á evrusvæðinu.

Svona mikill vaxtamunur er ekki náttúrulögmál, snýst ekki um legu landsins né hitastig. Þó má reikna með að vextir í krónunni verði ávallt 0,5 til 1% hærri vegna þunns markaðar fyrir krónuna.

Almennt ráðast vextir af framboði og eftirspurn eftir lánsfé, ástandi hagkerfis og gæðum gjaldmiðils. Helstu leiðirnar til að lækka vexti hér eru:

1. Bætt hagstjórn sem nær niður sveiflum og verðbólgu.

2. Aukin samkeppni á fjármálamarkaði með tilkomu erlends banka.

3. Lækkun ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða niður í raunvexti nágrannalandanna.

4. Opnun á lántöku í erlendum gjaldmiðlum með betri gengisvörnum en áður.

5. Upptaka nýs gjaldmiðils, væntanlega evru vegna tengslanna við Evrópusambandið og mikilla viðskipta við Evrópu.

Fyrr eða síðar hljótum við að taka upp alþjóðlega mynt í stað krónunnar vegna beins og óbeins kostnaðar við hana en það gerist ekki alveg á næstunni. Þangað til verðum við að fara aðrar leiðir að lækkun vaxta. Það gengur ekki að múra almenning inni í vaxtabólu krónunnar sem aðeins bankar og lífeyrissjóðir hagnast á.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur gert athugasemd við fortakslaust bann við gengislánum enda er bannið í andstöðu við EES-samninginn. Alþingi verður því að opna á erlend lán enda mun það lækka vaxtakostnað mest af ofangreindum leiðum, að undanskildum nýjum gjaldmiðli. Til að minnka gengisáhættuna má skylda lántakendur til að afla sér varna gegn henni.

Möguleg gengistrygging er að skylda lántakendur til að ávaxta hluta af lánsupphæðinni, til dæmis ¼, á bundnum reikningi í sömu mynt og lánið. Innstæðuna mætti aðeins nota til að mæta snöggu gengissigi, ef til greiðslufalls kæmi og til síðustu greiðslna af viðkomandi láni. Það þýðir að taka þarf hærra lán en ella, en það borgar sig samt. Hugsanlega myndu bankarnir bjóða ódýrari tryggingar sem væru metnar jafn gildar.

Fyrir hjón sem skulda nettó 30 milljónir króna erlent lán og væru að greiða 2,5%-3% lægri raunvexti en hér viðgangast, verður nettó raunvaxtalækkunin að frádregnum kostnaði við gengisvarnir líklega nálægt ¾ af vaxtamuninum eða 560.000-675.000 kr. á ári fyrir hjónin, en það svarar til 1-2 mánaðarlauna beggja eftir skatta.

**Mestu vaxtalækkunina fáum við ef við tökum upp evru því það mun auk þess að lækka raunvexti minnka áhættu og auka trúverðugleika hagkerfisins sem eflir vöxt efnahagslífsins.**

Mestu vaxtalækkunina fáum við ef við tökum upp evru því það mun auk þess að lækka raunvexti minnka áhættu og auka trúverðugleika hagkerfisins sem eflir vöxt efnahagslífsins.

Gjaldmiðill er ekki heppilegt tákn um sjálfstæði þjóðar. Hann er tæki til að geyma og skiptast á verðmætum. Algengt er að þjóðir sameinist um gjaldmiðil svo sem dollar og evru. Þangað til við fáum alþjóðlegan gjaldmiðil verðum við að lækka okkar allt of háu vaxtabyrði eftir færum leiðum. Það hvernig til tekst segir talsvert til um hvort við erum öflug sjálfstæð þjóð.

**Heimildir:**
- Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum, Seðlabankinn 2012
- Samanburðurinn sem gleymdist, Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur, 2016

# Neytendasamtökin á krossgötum



**Ólafur Arnarson**
situr í stjórn Neytendasamtakanna og er í framboði til formanns þeirra

**Það skiptir máli að velja rétt á þeim krossgötum sem Neytendasamtökin standa nú á. Byggjum á því sem vel hefur verið gert og höldum ótrauð fram á við.**

Fram undan er þing Neytendasamtakanna, sem haldið verður laugardaginn 22. október. Jóhannes Gunnarsson, sem leitt hefur samtökin um árabil, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku og því verður kosinn nýr formaður á þinginu. Ég er einn fimm frambjóðenda.

Að mörgu leyti má segja að Neytendasamtökin standi á krossgötum. Starfið undanfarin ár hefur að mörgu leyti verið farsælt þó að enn sé langt í land með að réttur neytenda hér á landi sé virtur og hagsmunir neytenda í fyrirrúmi hafðir, t.d. við lagasetningu og mótun starfsumhverfis einstakra atvinnugreina. Má þar sem dæmi nefna fjármálaþjónustu og landbúnað, líkt og nýgerðir búvörusamningar og -lög bera glöggt vitni um.

Neytendasamtökin eru ekki stjórnvald heldur frjáls félagasamtök. Starf þeirra felst að verulegu leyti í því að halda á lofti hagsmunum neytenda og berjast fyrir rétti þeirra. Eitt mikilvægasta verkefni Neytendasamtakanna lýtur að því að því að neytendur á Íslandi séu vel upplýstir. Upplýstir t.d. um uppruna matvöru, innihald hennar og næringarinnihald. Í þessu efni skipta upplýsingar á umbúðum höfuðmáli. Ekki skiptir minna máli að neytendur séu upplýstir um rétt sinn.

Staða neytenda á íslenskum fjármálamarkaði er afleit vegna ógegnsæi og fákeppni, sem hefur leitt af sér lakari kjör lántakenda hér á landi en annars staðar og óeðlilega gjaldtöku í bankakerfinu. Neytendasamtökin hafa ályktað gegn verðtryggingu á lánum til neytenda enda stuðlar verðtryggingin að vaxtaokri og ógegnsæi, auk þess sem hún setur alla áhættu, sem stafar af þróun verðlags í landinu, á herðar neytandans, sem er mjög óeðlilegt.

Upplýsingamiðlun Neytendasamtakanna hefur frá upphafi farið að mestu fram í gegnum Neytendablaðið, en félagsmenn samtakanna eru áskrifendur að blaðinu og aðrir ekki. Þrátt fyrir að við lifum nú á stafrænni öld verður Neytendablaðið áfram þungamiðja upplýsingamiðlunar samtakanna.

Heimasíða Neytendasamtakanna gegnir vaxandi hlutverki í miðlun upplýsinga til félagsmanna og inni á henni er svæði, sem einungis er opið félagsmönnum.

Ég tel mikilvægt að efla upplýsingamiðlun á vegum Neytendasamtakanna, gera hana gagnvirka og færa upplýsingarnar í hendur félagsmanna hvar sem þeir eru staddir hverju sinni. Flestir neytendur nota snjallsíma og/eða spjaldtölvur. Það verður eitt af forgangsverkefnum mínum að Neytendasamtökin setji í umferð Neytendaappið, sem verður aðgengilegt félagsmönnum í gegnum snjalltæki.

**Í Neytendaappinu munu félagsmenn m.a. geta:**

Gert verðsamanburð á vörum og þjónustu.

Fengið upplýsingar úr gagnabanka varðandi ýmis réttindamál neytenda og lög og reglur þar að lútandi.

Komið með ábendingar, athugasemdir eða kvartanir til Neytendasamtakanna.

Tengst Neytendatorgi þar sem neytendur skiptast á upplýsingum.

Neytendaappið verður tengt heimasíðu samtakanna til að allir félagsmenni geti nýtt sér kosti þess. Neytendaappið er mikilvægt skref til að gera þjónustu Neytendasamtakanna sýnilegri og aðgengilegri fyrir ungt fólk, sem er jú líka neytendur.

Við erum nefnilega öll neytendur. Stóra verkefnið er að fjölga félagsmönnum og efla Neytendasamtökin til að þau geti orðið öflugri málsvari Neytenda á öllum sviðum. Samtakamátturinn færir okkur afl til að vinna nýja sigra. Það skiptir máli að velja rétt á þeim krossgötum sem Neytendasamtökin standa nú á. Byggjum á því sem vel hefur verið gert og höldum ótrauð fram á við.

# Tímamótaálit Skipulagsstofnunar



**Jón Helgi Björnsson**
formaður Landssambands veiðifélaga

**Í þessari áminningu Skipulagsstofnunar felst í rauninni ávirðing á eftirlit Matvælastofnunar með sjókvíaeldinu.**

Nýverið gaf Skipulagsstofnun álit vegna aukinnar framleiðslu á eldislaxi í Patreksfirði og Dýrafirði. Þar áforma Arnarlax og og Arctic Sea Farm nú að auka framleiðslu laxeldisafurða um 14.700 tonn. Það er einkum tvennt í áliti Skipulagsstofnunar sem vekur athygli.

Hið fyrsta er að stofnunin fjallar um þau tilvik þegar norski eldislaxinn hefur sloppið úr eldiskvíum hérlendis með svofelldum hætti: „Mikilvægt er að leyfisveitendur og eldisfyrirtæki tryggi að upplýst sé opinberlega hvert umfang slysasleppingar er í hverju tilfelli, því ekki verður við það unað að getgátur þurfi að vera um umfang, orsakir og áhrif sleppinga í villtri náttúru.“ Hér er stofnunin með sömu kröfu og Landssamband veiðifélaga hefur sett fram á síðustu dögum. Í þessari áminningu Skipulagsstofnunar felst í rauninni ávirðing á eftirliti Matvælastofnunar með sjókvíaeldinu. Frammistaða Matvælastofnunar að þessu leytinu er með þeim hætti að ætla má að stofnunin hafi ekki áttað sig á þeirri nöpru staðreynd að umfangsmikið þauleldi á frjóum norskum laxi mun valda óafturkræfum náttúruspjöllum.



Hitt atriðið er umfjöllun Skipulagsstofnunar um eldisfisk í laxeldinu. Um þann þátt málsins segir í álitinu: „ Í umræðu í samfélaginu hefur undanfarið verið bent á þann kost að nýta geldfisk í sjókvíaeldi í því skyni að koma í veg fyrir erfðablöndun. Á vef Stofnfisks, sem framleiðir seiði til laxeldis í sjó, kemur fram að í Noregi hafa verið gefin út leyfi til laxeldis sem byggja á þessari tækni. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að leyfisveitendur og fiskeldisaðilar fylgist vel með þróun þessarar tækni og beinir því til þessara aðila að skoða þennan kost við leyfisveitingar til fiskeldis í sjó við strendur Íslands. Ef slíkt eldi er raunhæft mun það leysa þann þátt sem helst veldur áhyggjum varðandi umhverfisáhrif laxeldis í sjókvíum hér við land.“

Af framansögðu verður aðeins ráðið að Skipulagsstofnun er í áliti sínu að gera ríka kröfu um að Matvælastofnun skuli takmarka rekstrarleyfi til eldisins við notkun geldstofna ef þess er kostur. Reynsla Norðmanna hefur leitt í ljós að geldlax er vel nothæfur til sjókvíaeldis á svæðum þar sem hitastig sjávar er með svipuðum hætti og við strendur Íslands. Íslensk sjókvíaeldisfyrirtæki hafa hins vegar ekki viljað nýta þessa tækni vegna ótta um að markaðurinn greiði ekki sama verð fyrir laxeldisafurðir af geldstofni og afurðir af frjóa norska eldislaxinum, sem þeir markaðssetja erlendis sem „vistvæna“ afurð. Þau rök eru léttvæg í samanburði við þá umhverfishagsmuni sem eru í húfi og spyrja má, hvernig getur lax sem ógnar villtum laxastofnum verið „vistvænn“?

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS



**SUNDAY þriggja sæta sófi**
**ÁÐUR 149.900,- NÚ 89.940,-**
Stærð: 238x90xH82 cm.
Litir: Ljósgrár / dökkgrár




ANTON&BERGUR

## ÞRIGGJA SÆTA SUNDAY SÓFI

# 40% AFSLÁTTUR







# 30% AFSLÁTTUR AF KERTASTJÖKUM & LUKTUM

**Gildir 13.–19. október**



# 40% AFSLÁTTUR AF KERTUM

the PIER




Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# „Almenningsvæðing“, Bjarni?



Vésteinn Valgarðsson
stuðningsfulltrúi og varaformaður Alþýðufylkingarinnar og oddviti hennar í Reykjavíkurkjördæmi suður

**Ef fólk vill að fjármálakerfið í landinu þjóni fólkinu en ekki auðvaldinu, þá á hvorki að þiggja dúsu Bjarna né hálfkákið sem fólk kallar „samfélagsbanka“.**

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, nefndi þá hugmynd á dögunum, að það ætti að „almenningsvæða“ Landsbanka Íslands. Það er gaman að sjá að boðskapur Alþýðufylkingarinnar um félagsvæðingu hafi náð svo langt, að hann sé farinn að bergmála úr herbúðum íhaldsins. Þaðan kemur hann þó svo skældur að þörf er á leiðréttingu.

„Almenningsvæðing“ Bjarna er algerlega á forsendum markaðshyggjunnar. Það á ekkert skylt við félagsvæðingu, að afhenda einhver 10-20% bankans „beint til almennings“, hvort sem það er gegn gjaldi eður ei, dreift í öreindum eða stórum stykkjum, framseljanlegt eða óframseljanlegt. Bankinn er áfram rekinn í gróðaskyni og heldur áfram að draga sér fé frá fólkinu í landinu.

Félagsvæðing er aftur á móti allt annað. Hún snýst aðallega um tilgang rekstrarins. Tilgangur félagslegs banka er að veita fólki hagstæða fjármálaþjónustu. Það á ekki að vera neinn annar tilgangur. Eða réttara: annar tilgangur er andfélagslegur. Fjármálakerfið á ekki að vera rekið í gróðaskyni; gróðinn á að koma fram í betri lífskjörum í landinu vegna þess að fólk þarf ekki lengur að borga okurvexti af lánum.

Sumir stjórnmálaflokkar tala fyrir „samfélagsbanka“. Við í Alþýðufylkingunni viljum að allt fjármálakerfið sé félagslega rekið, ekki bara bankarnir heldur líka lífeyrissjóðir og tryggingafélög. Bjarni Benediktsson er ólíklegur til að samsinna því og enn ólíklegri til að framkvæma það. Ef fólk vill að fjármálakerfið í landinu þjóni fólkinu en ekki auðvaldinu, þá á hvorki að þiggja dúsu Bjarna né hálfkákið sem fólk kallar „samfélagsbanka“ – það á að félagsvæða fjármálakerfið, hvorki meira né minna, og útrýma andfélagslegri okurlánastarfsemi úr landinu.

Fyrsta skrefið til þess að er kjósa Alþýðufylkinguna í alþingiskosningunum í haust.

# Hættulegt kosningarloforð



Árni Árnason
í 19. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík norður

**Brýnt er að fólk kynni sér vel stöðu sjávarútvegsins og framkvæmd fiskveiðistjórnunarkerfisins því þær efnahagsógöngur sem blasa við ef draumar sumra stjórnmálaflokka verða að veruleika, munu reynast martröð fyrir þjóðina alla.**

Þann draum að bjóða upp aflaheimildir og stórauka þannig tekjur ríkissjóðs má finna í stefnuskrám sumra stjórnmálaflokka fyrir komandi alþingiskosningar. Þessi hugmynd hljómar eflaust vel í eyrum þeirra sem ekki þekkja til þess kerfis sem nú er við lýði en þegar málið er betur skoðað kemur í ljós að draumurinn er tálsýn ein.

Frá því að fiskstjórnunarkerfið var fyrst sett á, þar sem veiðiheimildum var úthlutað út frá viðmiðum veiðiáranna á undan, hefur mikið breyst, enda þróast kerfi eðli máls samkvæmt til hins betra eftir því sem árin líða. Sú ákvörðun Alþingis að lögfesta ákvæði sem heimilaði eigendum veiðiheimilda að selja þær frá sér hefur löngu náð markmiði sínu, þ.e. að vernda fiskistofnana við strendur Íslands og koma á stærðarhagkvæmni í greininni. Raunar hefur fyrrnefnt ákvæði haft slík jákvæð áhrif á íslenskan sjávarútveg að aðrar greinar myndu gera vel að taka sér það til fyrirmyndar.

Umræðan sem nú er í gangi um að afnema gjafakerfið (eins og sumir kjósa að kalla það) og færa þjóðinni auðlindina aftur er á villigötum. Sú útgerð eða trillukarl sem fékk úthlutun á sínum tíma og á ennþá þær veiðiheimildir sem þá voru veittar eru vandfundin. Veiðiheimildir hafa gengið kaupum og sölum frá upphafi. Sala á þeim veitti sumum, sem staðið höfðu ölduna svo áratugum skipti, leið út. Framsalið veitti mönnum jafnframt frelsi til að leita á ný mið.

### Miklar skuldbindingar

Þær útgerðir sem starfandi eru í dag hafa farið í veigamiklar fjárfestingar til að ná til sín heimildum. Eitt tonn af þorski kostar um 2,4 milljónir. Meðalstór línubátur getur landað sirka 12 tonnum, sem segir okkur að heimildin fyrir einum róðri á góðri vertíð á slíkum bát kostar um 28,8 milljónir. Þá eru eftir greiðslur af bátnum sjálfum sem hlaupa á milljónum, launakostnaður, beita og annað tilfallandi. Þá er ekki sagan öll sögð, því verð á fiskmörkuðum ræður því hvaða tekjur hljótast af róðrinum. Að sjálfsögðu endurnýjast aflaheimildir einu sinni á ári, en talið er að kaupandi aflaheimilda geti verið allt að tíu ár að greiða fyrir þær.

Skuldbindingar íslenskra útgerða eru miklar. Flestar útgerðir hafa lagt veiðiheimildir að veði hjá bönkum til að eiga möguleika á að starfa. Hvernig á ríkið að taka þær til baka? Hvernig á að tryggja að útgerðir standi í báða fætur án veiðiheimilda? Standa við skuldbindingar sínar og að auki að leigja af ríkinu heimildirnar á nýjan leik?

Það að stjórnmálaflokkar leggi fram slík loforð er mjög ábyrgðarlaust. Í raun er verið að boða hrinu gjaldþrota innan sjávarútvegsins, sem gæti líklega orðið stærri skellur fyrir þjóðarbúið en bankahrunið, sem við hugsum enn með hryllingi til. Brýnt er að fólk kynni sér vel stöðu sjávarútvegsins og framkvæmd fiskveiðistjórnunarkerfisins því þær efnahagsógöngur sem blasa við ef draumar sumra stjórnmálaflokka verða að veruleika, munu reynast martröð fyrir þjóðina alla.

# Markaðsgjald af náttúruauðlindum í eigu þjóðar



Lárus Elíasson
viðskipta- og verkfræðingur, í framboði fyrir Viðreisn í 6. sæti í Reykjavík suður

**Það er mín persónulega skoðun að líkleg auðlindarenta af sjávarútvegi með markaðsleið sé einhvers staðar á bilinu 20-40 milljarðar króna sem er fjór- til áttföldun á því gjaldi sem innheimt er í dag.**

Helstu sameiginlegu auðlindir okkar Íslendinga eru:
1. Fiskurinn í sjónum
2. Orkuauðlindirnar (vatnsorka, jarðvarmi, vindur og sjávarföll)
3. Aðgangur að náttúrugersemum og ferðamannastöðum
4. Aðgangur að hlutum eins og lofti og vatni

Þegar auðlindir eru ótakmarkaðar þá hafa þær ekki verð/(verðmæti) og úthlutun þeirra skapar ekki mismunun. Það var trú okkar gagnvart vatninu, andrúmsloftinu, aðgengi að náttúrugersemum og jafnvel fiskinum að þær auðlindir væru ótakmarkaðar og hefðu því ekki verðmæti.

Þegar auðlindir verða takmarkaðar eins og þegar settir eru á útblásturskvótar í samningum milli landa (sem er í raun rétturinn til að taka súrefni úr andrúmsloftinu og binda við kolefni) eða ferðamönnum fjölgar svo að ekki er hægt að komast að náttúrugersemum, þá fær auðlindin verðmæti og með úthlutun hennar getur skapast mismunun.

Spilling og mismunun eru líklegir fylgifiskar allrar úthlutunar á takmörkuðum auðlindum, utan uppboðs nýtingarréttar á opnum markaði og með hlutkesti.

Uppboð á nýtingarrétti á opnum markaði hefur líka þann kost að það hámarkar tekjur eigandans af auðlindinni. Viðskiptin væru opin og gegnsæ. Uppboðsskilmálar, s.s. gildistími til margra ára, eru nauðsynlegir til að tryggja langtíma hagsmuni bjóðenda og ekki síður eigenda auðlindarinnar. Eins gæti skilyrði eins og gagnvart byggðasjónamiðum átt við.

Hvernig gæti þetta virkað fyrir mismunandi auðlindir?

### Fiskurinn í sjónum

Hámarksleiguverð kvótans mælt út frá leigu á kvóta á markaði er um 80 milljarðar (1: Ríkið gefur útgerðarmönnum 94% afslátt af kvótaleigu, Fréttatíminn 09-09-2016 Gunnar Smári Egilsson). Þetta er ofmetið og lýsir efri mörkum á mögulegum tekjum, þar sem stór hluti þessara viðskipta er vegna meðafla sem þarf að kaupa kvóta fyrir á markaði eða borga sektir ella.

Jón Steinsson skrifar einnig um málið (2: Vísir/Fréttablaðið, Færeyingar bjóða upp veiðiheimildir, SKOÐUN 08:00 16. ÁGÚST 2016 Jón Steinsson hagfræðingur). Út frá hans niðurstöðu má reikna að veiðileyfagjald fyrir þorsk, makríl og síld (einvörðungu) gæti numið um 28 milljörðum ef við bjóðum þær heimildir upp með sama hætti og Færeyingar.

Kristinn H. Gunnarsson setur fram í sinni meistaraprófsritgerð að: „Frá 2007 er áætluð auðlindarenta 43-49 milljarðar króna. Hlutur ríkisins í formi veiðigjalds er 5 milljarðar króna. Skiptingin á rentunni milli ríkisins og útgerðar er þannig að ríkið hefur fengið um 11% en útgerðin um 89%. Sú dreifing arðsins af auðlindinni er algerlega óásættanleg. Það má áætla að uppboð veiðiheimilda frá upphafi hefði skilað ríkinu stærstum hluta af rentunni. Eðlileg skipting í því ljósi væru 89% til ríkisins. Miðað við það vantar um 35 milljarða króna til ríkisins.“ (3: Makríll – nýr nytjastofn á Íslandsmiðum Auðlind í þágu þjóðar, Háskóli Íslands 2016, Kristinn H. Gunnarsson).

Það er mín persónulega skoðun að líkleg auðlindarenta af sjávarútvegi með markaðsleið sé einhvers staðar á bilinu 20-40 milljarðar króna sem er fjór- til áttföldun á því gjaldi sem innheimt er í dag. Það tónar nokkuð saman við þá hæstu tölu sem nefnd var (26 milljarðar) í viðræðum stjórnvalda og sjárvarútvegsins í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttir, þá nefnd trúlega sem hæsta mögulega tala að mati sjávarútvegsins til að verjast ósanngjarnari kröfum.

Vert er að hafa í huga að leiðandi aðilar innan sjávarútvegsins hafa lýst sig samþykka auðlindagjaldi að því gefnu að slíkt hið sama gangi yfir aðrar auðlindir líka. (4: Kolbeinn Árnason framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, http://www.ruv.is/frett/sjavarutvegurinn-vill-borga-audlindagjald, 21.02.2015 – 19:13,).

**visir.is** Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.

# Skerðing í þjónustu við aldraða og langveika



Margrét Sigurðardóttir
félagsráðgjafi MS Setri og MS-félagi Íslands

**Mögulega geta hvíldarpláss komið í veg fyrir að fólk þurfi að fara á hjúkrunarheimili eða í sumum tilvikum frestað flutningi þangað.**

Gríðarlega mikilvægt úrræði í þjónustu við aldraða og langveika (oft undir 67 ára aldri) eru hvíldarpláss sem eru ætluð fyrir fólk sem býr í heimahúsi og þarf aðstoð og umönnun við athafnir daglegs lífs. Þetta er úrræði sem felur í sér að fólk dvelur tímabundið 2-4 vikur eða lengur á hjúkrunarheimili. Á meðan geta maki og/eða aðstandendur sem sinna viðkomandi náð að hvílast, en þeir eru oft þrotnir að kröftum eftir langvarandi aðstoð og umönnun.

Dvöl í hvíldarplássi getur lengt tímann sem þessir aðilar búa heima og er þar af leiðandi þýðingarmikil þjónusta. Sú óheppilega þróun hefur átt sér stað að þessum plássum hefur verið fækkað undanfarið á nokkrum hjúkrunarheimilum, sem kemur sér afar illa fyrir fyrir þá sem notið hafa þjónustunnar og ekki síst fyrir umönnunaraðila þeirra.

Á hjúkrunarheimilinu Eir voru til skamms tíma sex hvíldarpláss, en nú hafa fimm þeirra verið tekin í notkun fyrir aðra starfsemi. Á Droplaugarstöðum voru tvö hvíldarpláss en eru ekki lengur í boði. Á Hrafnistu voru tíu endurhæfingarpláss fyrir 67 ára og eldri, en þá var fólk í sólarhringsdvöl. Þetta fyrirkomulag hentaði mörgum mjög vel að geta fengið endurhæfingu og jafnvel náð betri færni. Því olli þessi breyting óánægju hjá mörgum sem fannst dvölin hafa reynst mjög gagnleg. Staðreyndin er sú að fólk fær yfirleitt litla sem enga endurhæfingu þegar það dvelur í hvíldarplássi sem getur verið slæmt fyrir einstaklinga sem þurfa að vera í þjálfun til að geta viðhaldið færni sinni. Það á við bæði um aldraða og langveika, annars er hætta á að fólk geti orðið verr á sig komið líkamlega þegar dvölinni í hvíldarplássi lýkur. Á þessu þarf að ráða bót.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra skal þjónusta vera byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Þar segir að einstaklingar eigi að geta komið í hvíldarinnlögn sé þess þörf. Í lögum fatlaðs fólks kemur fram að veita skuli fötluðu fólki þjónustu sem miðar að því að gera því kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra.

### Mikilvægi hvíldarplássa

Bæði aldraðir og yngra fólk með langvinna sjúkdóma eru oft í mikilli þörf fyrir að komast í hvíldarpláss, því með því móti geta maki eða aðrir fjölskyldumeðlimir sem eru að veita aðstoð, náð að hvílast, en umönnunin er oft krefjandi og erfið og reynir mikið á þanþol einstaklinganna. Þess má geta að umönnunaraðilarnir eru oft sjálfir orðnir aldraðir og þurfa þess vegna að hafa svigrúm fyrir sig og sínar þarfir og ná að safna kröftum. Mögulega geta hvíldarpláss komið í veg fyrir að fólk þurfi að fara á hjúkrunarheimili eða í sumum tilvikum frestað flutningi þangað.

Í október nk. verða alþingiskosningar og því er mjög mikilvægt að fá fram hvaða stjórnmálaflokkur ætlar að standa vörð um hag aldraðra og langveikra og bæta þjónustu og kjör þeirra og standa við það.

# HNÉSPELKAN ER BYLTING FYRIR MIG

**Össur kynnir** Þótt ekki sé hægt að lækna slitgigt eru til lausnir sem lina sársaukann. Logi Hermann Halldórsson hefur góða reynslu af hnéspelku frá Össuri sem hefur gjörbreytt lífsgæðum hans og gert honum kleift að stunda vinnu sína. Hnén hafa gefið sig með tilheyrandi sársauka en spelkan dregur úr verkjum og gefur Loga möguleika á hreyfingu.

Logi starfar sem verkstjóri í Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Hann hefur alltaf verið í erfiðisvinnu. „Ég hef verið mjög slæmur í fótum, sérstaklega vinstri fæti, í tuttugu ár. Þetta byrjaði með liðþófavandamálum. Ég hef alltaf unnið erfiðisvinnu og svo er slitgigt í ættinni. Fyrir tíu árum sagði læknirinn minn að ég væri orðinn löggiltur slitgigtarsjúklingur í hnjám. Brjóskið í hnjánum rýrnar stöðugt og er nú horfið, þar af leiðandi er hnjáliðurinn nú bein í bein. Þessu fylgja miklir verkir og óþægindi. Í raun þyrfti ég að fara í aðgerð og skipta um hnélið en heilbrigðiskerfinu finnst ég of ungur, en ég er að verða 52 ára," greinir Logi frá.

„Ég heyrði af hnéspelku frá Össuri fyrir ári. Ég var búinn að prófa alls konar hlífar, en ekkert gagnaðist mér. Þá hvatti læknirinn minn mig til að skoða spelkuna frá Össuri. Það tók mig nokkra daga að aðlagast spelkunni en ég fann strax mikinn mun á mér. Núna nota ég spelkuna tíu tíma á dag við vinnu.



Logi segir að fólk sem er kvalið í hnjám og kemst ekki strax í aðgerð ætti hiklaust að skoða hnéspelkuna.

### UPP Á JÖKUL

Reyndar er skemmtilegt frá því að segja að nokkru síðar var ég kominn upp á Sólheimajökul en það hefði aldrei gerst án spelkunnar. Félagi minn átti 50 ára afmæli og var ákveðið að halda upp á afmælið í skemmtiferð. Meðal annars átti að fara upp á jökul. Ég sá fyrir mér að bíða meðan félagarnir færu upp. Mig langaði samt að prófa með spelkuna enda væri alltaf hægt að snúa við. Fyrst gengum við að jökulsporðinum sem gekk vel og ég hugsaði með mér að reyna við hæðina sem var fram undan. Mér tókst það og ákvað að halda áfram upp jökulinn. Hins vegar kveið ég mikið fyrir niðurleiðinni því oft er verra að fara niður en upp. Það gekk einnig vel svo ég var ákaflega stoltur. Sumir í hópnum vissu ekki að ég væri með spelku og voru mjög undrandi þegar þeir fréttu það. Ég hefði aldrei farið þessa leið án spelkunnar," segir Logi. „Þetta ferðalag kom mér skemmtilega á óvart. Lífgæði mín hafa því batnað stórkostlega. Verkirnir hafa minnkað og mér líður betur í vinnunni."

> Spelkan hentar mér alveg fullkomlega. Núna nota ég hana tíu tíma á dag við vinnu.
>
> Logi Halldórsson

### HREYFING ER LÍFSSPURSMÁL

„Ég myndi halda að fólk sem er kvalið í hnjám og kemst ekki strax í aðgerð ætti hiklaust að skoða þennan möguleika. Ég átti erfitt með stuttar heilsubótargöngur en nú fer ég með konunni minni í lengri göngur. Ég fer í líkamsrækt þrisvar í viku. Ég hjóla og lyfti lóðum. Það gerir mér mjög gott. Fyrir gigtarsjúklinga er hreyfing lífsspursmál. Við hjónin skruppum til Spánar og notaði ég spelkuna mikið til að auðvelda mér göngur. Þessi spelka er bylting fyrir mig. Ég get mælt 100% með henni. Spelkan er létt, hún þvingar ekki og ég er sannfærður um að þetta sé albesta hjálpartækið sem fólk getur fengið í þessum aðstæðum," segir Logi.



### HELSTU EIGINLEIKAR

- Spelkan er fyrirferðarlítil og létt.
- Spelkan fer undir föt og getur notandi gengið í hverju sem er.
- Spelkan er með mjúkri bólstrun og SenSil-gel sílíkonhúð.
- Spelkan loftar vel sem gerir það að verkum að notandinn svitnar síður.
- Spelkan er með einfaldar festingar, er auðstillanleg og meðfærileg.




© ÖSSUR, 08. 2016

UNLOADER®

Veitir stuðning og minnkar verki

STOÐTÆKJAÞJÓNUSTA

WWW.OSSUR.IS

GRJÓTHÁLS 1-3
S. 515 1300

ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



**Risastór Nike-úlpa úr Spúútnik er uppáhaldsflík Stellu þessa dagana.** MYND/GVA

# KYNLAUST ER MÁLIÐ

Fatamarkaður verður haldinn í Hinu húsinu í kvöld klukkan 18.00. Ein þeirra sem taka þátt er **Stella Briem,** menntaskólamær úr Versló.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



**Spáir þú mikið í tísku?** Já, ég reyni það. Ég reyni allavega að gera lítið úr kynhlutverkum þegar kemur að tísku. Það er ekki til kvenkyns eða karlkyns klæðnaður fyrir mér, bara allt unisex. Það sést kannski svolítið í því hvernig ég klæði mig.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** „Casual streetwear“ sem einkennist af unisex klæðnaði.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég fer í það sem mér líður vel í, sem er oftast eitthvað „oversized“. Mom jeans og hettupeysa eða oversized bolur, keðja eða eyrnalokkar og Nike Airmax skórnir mínir eða Jordans eru klassík.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég geri það nú ekki oft en þegar það gerist fer ég aldrei í kjól. Ég færi frekar í kjólföt heldur en kjól sem ég hef einmitt gert áður, á peysufatadegi Verzlunarskólans. Ég klæði mig líklega í buxur og fínan topp, í boots og dressa það upp með ýktu skarti.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Í karladeildinni í flestum verslunum, Urban outfitters og Topman til dæmis. Ég finn alveg eitthvað í stelpudeildinni en strákadeildin er meira ég.

Ég versla annars langmest í vintage búðum erlendis. Það er samt mikið fínt að finna í Fatamarkaðnum á Hlemmi og Góða hirðinum hérna heima.

**Eyðir þú miklu í föt?** Nei, ég reyni að kaupa flest allt vintage nema það sé eitthvað sem mig langar mjög mikið í, þá splæsi ég stundum. Þegar kemur að skóm hins vegar fer ég all inn.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Þessa stundina er það risastór Nike-úlpa sem ég fékk í Spúútnik. Druslubolurinn minn er annars alltaf uppáhalds, tilfinningagildið er mikið.

**Uppáhaldshönnuður?** Þessa stundina er það Alexander Wang. Ég elska líka þegar uppáhaldstónlistarmennirnir mínir eru að gera kúl dót, eins og Fenty Puma línan sem Rihanna hannaði.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Líklegast er það að fara yfir strikið í oversized flíkum og sérstaklega jökkum. Mér finnst alltaf því stærri sem flíkin er því betra er það, sem er ekki alltaf málið.

**Notar þú fylgihluti?** Já, ég er alltaf með hringi á öllum puttum og svo er ég með eyrnalokka. Ég elska statement eyrnalokka og keðjur.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Já, það er hún Rihanna, allan daginn.

**Getur þú sagt okkur aðeins frá Fatamarkaði Hins hússins?** Þetta er snilldar markaður sem ég og vinkonur mínar, Marta Brancaccia og Hildur Helga, fengum að vera partur af þetta skiptið.

Við verðum þarna með gamlar flíkur sem við getum ekki notað lengur en verða bara enn þá flottari á einhverjum öðrum. Markaðurinn stendur frá klukkan 18 til 21.30.


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
BEET ELITE
NeO SHOT
Íslandsmeistarar
TEAM CUBE 2016
Bjarni Garðar Nicolaisson
#Íslandsmeistari TT
#Sigurvegari í KEX RIDE
#Sigurvegari í WOW Cyclothon
A flokki karla
Erla Sigurlaug Sigurðardóttir
#Íslandsmeistari í fjallahjólreiðum
#Íslandsmeistari í marathonfjallahjólreiðum
#Sigurvegari í Bláalónsþrautinni
#Sigurvegari í KIA Gullhringnum
#Sigurvegari í RB Classic
#Sigurvegari í Tour Of Reykjavík
Guðmundur Róbert Guðmundsson
#Íslandsmeistari í götuhjólreiðum
#Sigurvegari í WOW Cyclothon
A flokki karla
Xenofit
www.xenofit.de
Tacx
ParkTool
STAGES
WWW.TRI.IS
Cube your life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00













Það má finna fjölbreytt úrval af bleikum vörum í versluninni. MYND/EYÞÓR



Forsetafrúin Eliza Reid (t.v.) var fyrsti viðskiptavinur Bleiku búðarinnar. Með henni er Ragna Sveinbjörnsdóttir verslunarstjóri.



Ragna Sveinbjörnsdóttir (t.v.) er verslunarstjóri Bleiku búðarinnar. Við hlið hennar er Baldvina Snælaugsdóttir, markaðsstjóri Kringlunnar. MYND/EYÞÓR

# SOGAR AÐ SÉR GESTI

Vinsældir **Bleiku búðarinnar** í Kringlunni hafa verið miklar undanfarna daga. Þar er hægt að kaupa fjölbreytt úrval bleikra vara til styrktar Bleiku slaufunni. Viðtökur hafa verið frábærar og salan gengið vel.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is

Bleika búðin í Kringlunni hefur vakið mikla athygli og fengið mjög góðar viðtökur meðal viðskiptavina. Tilurð hennar má rekja til góðgerðarverkefnisins Af öllu hjarta sem hófst í ár, en þar gefa kaupmenn Kringlunnar fimm prósent af veltu eins dags til ákveðins samfélagsverkefnis.

Á þessu fyrsta ári átaksins var ákveðið að dagurinn yrði tileinkaður Bleiku slaufunni og var hann haldinn 29. september sl. Að sögn Baldvinu Snælaugsdóttur, markaðsstjóra Kringlunnar, vildi Kringlan þó gera eitthvað meira og voru því tvö önnur stór verkefni sett á laggirnar. Annars vegar málaði Tolli listaverk ásamt leikskólabörnum en andvirði þess mun renna til Bleiku slaufunnar. Hins vegar var Bleika verslunin sett á fót, nokkurs konar pop-up verslun sem er fyrir miðju göngugötu fyrstu hæðar Kringlunnar. „Við vildum kynna fjölbreytt vöruúrval í Kringlunni og fengum kaupmenn til liðs við okkur með því að fá hjá þeim bleikar vörur til að selja og mun ágóði sölunnar renna til söfnunarinnar. Rekstrarfélag Kringlunnar ber alfarið ábyrgð á framkvæmd, utanumhaldi og rekstri búðarinnar og var sérstakur verslunarstjóri ráðinn til að stýra henni sem er Ragna Sveinbjörnsdóttir.“

## FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Ragna hefur því séð um að safna vörum frá verslunum auk þess að sjá um framstillingu og afgreiðslu í búðinni. „Til aðstoðar henni eru starfsmenn á skrifstofu Rekstrarfélagsins en viðtökur hafa verið svo góðar að það hefur ekki veitt af fleiri starfsmönnum í afgreiðslu. Það er jákvætt vandamál og þykir okkur aðstoð í búðinni kærkomin og frábær tilbreyting frá skrifstofuvinnunni.“

Til sölu eru fjölbreyttar og glæsilegar vörur frá ólíkum verslunum og allar eru þær bleikar. „Meðal vara má nefna fatnað á allan aldur og bæði kyn, skart, heimilisvörur, gjafavörur, snyrtivörur, símtæki, kerti og skó. Að sjálfsögðu eru þetta nýjar vörur sem fást einnig í viðkomandi verslunum í dag, en ágóðinn af vörum seldum í Bleiku búðinni rennur í söfnunina.“

Viðtökurnar hafa verið frábærar að hennar sögn. „Fallega framsettar bleikar vörurnar gefa frá sér bleikan bjarma og básinn litli hreinlega sogar að sér gesti. Salan hefur verið með eindæmum góð og höfum við ekki undan að fylla á spennandi bleikar vörur. Það má segja að vöruúrvalið sé aldrei það sama, við getum ekki stillt öllu fram í einu og því er vörum róterað á milli daga á meðan enn eru birgðir. Við finnum einnig að gestir vilja mjög gjarnan styrkja málefnið meira en með kaupum á bleiku slaufunni auk þess sem margir eru að leita sér að bleikum fatnaði eða fylgihlutum til að taka þátt í bleika deginum 14. október.“

> Meðal vara má nefna fatnað á allan aldur og bæði kyn, skart, gjafavörur, snyrtivörur, símtæki, kerti og skó. Að sjálfsögðu eru nýjar vörur sem fást einnig í viðkomandi verslunum
>
> Baldvina Snælaugsdóttir

## BREIÐ SAMSTAÐA

Hún segir kaupmenn í Kringlunni eiga mikið hrós skilið fyrir þátttöku sína. Auk þess að gefa fimm prósent af veltu góðgerðardagsins gefa fjölmargir vörur eða leggja þær til á kostnaðarverði svo ágóðinn verði sem mestur í söfnunina. „Það er hreint afrek að ná svo breiðri samstöðu meðal svo ólíkra fyrirtækja. Verkefnið hefur verið mikil lyftistöng fyrir alla sem hér starfa. Slagorð Kringlunnar er „Af öllu hjarta“ og með þessu verkefni eru kaupmenn svo sannarlega að gefa því ríkt innihald.“

**Bleika búðin er opin alla daga til og með föstudagsins 14. október, milli kl. 12 og 17.**


Stærðir
36-56
NÝ SENDING!
Frábært úrval af glæsilegum haustvörum
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
PEYSA 9.990kr st. 42-56
BLÚSSA 6.990kr st. S-XXXL
SKYRTA 7.990kr st. 42-56
BLÚSSA 6.990kr st. 42-56
PEYSA 6.990kr st. S-XXXL
BUXUR 8.990kr st. S-XXXL
Góðar pleðurbuxur með teygju í mittið!
KJÓLL 6.990kr st. 42-56
BOLUR 5.990kr st. 42-56
BOLUR 8.990kr st. 42-56
PEYSA 5.990kr st. S-XXXL
Verð 8.990,- st. 36-41
Verð 8.990,- st. 36-41
Verð 8.990,- st. 36-41
Verð 11.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

JEPPADEKK

DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW
MICKEY THOMPSON
jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi
M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
Stærðir 32" - 54"
Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

# FALLEGIR LITIR, SAGA EÐA SÁL

Tónlistarmaðurinn Tómas Jónsson leitar ekki eftir nýjustu tísku hverju sinni heldur frekar því sem hann sér á ferð og flakki í daglegu amstri.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Þrátt fyrir ungan aldur hefur tónlistarmaðurinn Tómas Jónsson komið víða við. Undanfarin ár hefur hann spilað á píanó og önnur hljómborðshljóðfæri með mörgum hljómsveitum og listamönnum, bæði á tónleikum og í hljóðveri. Á næstunni kemur út fyrsta sólóplata hans auk þess sem hann mun koma fram með hljómsveit sinni á tónlistarhátíðinni Airwaves í næsta mánuði.

„Ég hef verið svo lánsamur að fá að vinna með ólíku tónlistarfólki og með mörgu fólki sem ég ber mikla virðingu fyrir. Núna er ég að gefa út plötu í eigin nafni með eigin músík og útsetningum. Það finnst mér ansi skemmtilegt en einnig mjög hræðilegt.“

Sjálfur hlustar hann á ýmsa tónlist, hefðbundna og tilraunakennda frá öllum tímabilum. „Á plötunni minni, sem kemur út í lok október, er að finna áhrif frá ambíent raftónlist og seventís sækadelíu þannig að ég veit ekki hvort ég á að setja hana á kántrí- eða teknóhilluna.“

Hljómsveitin Tómas Jónsson kemur fram á Iceland Airwaves. „Í vetur er síðan eitt og annað á dagskrá. Ég er að vinna í meiri músík fyrir fleiri plötur. Ég er búinn að vera að vinna með Magnúsi Þór Sigmundssyni, vini mínum, við eitt og annað. Svo er ég í tónleikahljómsveit Ásgeirs Trausta sem ætlar að ferðast víða í vetur og spila.“

**Lýstu fatastílnum þínum?** Ég hef aldrei velt fyrir mér eigin fatastíl og hvort ég hafi yfir höfuð einhvern. Hins vegar er ég mikill fagurkeri og finnst fallegir hlutir skemmtilegir, þar eru föt engin undantekning. Mér finnst skemmtileg föt falleg og falleg föt skemmtileg. Ég er svolítill sixtís- og seventísaðdáandi svo það spilar sjálfsagt inn í. Mér finnst flauel frábært og loðfóður líka. Fallegir litir og saga eða sál.

Hversdagsklæðnaður minn er samt oftast nokkuð hlýr þar sem mér er illa við að vera kalt, það er óþarft með öllu.

**Hvenær fékkstu áhuga á tísku?** Í sjálfu sér hef ég ekki áhuga á tísku, hvað er inni og hvað er úti hverju sinni, heldur frekar á fallegum og vönduðum fatnaði.

**Hvernig fylgist þú með tísku?** Ég held ég fylgist mjög óméðvitað með þessum málum og ekki leita ég að nýjustu tísku á internetinu. Frekar held ég að maður sjái þetta á ferð og flakki í daglegu amstri.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Mér finnst skemmtilegast að kaupa gömul notuð föt. Þannig að ég verð að segja bara allir „second hand“ markaðir. Rauði krossinn, Hjálpræðisherinn og fatamarkaðurinn á móti Hlemmi og sambærilegar búðir í útlöndum.

**Áttu uppáhaldsflík?** Mér dettur helst í hug dönsku Jacoform skórnir sem mér finnst sérlega skemmtilegir. Svo hef ég mikið dálæti á rykfrakkanum mínum sem ég nota við flest tilefni. Hann er nú orðinn ansi sjúskaður samt.

**Bestu kaup og verstu kaup?** Dökkblár grófur flauelsjakki sem ég datt niður í á „second hand“ verslun í þorpi í Lettlandi er dæmi um sérdeilis góð kaup. Hann kostaði innan við eina og hálfa evru og hef ég notað hann óspart síðan. Dæmi um slæm kaup eru vettlingar því þeim týni ég mjög fljótt.



Rykfrakkinn er úr Hjálpræðishernum, peysan frá Farmers Market, grænar flauelsbuxur frá Kron Kron og skórnir frá Jacoform. Á höfðinu ber hann hatt sem keyptur er á Camden Lock markaðnum í London.

> Ég hef aldrei velt fyrir mér eigin fatastíl og hvort ég hafi yfir höfuð einhvern.



Loðfóðraður flauelsjakki frá Rauða krossinum, Levi's gallaskyrta og svartir leðurskór.



Rauður flauelsjakki og rauðrósótt flauelsskyrta frá Portobello markaðinum í London.

# Endurvinnsla

13. október 2016
**KYNNINGARBLAÐ** Fura | Sorpa | Reykjavíkurborg



Haraldur Ólason heldur hér á furuflísinni sem notuð er í hesthús, fjós og á fleiri stöðum. MYND/GVA

# Framleiða undirburð fyrir hesta

**Fura ehf.** málmendurvinnsla í Hafnarfirði framleiðir undirburð, Furuflís, fyrir hesta, kýr, svín og aðrar skepnur sem er notaður til að halda undirlagi skepnanna hreinu og þurru. Furuflís er mun ódýrari en aðrir spænir og hefur fengið góðar viðtökur. Efnið er framleitt í tvenns konar grófleika, annars vegar sem undirburður undir skepnur og hins vegar grófara trjákurl sem undirlag í reiðhallir, á göngustíga við sumarbústaði og í blómabeð.

Grunnurinn að fyrirtækinu er brotajárnsvinnsla en einnig hefur þar alltaf verið tekið á móti timbri. Þegar Haraldur Ólason, sem er annar eigandi Furu ehf., byrjaði að stunda hestamennsku fyrir tíu árum blöskraði honum verðlagning á spónum sem notaðir voru í hesthúsin. Þá spratt fram hugmyndin að íslenskri framleiðslu á undirburði fyrir hross sem svo hefur undið upp á sig á þeim fjórum árum sem liðin eru frá því að byrjað var að huga að uppsetningu verksmiðjunnar.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum fjórum árum en í dag er Furuflís seld í nokkrum útibúum víða um landið og er einn vinsælasti undirburður undir hross á markaðnum. Útibúin eru á Akureyri, í Borgarfirði, á Selfossi, á Skeiðum og á Reyðarfirði. Einnig er Furuflís sent um land allt eftir óskum viðskiptavina.

Vinsældir gólfflísarinnar hafa einnig farið fram úr væntingum en það er grófara viðarkurl sem notað hefur verið sem reiðhallagólf, í stíga við sumarbústaði og í blómabeð. Gólfflís hefur reynst vel í trjábeð og blómabeð til að halda frá öllu illgresi.

Hráefnið sem notað er til framleiðslunnar eru bretti og ófúavarið og ómálað byggingatimbur. Allt hreint timbur. Efniviðurinn er nægur en framleiðslan er um þrjú þúsund tonn á hverri vakt. Efnið er pressað í 28 kílóa loftþétta bagga. Þá er búið að þurrka efnið með hita og gufukatli. Fyrst er efnið grófhakkað utandyra í stórum tætara og síðan sett inn í skýli. Þaðan fer það inn í verksmiðjuna þar sem stór segull hreinsar allt járn og nagla úr því, áður en timbrið fer í kvörn sem malar það fínna niður. Loks fer efnið í þurrkara sem er kyntur í 140 gráður. Efnið er allt rykhreinsað og þess vegna fellur til talsvert sag við framleiðsluna. Næst á dagskrá er að setja upp vél sem köggglar þetta sag sem til fellur svo nýtingin á timbrinu verði um 99%. Vélarnar í þá framleiðslu eru komnar til landsins og framleiðslan hefst fljótlega.



Verksmiðjan Fura er búin góðum og nútímalegum tækjum. MYND/GVA

**Fura málmendurvinnsla er til húsa að Hringhellu 3 í Hafnarfirði, sími 565 3557. Opið virka daga frá kl. 7.30-22 og á laugardögum til kl. 16. Fura er á Facebook undir nafninu Furuflís.**




Á heildina litið er um 120% aukning á flokkun og skilum á plasti til endurvinnslu samanborið við síðasta ár, segir Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.




# Árangur í endurvinnslu

Markmið **Reykjavíkurborgar** er að draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu enn frekar. Mikill árangur hefur náðst á undanförnum árum í endurvinnslu pappírs og pappa. Plastið hefur hins vegar verið í forgrunni síðasta árið eða frá því að byrjað var að bjóða upp á græna tunnu undir plast við heimili í Reykjavík.

Fyrstu níu mánuði ársins söfnuðust um hundrað tonn af plasti í grænu tunnuna. Græna tunnan var viðbót við söfnun á plasti sem áður var hægt að skila á grenndar- og endurvinnslustöðvar. „Plast er orðið eitt algengasta efnið í umhverfi okkar og notkun þess eykst í sífellu. Hlutur plasts er um tuttugu prósent í blönduðum úrgangi í gráum tunnum en allur sá úrgangur er urðaður. Alls féllu til um 18.400 tonn af blönduðum úrgangi frá heimilum í Reykjavík árið 2015 og því má ætla að ríflega 3.680 tonn af plasti hafi verið urðuð í Álfsnesi það árið," segir Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Hún bætir við að skil á plasti hafi aukist gríðarlega síðan Reykjavíkurborg fór að bjóða upp á hirðu á endurnýtanlegu plasti við heimili í Reykjavík. „Á heildina litið er um 120% aukning á flokkun og skilum á plasti til endurvinnslu samanborið við síðasta ár."

## Greiða í takt við þjónustustig

Reykjavíkurborg hefur þá sérstöðu að íbúar velja það þjónustustig sem þeim hentar og greiða fyrir þjónustuna í takt við það. Þannig geta íbúar valið hvort þeir vilja nýta sér þjónustu grenndar- eða endurvinnslustöðva eða hvort þeir kjósa að endurvinnanlegur úrgangur sé sóttur að heimilum þeirra. „Íbúar þurfa því að óska eftir grænni tunnu undir plast og blárri tunnu undir pappír og pappa við heimili sitt. Hins vegar er gerð

> **Íbúar í Reykjavík mega setja blandaðan úrgang lausan í gráu tunnuna og því er hægt að stunda pokalausan lífsstíl ef vilji er til.**
>
> *Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar*

sú krafa að íbúar flokki ákveðna úrgangsflokka frá blönduðum úrgangi, það er endurvinnanlegan pappír og pappa, umbúðir með skilagjaldi, garðaúrgang, grófan úrgang og spilliefni," útskýrir Eygerður. Með þessum hætti hefur Reykjavíkurborg náð meiri árangri í flokkun pappírs og pappa en flest önnur sveitarfélög.

Í Reykjavík er ekki lagt eitt og sama sorphirðugjaldið á íbúa heldur ræðst gjaldskráin annars vegar af mengunarbótareglunni, um að sá geldur sem veldur, og hins vegar af þjónustustigi. Íbúar sem kjósa að flokka úrgang til endurvinnslu og draga þannig úr fjárhagslegum og umhverfislegum kostnaði við meðhöndlun úrgangsins greiða minna. Eygerður tekur sem dæmi að tunna undir plast er sextíu prósent ódýrari en tunna undir blandaðan úrgang. „Aukin þjónusta við íbúa eykur kostnað sveitarfélaga sem þeim ber lagaleg skylda til að innheimta að fullu með hækkun hirðugjalda. Hirða endurvinnsluefna í tunnum við heimili er kostnaðarsamari en ef íbúar skila sjálfir á grenndar- og endurvinnslustöðvar og íbúar í Reykjavík sem velja þá leið njóta góðs af því með lægri hirðugjöldum. Um 85% íbúa hafa aðgengi að grenndarstöðvum í fimm hundruð metra fjarlægð frá heimili sínu eða minna og því eru skil á grenndarstöðvar hagkvæm og aðgengileg leið fyrir flesta Reykvíkinga."



## Pokalaus lífsstíll

Margir velta fyrir sér hvað eigi að nota utan um úrgang sem til fellur á heimilinu eða í fyrirtækinu ef þeir hætta að kaupa einnota burðarpoka úr plasti við innkaup. „Staðreyndin er að flokkun endurvinnsluefna dregur úr þörfinni fyrir poka undir blandaðan úrgang því endurvinnsluefnum má skila í lausu í endurvinnsluílát. Á markaðnum eru einnig pokar úr niðurbrjótanlegu efni, svo sem maíspokar, sem hafa nokkra yfirburði í umhverfislegu tilliti samanborið við plastpoka. Íbúar í Reykjavík mega setja blandaðan úrgang lausan í gráu tunnuna og því er hægt að stunda pokalausan lífsstíl ef vilji er til. Þá þarf að hreinsa tunnuna oftar og hafa margir brugðið á það ráð að nota poka sem hvort sem er falla til á heimilinu undir úrganginn, svo sem pokana undan brauðinu og kartöflunum," segir hún.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301 | VEFFANG visir.is | UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439 | ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

**Margfalt minni útblástur**
Frá árinu 2000 hefur SORPA framleitt eldsneytið metan úr lífrænum úrgangi sem berst á urðunarstaðinn í Álfsnesi. Þetta er verðugt verkefni því spöruð gróðurhúsaáhrif eru um 310.000 tonn af $CO_2$.

**26**
tveggja lítra plastflöskur þarf til að búa til eina flíspeysu.

**125 á ári**
Einnota plastpokar sem sparast árlega fyrir hvern Íslending sem skiptir yfir í margnota burðarpoka.

**11.000 lítrar**
Vatnsmagn sem þarf við framleiðslu á einum gallabuxum.




**Hlutföll helstu efnisflokka í gráu heimilistunnunni (orkutunnu)**
Samkvæmt rannsókn SORPU á samsetningu heimilisúrgangs í nóvember árið 2015

- Matarleifar, bein, gæludýraúrgangur, ryksugupokar 44% 66 kg á íbúa
- Plast 21% 31 kg á íbúa
- Pappír og pappi 11% 17 kg á íbúa
- Bleiur 7% 10 kg á íbúa
- Gler og steinefni 5% 8 kg á íbúa
- Klæði og skór 4% 6 kg á íbúa
- Önnur lífræn efni; garðaúrgangur, timbur, kertavax 3% 5 kg á íbúa
- Málmar* 3% 5 kg á íbúa
- Flöskur og dósir 1% 2 kg á íbúa
- Spilliefni og raftæki 1% 2 kg á íbúa

*SORPA nær stórum hluta málma úr úrganginum með tækjabúnaði og mun sá búnaður verða uppfærður um leið og gas- og jarðgerðarstöðin verður tekin í notkun.

**200 milljónir**
Andvirði skilagjaldsskyldra drykkjarumbúða sem höfuðborgarbúar henda í ruslið í stað þess að endurvinna.

**2.000 tonn**
Árlegt magn fata og vefnaðarvöru sem endar í ruslinu í stað þess að fara í endurvinnslu.

**2,4 milljónir trjáa**
Það sem hefur sparast vegna endurvinnslu SORPU á pappír frá árinu 1991.

**10.000 tonn**
Þeir húsmunir sem hafa skipt um eigendur í gegn um Góða hirðinn, nytjamarkað SORPU.

**66 kg**
Magn eldhúsúrgangs frá hverjum höfuðborgarbúa árið 2015. Þessi úrgangur mun eiga heima í gas- og jarðgerðarstöð.

**SORPA** er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið er rekið án hagnaðarsjónarmiða og með umhverfið að leiðarljósi.

Stefna eigenda SORPU er að urðun heimilisúrgangs verði hætt ekki seinna en 2021, líkt og fram kemur í Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020.

# 95% endurnýting – Gas- og jarðgerðarstöð rís í Álfsnesi

Með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU sem áætlað er að rísi í Álfsnesi árið 2018 verður raunhæfur möguleiki að endurnýta um 95% af öllum úrgangi frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu.

Metanvinnsla SORPU mun aukast til muna með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar og heildarframleiðslan frá stöðinni og urðunarstaðnum duga til að knýja um 7-8.000 metanbíla. Auk þess mun stöðin skila um 10-12.000 tonnum af jarðvegsbæti sem nýta má til uppgræðslu lands. Úr plastúrgangi og öðrum leifum, sem óhæfar eru í annars konar endurvinnslu, verður annaðhvort framleitt brenni sem nýtist sem orkugjafi eða dísilolía sem nýtist sem ökutækjaeldsneyti.

**ÚRGANGUR VERÐUR ELDSNEYTI**
Í dag eru um 70 prósent úrgangs sem fara í gráu heimilistunnuna lífræn efni, t.d. matarleifar og annar eldhúsúrgangur, pappírsefni, garðaúrgangur, bleiur, textíll og timbur. Úrgangurinn er urðaður í Álfsnesi en SORPA framleiðir vistvæna eldsneytið metan úr hauggasi sem myndast við niðurbrot lífrænna efna.

Metanið í hauggasinu er mjög orkuríkt, en einnig áhrifarík gróðurhúsalofttegund eða 25 sinnum áhrifameiri en koltvísýringur. Metangasframleiðsla í Álfsnesi árið 2015 samsvaraði um tveimur milljónum bensínlítra þannig að matarleifar allra höfuðborgarbúa eru endurnýttar með þessum hætti og þannig dregið úr notkun á jarðefnaeldsneyti, s.s. bensíni og dísil. Í dag nýtast þó næringarefnin í lífræna hluta heimilisúrgangsins ekki en það mun breytast með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar.

**EFNI GRÁU TUNNUNNAR FER Í GAS- OG JARÐGERÐARSTÖÐ**
Um 44% efnisins í heimilistunnunni eru eldhúsúrgangur sem er að mestu lífrænn (matarleifar, bein, gæludýraúrgangur, ryksugupokar o.þ.h.). Það er sá úrgangur sem mun eiga heima í gas- og jarðgerðarstöðinni, auk bleia og pappírsefna sem eru óhæf í annars konar endurvinnslu. Áhersla mun verða á að ákveðin efni séu flokkuð frá heimilisúrganginum, s.s. pappír, fatnaður, gler, spilliefni, raftæki o.fl. og komið í endurvinnslu í gegn um grenndargáma, blátunnu, endurvinnslustöðvar o.s.frv.

**PLAST- OG GLERSÖFNUN AUKIN**
Framleiðsla á jarðvegsbæti í hæsta gæðaflokki krefst aukinnar flokkunar og vinnslu á gleri og steinefnum. Söfnun á gleri hófst á 37 grenndarstöðvum árið 2016 og er stefnt að því að árið 2019 verði glergáma að finna á öllum grenndarstöðvum höfuðborgarsvæðisins. Gler nýtist nú sem fyllingarefni við framkvæmdir með sama hætti og möl. Þannig má draga úr námugreftri og umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda.



Undirbúningur er einnig hafinn að aukinni plastsöfnun og er SORPA m.a. í tilraunaverkefni með Seltjarnarnesbæ um söfnun plastumbúða í sérstaka poka sem svo eru flokkaðir frá heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU í Gufunesi. Niðurstaða verkefnisins mun nýtast SORPU og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til ákvarðana um framtíðarlausnir á söfnun plastefna. Líklegt er að um einhvers konar vélræna flokkun verði að ræða en nú þegar er vélræn flokkun á málmi í heimilisúrgangi og bylgjupappa sem er flokkaður frá öðrum pappírsefnum úr blátunnu. Einnig hefur Reykjavíkurborg boðið íbúum að fá sérstaka tunnu undir plastumbúðir og hefur það aukið plastsöfnun í borginni.

**GAS- OG JARÐGERÐARSTÖÐ ER BESTA LAUSNIN**
Gas- og jarðgerðarstöð er niðurstaða umfangsmikillar greiningarvinnu á árangri og kostnaði við mismunandi leiðir í söfnun og meðhöndlun á heimilisúrgangi. Meðal annars var gerð lífsferilsgreining þar sem metin voru umhverfisáhrif mismunandi lausna. Samanburður var gerður á því að jarðgera eingöngu matarleifar annars vegar og hins vegar að framleiða bæði gas og jarðvegsbæti úr heimilisúrgangi. Niðurstaðan var meðal annars að um þriðjungi minni útblástur gróðurhúsalofttegunda verður til ef sú aðferð er notuð að framleiða bæði gas- og jarðvegsbæti. Eitt stærsta umhverfisvandamálið sem við stöndum frammi fyrir eru loftslagsbreytingar af mannavöldum. Gas- og jarðgerðarstöð, samhliða aukinni endurvinnslu á textíl, pappírsefnum, plasti og málmum, verður mikilvægt framlag íbúa höfuðborgarsvæðisins í baráttunni við að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

# Höfum völd til að breyta heiminum

**Fjölmargir skólar á öllum skólastigum eru þátttakendur í verkefninu Skólar á grænni grein. Unnið er með fjölmörg þemu í verkefninu en öll eiga þau sameiginlegt að tengjast sjálfbærni á einhvern hátt. Ef skólinn nær að uppfylla markmið sín fær hann að flagga fánanum í tvö ár.**

> **„Sjálfbærni snýst ekki aðeins um að flokka rusl, heldur tekur hún til mun fleiri þátta.**
>
> *Margrét Hugadóttir, sérfræðingur hjá Landvernd*

Verkefnið Skólar á grænni grein, sem flestir þekkja undir nafninu Grænfáninn, hefur verið starfrækt af Landvernd frá árinu 2001. Þátttökuskólar eru nú 231 og eru því fjölmargir leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar á grænni grein. Unnið er með fjölmörg þemu í verkefninu að sögn Margrétar Hugadóttur, sérfræðings hjá Skólum á grænni grein hjá Landvernd, en öll eiga þau sameiginlegt að tengjast sjálfbærni á einhvern hátt. „Sjálfbærni snýst ekki aðeins um að flokka rusl, heldur tekur hún til mun fleiri þátta. Þemun sem skólar á grænni grein eru að vinna með eru orka, úrgangur, átthagar, samgöngur, landslag, lýðheilsa, loftlagsbreytingar, neysla, hnattrænt jafnrétti, náttúruvernd og vistheimt.“

Til að fá að flagga Grænfánanum þurfa þátttökuskólar að fylgja sjö skrefum að sögn Margrétar. „Fyrst þarf að stofna umhverfisnefnd en í henni sitja fulltrúar nemenda, foreldra, kennara, almennra starfsmanna, matráða og stjórnenda. Nefndin starfar samkvæmt lýðræðislegum leikreglum og nemendur hafa þar mikið vægi. Umhverfisnefndin velur 1-2 þemu sem vinna á með á tímabilinu.“

### Hátíðleg stund

Næsta skref felur í sér mat á stöðu umhverfismála í skólanum. Þar er stuðst við ákveðin matsblöð og sjá nemendur oft um matið. „Að því loknu stígur nefndin þriðja skrefið og gerir áætlun um aðgerðir og setur sér um leið markmið. Mikilvægt er að setja sér raunhæf markmið og vinna um leið að 5-6 markmiðum innan hvers þema.“

Fjórða skrefið er eftirlit og endurmat þar sem skoðað er hvort unnið sé að því að ná markmiðum. „Fimmta skrefið tengist tengingu við aðalnámskrá, en Grænfánaverkefnið fellur vel að fjölmörgum hæfniviðmiðum í aðalnámskrá og því mikilvægt að tvinna vinnuna saman við allt skólastarf. Grunnþættir menntunar eru sjálfbærni, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, sköpun og læsi, og tengjast þeir allir Grænfánaverkefninu. Því er mjög gott að vinna með grunnþættina innan þeirra markmiða sem skólinn setur sér.“

Sjötta skrefið er að upplýsa og fá aðra með. Nemendur fræða því einnig heima fyrir, í fjölmiðlum og samfélaginu öllu. „Lokaskrefið er að búa til umhverfissáttmála en hann lýsir í stuttu máli heildarstefnu skólans í umhverfismennt og sjálfbærni. Stundum er umhverfissáttmálinn slagorð, ljóð, lag eða stefna.“ Að lokum sækir skólinn formlega um Grænfána og ef hann hefur náð að uppfylla markmiðin sín fær hann að flagga honum í tvö ár. „Það er hátíðleg stund þegar fáninn er dreginn að húni og nemendurnir fyllast stolti yfir vel unnu starfi.“



**„Kennarar vinna stórkostlegt starf í grunnskólum þrátt fyrir að búa við þröngan kost og eru þeir lykilmanneskjurnar sem láta verkefnið ganga“ segir Margrét Hugadóttir, sérfræðingur hjá Skólum á grænni grein hjá Landvernd.** MYND/GVA

### Kennarar mikilvægir

Verkefnið hefur að sögn Margrétar haft mjög jákvæð áhrif á lýðræðisleg vinnubrögð í skólum. „Kennarar vinna stórkostlegt starf í grunnskólum þrátt fyrir að búa við þröngan kost og eru þeir lykilmanneskjurnar sem láta verkefnið ganga. Hugmyndaauðgi þeirra og nýtni eru fá takmörk sett og því mjög dýrmætt að fá að þróa Grænfánaverkefnið áfram með slíkum kennurum. Annað starfsfólk skóla eins og matráðar er einnig mjög úrræðagott og gegnir lykilhlutverki í að halda verkefninu gangandi og hefur það góð áhrif á skólabrag og skólasamfélagið í heild sinni.“

Nemendur taka aukna ábyrgð á sínu nánasta umhverfi og taka þátt í ákvörðunum sem snerta skólana þeirra. „Áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð minnir okkur á að við höfum öll völd til að breyta heiminum. Nemendur öðlast oft dýpri skilning á stöðu umhverfismála og taka þannig virkan þátt og hafa áhrif út í samfélagið.“

Nú flokkum við!




Litrík, létt og lífleg lausn!

Ecodepo flokkunarbarirnir eru ódýrir og endingargóðir pokastandar þar sem mismunandi litir eru notaðir til að greina sundur úrgang og koma honum í réttan farveg. Þeim er víða hægt að koma fyrir og þeir fara vel í flestu umhverfi. Ecodepo hefur fengið fjölda verðlauna bæði fyrir hönnun og hve auðveldir þeir eru í allri umhirðu.

Upplýsingar í síma 535 2550

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550 • info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

430.039 maggi@12og3.is

# NÝ LAUSN VIÐ LIÐVERKJUM: GLUCOSAMIN LYFIS

**LYFIS kynnir** Glucosamin LYFIS sem ætlað er við vægri til meðalsvæsinni slitgigt í hné. Lyfið fæst án lyfseðils í öllum apótekum. Glucosamin LYFIS er á duftformi í skammtapokum og er leyst upp í vatni. Auðvelt er að taka lyfið inn og einungis þarf að taka það einu sinni á dag.



Liðverkir hrjá fjölda fólks og mikið mæðir á hnjáliðum sem eru stærstu liðirnir. Brjósk og liðvökvi eiga stóran þátt í hreyfanleika liða. Þegar skemmdir verða minnkar hreyfanleiki og verkir geta komið fram.




Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin súlfat á duftformi og eru 30 skammtapokar í hverjum pakka. Duftið er leyst upp í vatni og er því auðvelt til inntöku og einungis þarf að taka einn skammt á dag.

### FJÖLDI RANNSÓKNA STAÐFESTIR VIRKNI GLUCOSAMIN SÚLFATS

„Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem staðfesta virkni glucosamin súlfats við einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné og hefur það lengi verið notað við liðverkjum. Síðan 2007 hefur verið gerð sú krafa að vörur sem innihalda glucosamin séu framleiddar og seldar sem lyf sem tryggir gæði, virkni og öryggi vörunnar,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

### HEILBRIGÐUR LIÐVÖKVI OG BRJÓSK ER MIKILVÆGT FYRIR HREYFANLEIKA LIÐA

Hnéliðurinn er stærsti liður mannslíkamans og á honum er mikið álag við dagsins amstur. Mikilvægur þáttur í hreyfanleika liða er brjósk sem hylur enda beinanna sem mætast og liðvökvinn sem auðveldar hreyfingar. Við slitgigt í hné og öðrum liðum koma fram skemmdir í liðnum, þar með talin þynning á liðbrjóskinu ásamt því að yfirborð þess verður grófara. Breyting verður einnig á beini og öðrum vefjum þannig að hreyfanleiki verður ekki eins og hann á að vera.

### GLUCOSAMIN SÚLFAT VIÐHELDUR GÆÐUM LIÐVÖKVA OG DREGUR ÚR NIÐURBROTI BRJÓSKS

Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin súlfat sem er eðlilegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva. Rannsóknir hafa sýnt að inntaka glucosamin súlfats örvar nýmyndun mikilvægra „smurefna“ í liðum, m.a. hýalúronsýru. Auk þess hefur glucosamin súlfat einnig reynst hindra virkni brjóskeyðandi ensíma sem og myndun annarra vefjaskaðandi efna. Þessi áhrif geta stuðlað að vægri bólgueyðandi verkun.

Vegna verkunarmáta glucosamins geta liðið nokkrar vikur þar til dregur úr einkennum slitgigtar (einkum verkjum).

Glucosamin LYFIS fæst í 30 skammta pökkum í apótekum og er á góðu verði.

## GLUCOSAMIN LYFIS



Glucosamin LYFIS hentar fyrir þá sem finna fyrir liðverkjum vegna slitgigtar.

- Glucosamin er náttúrulegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva
- Fjöldi rannsókna á glucosamin súlfati staðfestir virkni þess
- Einn skammtur á dag
- Leyst upp í vatni – auðvelt að taka inn
- Nær bragðlaust

**Notkunarsvið:** Glucosamin LYFIS er notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné. **Ekki má nota lyfið** ef um er að ræða ofnæmi fyrir glucosamini, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða fyrir skelfiski, þar sem glucosamin er unnið úr skelfiski og ef um er að ræða meðfæddan efnaskiptasjúkdóm (fenýlketonmigu). **Gæta skal sérstakrar varúðar:** Einstaklingar með sykursýki, astma, alvarlegt lifrar- eða nýrnavandamál, óþol fyrir einhverjum tegundum sykurs eða eru á natríumskertu fæði skulu leita ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. Einnig þarf að útiloka að um sé að ræða annan liðsjúkdóm. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um notkun og því skal ekki nota Glucosamin LYFIS á meðgöngu eða samhliða brjóstagjöf. **Skömmtun:** *Fullorðnir, einnig aldraðir:* Innihald eins skammtapoka á dag, helst með mat. **Algengustu aukaverkanir:** Ógleði, kviðverkur, meltingartruflanir, vindgangur, hægðatregða og niðurgangur. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2014.

---




**SOREFIX** Sorefix varasalvinn er ætlaður fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

# SOREFIX FYRIR ÖLL STIG FRUNSU

**LYFIS kynnir** Sorefix varasalvi er ætlaður til að meðhöndla og koma í veg fyrir frunsu og má nota á öllum stigum frunsu. Sorefix hefur einnig fyrirbyggjandi verkun. Sorefix varasalvi fæst í apótekum.

„Sorefix varasalvinn hefur fengið einstaklega góðar viðtökur og er fólk mjög ánægt með hversu fljótt hann virkar,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Sorefix varasalvinn þurrkar frunsuna upp fljótt og vel þrátt fyrir að frunsan sé komin vel á veg.“

Frekari upplýsingar má finna á www.sorefix.com en þar er að finna ítarlegar upplýsingar um Sorefix varasalvann og einnig um frunsur.

LYFIS Traust í lyfjum

### SOREFIX FYRIRBYGGIR EINNIG FRUNSUR

Lærðu að þekkja hvað það er sem framkallar frunsur hjá þér til að fyrirbyggja komu þeirra.

- Þreyta
- Veiklað ónæmiskerfi
- Veikindi eins og kvef og hiti
- Kalt veðurfar
- Sterkt sólarljós
- Þurrar eða sprungnar varir
- Sár á vörum
- Álag
- Nefstífla
- Tíðablæðingar



**FRUNSA** Sorefix varasalvinn virkar á öllum stigum frunsu.



**ÖRUGGT** Coldfri má nota á meðgöngu og með barn á brjósti.

# COLDFRI VIÐ KVEFI OG SÆRINDUM Í HÁLSI

Coldfri munnúði styttir kveftímabil og meðhöndlar særindi í hálsi. Coldfri er í 20 ml úðaglasi og fæst í apótekum á góðu verði.

Coldfri munnúði er ekki lyf en er seldur í apótekum. Tilvalið er að prófa Coldfri munnúða næst þegar kvefpestin ber að dyrum. Munnúðinn er sykurlaus og því ákjósanlegur í stað sykraðra hálstaflna við hálsbólgunni. „Mikilvægur þáttur í að hindra framgang kvefpesta er að koma í veg fyrir að sýklar nái fótfestu í kokinu,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.




**COLDFRI** Coldfri munnúði er sykurlaus og fæst í apótekum.

### HVAÐ GERA INNIHALDSEFNIN?

**GLÝSERÓL OG SORBITÓL**

- minnka bólgu/bjúg í slímhimnu í hálsi sem linar sársauka
- hvata munnvatnsmyndun sem veldur útskolun á sýklum

**ZINK ASETAT**

- myndar varnarfilmu á slímhúðinni
- hefur veiru- og bakteríuhamlandi áhrif
- hvatar ónæmissvari við sýkingu

**PANTOTENAT (B5-VÍTAMÍN)**

- hvetur endurnýjun á bólginni slímhimnu í koki

LYFIS Traust í lyfjum



Michelle Williams gæti farið með aðalhlutverkið í myndinni um Janis Joplin.

## Michelle orðuð við hluverk Joplin

Kvikmyndin Janis um söngkonuna Janis Joplin, hefur verið í undirbúningi í fjögur ár en nú er talið að skriður sé kominn á vinnslu hennar. Leikstjórinn er Sean Durkin sem er best þekktur fyrir myndina Martha Marcy May Marlene.

Nýjustu fréttir herma að verið sé að semja við leikkonuna Michelle Williams um að leika hina goðsagnakenndu söngkonu.

Ekkert er þó niðurneglt í þeim efnum enda hafa leikkonur á borð við Amy Adams, Zooey Deschanel og Renée Zellweger verið orðaðar við hlutverkið á síðustu árum.

Myndin er byggð á bókinni Love, Janis sem Laura Joplin, systir Janis, skrifaði eftir að söngkonan lést af of stórum skammti af heróíni aðeins 27 ára gömul. Laura notaði bréf sem söngkonan sendi til vina og vandamanna til að segja sögu hennar.





Fastar fléttur henta vel í íslensku veðurfari.

## Veðurhelt hár

Rok og rigning eru ávísun á slæman hárdag. Rokið sér um að feykja síðu hári í allar áttir og flækja það og rigningin annaðhvort klessir það niður, eða ýfir upp alla lausa enda og krullur. Þó má komast í gegnum rigningardag tiltölulega skammlaust með „regn- og vindheldum“ hárgreiðslum.

Fléttur í ýmiss konar útfærslum eiga vel við. Hliðarfléttur í anda Lauru Ingalls standa allt af sér og fastar fléttur sem snúnar eru upp í hnút í hnakkann ættu að halda hárinu í föstum skorðum. Einnig eru hnútar hentugir í rigningu, hátt uppi á höfðinu eða í hnakkanum og því „tætingslegri“, þeim mun betri, því þá gerir rokið frekar gagn en ógagn. Klassísk rigningargreiðsla er að sleikja gelborið hárið upp í tagl. Sú greiðsla batnar bara þegar taglið ýfist upp í vætunni.



## TIL HVERS ER LITLI VASINN?

Hefur þú einhvern tíma hugleitt af hverju gallabuxur eru með pínulítinn vasa ofan við venjulega vasann? Levi's-verksmiðjan hefur framleitt gallabuxur frá árinu 1873. Hvert smáatriði var úthugsað á gallabuxunum sem áttu að endast vel og vera þægilegar. Á fyrstu gallabuxunum voru fjórir vasar, aðeins einn rassvasi en tveir vasar að framanverðu auk litla vasans sem var ætlaður fyrir vasaúr. Á þessum tíma voru allir karlmenn með vasaúr og einhvers staðar þurfti að geyma það. Litli klukkuvasinn er þó enn á sínum stað. Í dag þykir vasinn heppilegur til að geyma nauðsynlega hluti eins og smokk, smámynt eða bíómiða. Litli vasinn var sérhannaður fyrir karlmenn.






## tilboð

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



## Opnunartilboð:

Þú kaupir þrjá tíma í nudd og færð fjórða tíman FRÍTT með!

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**

Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími: 696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

# KEYPT & SELT

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Vélar og verkfæri



HJÓLSAGARBLÖÐ
í öllum stærðum og gerðum

Ásborg

Smiðjuvegi 11 Gul gata Kóp.
Sími 564 1212

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÖFÐABÍLAR
577 4747

Opið
virka daga 10:00-18:00
laugardaga 12:00-15:00

Heitt
á könnunni.

Finndu okkur á Facebook

**Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá.**



**TOYOTA Auris sol.**
Árgerð 2015, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.990.000.** Rnr.221917. .



**RENAULT Kadjar.**
Árgerð 2016, ekinn 38 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 3.940.000.** Rnr.111462.



**RENAULT Clio.**
Árgerð 2016, ekinn 24 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.890.000.** Rnr.111452.



**NISSAN Pulsar acenta.**
Árgerð 2015, ekinn 57 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 2.890.000.** Rnr.222184.



**MMC Outlander intense.**
Árgerð 2015, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.590.000.** Rnr.222106.



**MAZDA Cx-5 optimum.**
Árgerð 2016, ekinn 22 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 5.990.000.** Rnr.222265.



**KIA Rio ex 1.4 bensín.**
Árgerð 2016, ekinn 12 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð 2.890.000.** Rnr.111431.



**HYUNDAI Tucson 1.7 6 gíra.**
Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, beinskiptur.
**Verð 4.350.000.** Rnr.211123.



**HYUNDAI Tucson.**
Árgerð 2015, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 5.590.000.** Rnr.111510.



**HYUNDAI I20 comfort.**
Árgerð 2016, ekinn 23 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð 2.490.000.** Rnr.111501.



**FORD Transit Custom.**
Árgerð 2016, ekinn 1 KM, dísel, beinskiptur.
ATH verð með VSK. Nýr bíll. **Verð 3.890.000.** Rnr.210835.



**BMW 730d M-tech.**
Árgerð 2011, ekinn 82 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 7.980.000.** Rnr.128674.

ergo Höfðabílar • S: 577 4747 • Fosshálsi 27 (Draghálsmegin), 110 Reykjavík • hofdabilar.is ergo

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsmaður með kranaréttindi óskast í byggingavinnu.

Meklejam darbinieku uz krana ar sertifikatu.

Poszukujemy operatora dzwigu do firmy budowlanej.
**Uppl. í s: 783 6006**

Píratar bjóða frjálsar handfæraveiðar öfugt við XD. XB og viðreisn.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
S A F T

# TILKYNNINGAR

## Fundir

FYLKIR

**AÐALFUNDUR KNATTSPYRNUDEILDAR FYLKIS.**
Fimmtudaginn 27. október kl. 19:30 fer fram aðalfundur knattspyrnudeildar Fylkis í samkomusal Fylkishallar.

Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundastörf samkvæmt 10. gr. laga Íþróttafélagsins Fylkis.

Önnur mál.

Reykjavík, 16. október 2016.
**Stjórn knattspyrnudeildar Fylkis.**


GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

**Hreinsistöð fráveitu á Akureyri**

Norðurorka hf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um hreinsistöð fráveitu á Akureyri.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 12. október til 23. nóvember 2016 á eftirtöldum stöðum: Á Amtsbókasafninu, skrifstofu Akureyrarbæjar, Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 23. nóvember 2016 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

## fasteignir

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




TIL LEIGU
Fiskislóð 26, 101 Reykjavík
Skrifstofuhúsnæði
Stærð 165 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:


Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í opið vinnurými, eitt lokað herbergi, eldhús/kaffistofu og snyrtingu. Parket á gólfum. Sérinngangur.
VSK leggst ekki við leigufjárhæð. **Laust strax!**

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa
RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

LUNDUR FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616

ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.
HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.
Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916


Karl Gunnarsson
lögg. fasteignasali
s. 898 2102


Kristján P. Arnarsson
lögg. fasteignasali
s. 896 1188


Unnur Karen
Karlsdóttir
s. 698 9056

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR

www.lundur.is • lundur@lundur.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

EYJALIND
Yale
People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir


Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Jeep
Sérhæfð viðgerða -og viðhaldsþjónusta
Verkstæði
VARAHLUTIR
S. 564 2004
CHRYSLER Jeep
SÍMAR 564 2004 / 864 4571 / 864 4572 - Óseyrarbraut 7 Hafnarfirði

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjarhrepps 2004-2016 við þéttbýlið Árnes, sunnan þjóðvegar.**

Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi á svæði við Árnes, sunnan þjóðvegar og austan við núverandi athafnasvæði. Á dreifbýlisuppdrætti er svæðið skilgreint sem blanda íbúðar- og opins svæðis til sérstakra nota en innan þéttbýlis er það annarssvegar athafnasvæðis og hinsvegar opið svæði til sérstakra nota. Í breytingunni felst að afmörkun þéttbýlisins minnkar þannig að þetta svæði verður utan þéttbýlisins og skilgreint sem blanda landbúnaðar- og íbúðarsvæðis til samræmis við aðliggjandi svæði. Drög að deiliskipulagi svæðisins er kynnt samhliða en skv. því er gert ráð fyrir að byggja íbúðarhús, landbúnaðarbyggingu og smáhýsi til ferðaþjónustu.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi 206-2018 í landi Hnaus**

**2. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað frístundabyggðar.**

Auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem felst í að breyta svæði fyrir frístundabyggð i landi Hnauss 2 í svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem heimilt verður að byggja 20 herbergja hótel. Deiliskipulag fyrir svæðið er auglýst samhliða.

**3. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti.**

Auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna 9,9 MW vatnsaflsvirkjunar í Tungufljóti í landi Brúar. Í breytingunni felst að bætt er við nýju iðnaðarsvæði, gert er ráð fyrir þremur nýjum efnistöku- og efnislosunarsvæðum, frístundasvæði F8 minnkar, afmarkað er um 8,6 ha virkjunarlón og að lokum er staðsetning vatnsbóla leiðrétt og afmörkun vatnsverndarsvæðis breytt. Deiliskipulag fyrir virkjanasvæðið er auglýst samhliða.

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**4. Breyting á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015, Flóahreppi, á Galtastaða (lnr. 198977). Móttökustöð ISAVIA og frístundabyggð**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 14. september 2016 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015 sem nær til svæðis í landi Galtastaða og felur í sér afmörkun iðnaðarsvæðis fyrir móttökumastur auk svæðis fyrir frístundabyggð. Tillagan var auglýst 14. júlí 2016 með athugasemdafresti til 28. ágúst. Athugasemdir bárust en sveitarstjórn samþykkti tillöguna óbreytta og hefur aðalskipulags-breytingin verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**5. Breyting á deiliskipulagi Ásborga í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Í breytingunni felst að lóðir nr. 44, 46 og 48 er sameinaðar í eina 17.432 fm lóð fyrir verslun og þjónustu en lóðir nr. 44 og 46 er í dag íbúðarhúsa-lóðir. Á sameinaðri lóð er afmarkaður byggingarreitur (A) fyrir stækkun núverandi veitingahúss um 1.200 fm (er 716,1 fm í dag), reitur (B) fyrir allt að 600 fm hótelbyggingu reit (C) fyrir allt að 600 fm hótelbyggingu og reit (D) fyrir allt að 120 fm kapellu.

**6. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Búrfells I, svæði 1 og 2, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þakhalli**

Auglýst tillaga að breytingu á skilmálum frístundabyggða úr landi Búrfells I sem nær til lóða við Lækjarbakka, Víðibrekku, Þrastahóla og Nónhóla. Samkvæmt gildandi skilmálum er gert ráð fyrir að þakhalli sé á bilinu 14-60 gráður en með breytingu verður þakhalli frjáls.

**7. Deiliskipulag hótels og frístundabyggðar í landi Hnaus 2 í Flóahreppi**

Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 38 ha af jörðinni Hnaus 2. Innan svæðisins er gert ráð fyrir skógræktarsvæði auk 4 frístunda-húsalóða og 1 lóðar fyrir verslun- og þjónustu þar sem byggja má allt að 1.000 fm, 20 herbergja hótel. Áður hafði verið auglýst sambærileg tillaga að deiliskipulagi sama svæðisins en breytingin nú felst í að 5 lóðum sem áður var gert ráð fyrir tveimur frístundahúsalóðum er núna ein lóð fyrir verslun- og þjónustu. Tillagan er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða.

**8. Deiliskipulag fyrir spildu úr landi Fljótshóla 1 og 4 sem kallast Krákumýri, Flóahreppi. Íbúðarhús og skemma.**

Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir um 3,1 ha svæði af landi sem kallast Krákumýri og liggur sunnan Villingaholtsvegar rétt vestan við Krákuvatn. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús og skemmu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**9. Breyting á deiliskipulagi við Hakið á Þingvöllum, Bláskógabyggð, ásamt umhverfisskýrslu.**

Auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hakið á Þingvöllum sem felst í að gert er ráð fyrir nýju bílastæði vestan við Hakið með allt að 285 bílastæðum auk þess sem fyrirkomulag núverandi stæða breytist. Þá er gert ráð fyrir tveimur nýjum salernisbyggingum, allt að 150 og 100 fm að stærð, við ný bílastæði. Að auki stækkar lóð og byggingarreitur starfsmannahúss (lóð c) og gert ráð fyrir nýrri þjónustuleið að þjónustu-miðstöð.

**10. Deiliskipulag Brúarvirkjunar í Tungufljóti í landi Brúar, Bláskógabyggð, ásamt umhverfisskýrslu.**

Auglýst tillaga að deiliskipulagi fyrir 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í Tungufljóti í landi Brúar ofan þjóðvegar nr. 35 að Gullfossi. Aðalstífla virkjunar-innar er áformuð þvert yfir farveg Tungufljóts, rétt ofan við ármót Stóru-Grjótár og það yrði áin leidd 1.700 m í niðurgrafinni þrýstipípu að stöðvarhúsi sem verður allt að 1.600 fm að stærð. Aðkoma að svæðinu er um veg sem liggur í gegnum bæjarstæði Brúar. Innan svæðisins eru einnig afmörkuð svæði fyrir efnistöku og efnislosun ásamt auk þess sem gert er ráð fyrir svæði fyrir vinnubúðir.

**11. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brúar, Bláskógabyggð. Fækkun lóða og minnkun skipulagssvæðis.**

Auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brúar sem felst í að skipulagssvæðið minnkar verulega og frístundahúsa-lóðum fækkar. Samkvæmt gildandi skipulagi eru 29 lóðir innan svæðisins en með breyttu skipulagi verða þær eingöngu 10, þe. 19 lóðir eru felldar út. Engar breytingar verða á skilmálum deiliskipulagsins.

**12. Breyting á deiliskipulagi lóða úr landi Brúarhvamms .**

Auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðis úr landi Brúarhvamms. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru tvær frístundahúsalóðir innan skipulagssvæðisins þar af er heimilt að byggja á annarri þeirra. Í breyttri tillögu eru þessar tvær lóðir sameinaðar en að auki stækkar skipu-lagssvæðið til austur og nær yfir lóðina Brúarhvamm 2 sem er verslunar- og þjónustulóð. Á þeirri lóð er gert ráð fyrir byggingu allt að 500 fm gistihúss á tveimur hæðum.

**13. Deiliskipulag svæðis úr landi Bergsstaða sem nær til lands Neðrabergs.**

Auglýst tillaga að deiliskipulagi úr landi Bergsstaða sem nær til tveggja spildna. Er gert ráð fyrir tveimur nýjum frístundahúsalóðum á landi lnr. 219953 (frístundabyggð skv. aðalskipulagi) og á spildu með lnr. 167060 (landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi) eru afmarkaðar lóðir utan um nú-verandi íbúðarhús og útihús auk þess sem gert er ráð fyrir nýrri íbúðarhúsalóð.

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:**

**14. Deiliskipulag móttökustöð Isavia og þrjú frístundahúsa í landi Galtastaða, Flóahreppi.**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 14. september 2016 tillögu að deiliskipulagi sem nær til hluta af landi Galtastaða lnr. 198977 sem er í eigu ISAVIA. Í tillögunni er afmarkað svæði fyrir byggingu varamóttökustöðvar auk þess sem afmarkaðar eru 3 frístundahúsalóðir. Tillagan var auglýst 14. júlí 2016 með athugasemdafresti til 28. ágúst. Athugasemdir bárust en sveitarstjórn samþykkti tillöguna óbreytta og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.
Skipulagstillaga nr. 1 er í kynningu frá 13. til 25. október 2016 en tillögur nr. 2 – 3 og 5 -13 frá 13. október til 25. nóvember 2016. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 25. október 2016 en 25. nóvember fyrir tillögur nr. 2 – 3 og 5 – 13. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

## GARÐUR – SÉRHÆÐ - TIL SÖLU

100 fm. sérhæð í góðu steinhúsi með sérinn-gangi og lóð. Stutt í flugvöllinn, golfvöllinn og Helguvík. Íbúðin er öll nýstandsett með nýjum gólfefnum. Stórt og fallegt eldhús, stofa og 2 góð herbergi.
Gott útsýni yfir sjávarsíðuna. Húsgögn og hús-búnaður geta fylgt með í kaupunum.

Verð aðeins **23.9 millj.** Get tekið nýlegan bíl upp í kaupverð. Ekkert áhvílandi.
**LAUS STRAX ! Upplýsingar í síma: 868-3144.**

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Sigluvogur 17 – Risíbúð 104 Rvk




**Opið hús í dag fimmtudag 13. okt. kl. 17:15 - 17:45.**
Björt og falleg 3ja herbergja 86,1 fm risíbúð í tvíbýlishúsi á góðum og rólegum stað í botnlangagötu. Íbúðin skiptist í hol með geymslu inn af, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og stofu. Svalir eru til vesturs. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 34,9 millj.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

TRAUSTI fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*
*867-3040*

## TORFUFELL 18




**OPIÐ HÚS Í DAG, FIMMTUD. 13. OKT. FRÁ KL. 17:30-18:00**
Um er að ræða 159,1 raðhús þar af 21 fm frístandandi bílskúr við Torfufell í Reykjavík. Falleg 6 herbergja eign í góðu ásigkomu-lagi. **Verð 44.9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**




Björt og falleg 6-7 herbergja efri sérhæð og ris ásamt bílskúr á besta stað á litlu Melunum í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin hefur að miklu leyti verið endurnýjuð á síðustu árum.



Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJUM & HEILSU FIMMTUDAGINN 13. TIL SUNNUDAGSINS 16 OKT.




**GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR ÞÚ KAUPIR BIOTHERM VÖRUR FYRIR 7.800 KR. EÐA MEIRA.**

### VIÐ MÆLUM MEÐ:

- **BLUE THERAPY SERUM-IN-OIL EINSTAKRI NÆTURMEÐFERÐ,** ORKUFYLLTRI MEÐ OMEGA 3, ÆSKUÞÖRUNGUM OG SJÁVARSYKRUM (MARINE CONNECTUM). EFTIR MÁNAÐARNOTKUN GETUR ÞÚ NOTIÐ ÞESS HVERNIG DREGIÐ HEFUR ÚR HRUKKUM OG HVERNIG LJÓMI OG ÞÉTTLEIKI HÚÐARINNAR HAFA AUKIST.

**20%**
**KYNNINGARAFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM**
**BIOTHERM VÖRUM.**




- **BALM-TO-OIL HREINSIKREMI** SEM UMBREYTIST Í SILKIMJÚKA OLÍU ÞEGAR ÞVÍ ER NUDDAÐ Á HÚÐINA. KREMIÐ HREINSAR HÚÐINA OG FJARLÆGIR ALLAN FARÐA, AUGNFÖRÐUN, MENGUN OG SVIFRYK. HENTAR ÖLLUM HÚÐGERÐUM EINNIG MJÖG VIÐKVÆMRI HÚÐ OG HÚÐIN VERÐUR SILKIMJÚK, MJÚK OG TANDURHREIN.

Lyf & heilsa
Kringlunni



Theodór Elmar Bjarnason kom inn í byrjunarliðið í leiknum gegn Tyrklandi og spilaði eins og sá sem valdið hefur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Viðvaranir Heimis virkuðu

**Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari í fótbolta, var byrjaður að tala um undankeppni HM 2018 á meðan EM í Frakklandi stóð yfir. Engin EM-þynnka í strákunum okkar sem standa sig best í undankeppni heimsmeistarakeppninnar af nýliðunum fimm sem þreyttu frumraun sína á Evrópumótinu í Frakklandi í sumar.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska landsliðinu í fótbolta verða í 21. sæti á heimslista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, þegar nýr listi verður gefinn út eftir slétta viku. Íslenska liðið hefur aldrei verið ofar á listanum og bætir eigið met frá því í júlí þegar það stökk upp um tólf sæti. upp í það 22., eftir frábært gengi á Evrópumótinu í Frakklandi.

Margir óttuðust að blaðran myndi springa eftir veisluna í sumar þar sem íslenska liðið gerði sér lítið fyrir og sendi Englendinga heim í 16 liða úrslitum. Hún er svo sannarlega ekki sprungin. Fótboltaveislan heldur áfram, þökk sé góðum árangri í fyrstu leikjum undankeppni HM 2018. Þar eru strákarnir okkar í öðru sæti síns riðils, taplausir og búnir að sækja stig á erfiðan útivöll gegn Úkraínu og vinna sterkt lið Tyrklands á heimavelli.

### Byrjaði að ræða HM á EM

Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari var líklega mest meðvitaður allra um að mögulega yrði erfitt að koma íslenska liðinu aftur í gang eftir ævintýrið í Frakklandi. Og það var líka snúið.

Strax á EM í sumar var Heimir byrjaður að ræða undankeppni HM 2018 og að vandasamt yrði að koma liðinu aftur af stað. Hann hélt mönnum á tánum með því að minna á að íslenskum fótbolta væri ekki lokið eftir EM. Þetta væri aðeins byrjunin.

> Við erum ekkert spes. Það hefur fullt af þjóðum farið fram úr sér og það var kannski viðbúið að við Íslendingar myndum aðeins fara fram úr okkur.
>
> Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu

„Það var mitt að hugsa fram í tímann. Sagan segir okkur að það sé erfitt að endurræsa sig þegar það gengur svona vel. Við erum ekkert spes, það hefur fullt af þjóðum farið fram úr sér og það var kannski viðbúið að við Íslendingar myndum aðeins fara fram úr okkur. Þess vegna fannst mér mikilvægt að byrja að tala um þetta strax í sumar, bæði út af umgjörðinni fyrir KSÍ og fyrir strákana,“ sagði Heimir við Fréttablaðið í gær.

Þessar viðvaranir og áminningar Heimis um að ævintýrið í Frakklandi væri upphafið á einhverju ennþá stærra virðast hafa svínvirkað. Frammistaðan gegn Tyrklandi bar þess merki en auðvelt er að halda því fram að íslenska liðið hafi aldrei spilað betur undir stjórn Heimis og áður Heimis og Lars.

### Litlar breytingar

Heimir ákvað að umvelta ekki spilamennsku landsliðsins eftir að hann tók við einn sem aðalþjálfari eftir brotthvarf Lars Lagerbäck.

Á blaðamannafundi þegar hann valdi hópinn gegn Úkraínu fór hann yfir það hverjir væru styrkleikar íslenska liðsins. Þó strákarnir okkar væru aðeins 35-39 prósent með boltann í sínum leikjum töpuðu þeir sjaldan og færanýtingin væri góð. Hann sagði að sig langaði smám saman að þróa leik liðsins en það þyrfti að fara hægt í það.

„Þetta er góð byrjun hjá okkur en hún hékk á bláþræði gegn Finnlandi. Þetta er riðill sem mun ráðast á smáatriðunum en gegn Finnlandi skipti máli að menn héldu áfram. Þar hjálpaði til að menn voru ágætlega undirbúnir í hausnum,“ sagði Heimir og bætir við að Finnaleikurinn hafi kveikt á liðinu.

„Þetta var spurning um að einhver héldi að hlutirnir gerðust af sjálfu sér því við náðum góðum árangri. Það er bara ekki þannig. Þetta er undir okkur komið. Það sem mér fannst gott við þennan leik gegn Finnum er að menn héldu áfram. Frakkland var svo sannarlega engin endastöð. Við sögðum þá og höldum því áfram að velgengni er ekki endastöð. Velgengni er stanslaust ferðalag í rétta átt,“ sagði Heimir Hallgrímsson.

### Gengi nýliðanna á EM 2016 í undankeppni HM 2018

**1. Ísland** 7 stig (+3)
Komst í átta liða úrslit á EM

**1-1** jafntefli gegn Úkrínu
**3-2** sigur á Finnum
**2-0** sigur á Tyrkjum

**2. Albanía** 6 stig (+1)
Komst ekki upp úr riðli á EM

**4-0** sigur á Moldavíu
**0-2** sigur á Lichentenstein
**0-2** tap fyrir Spáni

**3. Wales** 5 stig (+4)
Komst í undanúrslit á EM

**4-0** sigur á Moldavíu
**2-2** jafntefli gegn Austurríki
**1-1** jafntefli gegn Georgíu

**4. Norður-Írland** 4 stig (+2)
Komst í 16 liða úrslit á EM

**0-0** jafntefli gegn Tékklandi
**4-0** sigur gegn San Marínó
**2-0** tap fyrir Þýskalandi

**5. Slóvakía 3 stig** (+1)
Komst í 16 liða úrslit á EM

**0-1** tap fyrir Englandi
**1-0** tap fyrir Slóveníu
**3-0** sigur á Skotum

> Ísland komst hæst í 22. sæti styrkleikalista FIFA, eftir EM í sumar. Ísland verður í 21. sæti á næsta lista.

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

### Skallagr. - Grindavík 80-72

**Stigahæstar:** Tavelyn Tillman 36/8 fráköst/6 stoðsendingar, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 16/8 fráköst/6 stoðsendingar, Ragnheiður Benónísdóttir 11/10 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 8/4 fráköst - Petrúnella Skúladóttir 21/4 fráköst, Ashley Grimes 17/10 fráköst/8 stoðsendingar, María Ben Erlingsdóttir 12/9 fráköst, Ólöf Rún ladóttir 12.

### Njarðvík - Stjarnan 86-78

**Stigahæstar:** Carmen Tyson-Thomas 37/12 fráköst/10 stoðsendingar/7 stolnir, Heiða Björg Valdimarsdóttir 18, María Jónsdóttir 10/4 fráköst, Björk Gunnarsdótir 7 - Danielle Victoria Rodriguez 20/8 fráköst/7 stoðsendingar, Bríet Sif Hinriksdóttir 13, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 13/5 fráköst/5 stoðsendingar, Hafrún Hálfdánardóttir 9/6 fráköst, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 8.

### Keflavík - Haukar 73-52

**Stigahæstar:** Emelía Ósk Gunnarsdóttir 17, Dominique Hudson 15, Birna Valgerður Benónýsdóttir 13, Erna Hákonardóttir 11, Katla Rún Garðarsdóttir 6 - Michelle Nicole Mitchell 21/11 fráköst, Rósa Björk Pétursdóttir 13/7 fráköst, Sigrún Björg Ólafsdóttir 6.

**Staðan:** Stjarnan 4, Skallagrímur 4, Snæfell 4, Njarðvík 4, Keflavík 4, Grindavík 2, Haukar 2, Valur 0.

**Olís-deild karla**

### Haukar - FH 24-28

**Markahæstir (skot):** Guðmundur Árni Ólafsson 7/1 (12/3), Janus Daði Smárason 5/2 (11/3), Adam Haukur Baumruk 5 (12), Daníel Þór Ingason 4 (6) - Óðinn Þór Ríkharðsson 7/3 (11/4), Einar Rafn Eiðsson 6/1 (13/3), Þorgeir Björnsson 4 (5), Ágúst Birgisson 3 (3), Jóhann Birgir Ingvarsson 3 (6), Gísli Þorgeir Kristjánsson 3 (8).
**Varin skot:** Giedrius Morkunas 21/3 (49/7, 43%) - Ágúst Elí Björgvinsson 19/2 (43/5, 44%)

**Staðan:** Afturelding 10, ÍBV 9, Grótta 7, FH 7, Selfoss 6, Stjarnan 6, Valur 6, , Fram 5, Haukar 4, Akureyri 2.

### SARA BJÖRK SKORAÐI Á MÓTI CHELSEA Í MEISTARADEILDINNI

Sara Björk Gunnarsdóttir og félagar hennar í þýska liðinu Wolfsburg komust í gær örugglega áfram í sextán liða úrslit Meistaradeildar kvenna í fótbolta en Breiðablik og Íslendingaliðið Avaldsnes eru bæði úr leik. Það nægði ekki Blikastúlkum að ná markalausu jafntefli á móti sænsku meisturunum í Rosengård því Svíarnir unnu fyrri leikinn 1-0 á Íslandi.



Sara Björk skoraði jöfnunarmark Wolfsburg í 1-1 jafntefli á móti Chelsea. Þetta var fyrsta mark hennar fyrir þýska liðið. Wolfsburg-liðið hafði unnið fyrri leikinn 3-0 á Englandi og komst því sannfærandi áfram 4-1 samanlagt.

## Í dag

**19.05 Grindavík - Haukar** Sport
**21.00 Safeway Open** Golfstöðin

**Olís-deild karla**
**18.30 ÍBV - Valur** Laugard.v.
**19.30 UMFA - Grótta** N1-höllin.
**19.30 Selfoss - Stjarnan** Selfossi

**Domino's deild karla**
**19.15 Skallagr. - KR** Borgarnesi
**19.15 Grindavík - Haukar** Röstin
**19.15 Snæfell - Njarðvík** Stykkish.
**19.15 Stjarnan - ÍR** Ásgarður
**19.15 Tindastóll - Þór** Síkið

# Gæðavörur frá traustum framleiðanda

# SAMSUNG




**Kæliskápur 202cm**
RB36J8035SR
Stál. Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597
**Verð áður: 169.900,- Verð nú: 144.900,-**

**Tvöfaldur Kæliskápur**
RS7567THCSR
Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.
**Verð áður: 219.900,- Verð nú: 186.900,-**

**Tvöfaldur Kæliskápur**
RH56J6917SL
Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kælirými: 376 lítrar. Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.
**Verð áður: 349.900,- Verð nú: 297.900,-**

## ecobubble þvottavélar

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð

## Uppþvottavél í sérflokki
### með Waterwall tækni




SAMSUNG WW70
7 KG. 1400 SN.
**Verð áður: 94.900,-**
**Verð nú: 79.900,-**

SAMSUNG WW80
8 KG. 1600 SN.
**Verð áður: 119.900,-**
**Verð nú: 99.900,-**

SAMSUNG DV80
8 kg Þurrkari
**Verð áður: 159.900,-**
**Verð nú: 135.900,-**



Framhlið úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 5 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stillanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm
**Verð áður: 199.900,- Verð nú: 169.900,-**




LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót
**49" K5505 Verð áður: 139.900.-**
**Verð nú: 119.900,-**




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**55" KU6405/6475 Verð áður: 239.900.-**
**Verð nú: 199.900,-**




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**55" KU6655/6505 Verð áður: 249.900.-**
**Verð nú: 209.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Stelpurnar í íslenska kvennalandsliðinu í hópfimleikum eru klárar í slaginn. Þær keppa í undankeppninni í dag og ekkert nema stórslys kemur í veg fyrir að þær fari alla leið í úrslitin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eins og þegar Barcelona og Real Madrid koma saman

Kvennalandsliðið stígur á svið á EM í hópfimleikum í Slóveníu í dag. Ísland vann gull á EM 2010 og 2012 og ein skærasta stjarna liðsins þjálfar það í dag.

Ingvi Þór Sæmundsson
Skrifar frá Maribor



**HÓPFIMLEIKAR** Íris Mist Magnúsdóttir fór fyrir besta fimleikaliði Evrópu um nokkurra ára skeið. Hún varð tvöfaldur Evrópumeistari í hópfimleikum með Gerplu, tilnefnd sem íþróttamaður ársins og svo mætti áfram telja.

Þrjú ár eru liðin frá því Íris hætti sjálf að keppa. Hún er samt enn viðloðandi hópfimleikana og ber núna hinn virðulega titil landsliðsþjálfari.

„Ég er að þjálfa kvennaliðið í dag. Ég byrjaði að þjálfa meistaraflokkinn í Gerplu fyrir rúmu ári og fékk svo þann heiður að vera boðin landsliðsþjálfarastaða hjá kvennaliðinu sem er algjört draumalið, þar er ekkert nema eintómir snillingar og fagmenn,“ sagði Íris þegar blaðamaður Fréttablaðsins hitti hana að máli á liðshótelinu í slóvensku borginni Maribor þar sem EM í hópfimleikum fer fram.

### Fáir æfa jafn mikið

Íris var 26 ára þegar hún lagði fimleikabúninginn á hilluna. Aðspurð af hverju hún og við fleiri fimleikakonur hætti svona snemma, miðað við margar aðrar íþróttir, segir hún að æfingaálagið taki sinn toll.

„Það æfa fáir jafn mikið og við og þú ert fljótari að verða saddur. Ég var sátt þegar ég hætti þótt ég héldi að ég gæti aldrei fengið nóg. Þú þarft að hafa svo rosalega mikla ástríðu fyrir þessu til að vera tilbúin að æfa 3-4 klukkutíma á dag.“

### Hársbreidd frá þriðja gullinu í röð

Ísland, eða öllu heldur Gerpla, varð Evrópumeistari árin 2010 og 2012. Fyrir tveimur árum var EM haldið á Íslandi en þá þurftu stelpurnar að sætta sig við silfrið. En af hverju gekk gullið Íslandi úr greipum 2014?

„Út af því að ég var ekki í liðinu,“ sagði Íris og skellti upp úr. „Þetta var ótrúlega hörð barátta milli Svía og Íslendinga 2014. Svíarnir áttu bara betri dag en bæði lið voru frábær.“

Það má til sanns vegar færa. Ísland fékk 23,216 stig fyrir gólfæfingarnar sem er met. Á endanum munaði aðeins 0,684 stigum á sænska liðinu og því íslenska.

### Tveir turnar

Eins og áður sagði varð Gerpla Evrópumeistari 2010 og 2012 en í ár, líkt og 2014, sendir Ísland sameiginlegt lið til keppni. Uppistaðan í landsliðinu er úr tveimur félögum, Gerplu og Stjörnunni.

„Ég keppti bara fyrir Gerplu og hef aldrei sjálf verið hluti af landsliði. Þetta er auðvitað öðruvísi upplifun, hún er ekkert betri eða verri, hún er bara öðruvísi. Svo fer þetta eftir liðunum, hvernig þau ná að tengja,“ sagði Íris sem segir það íþróttinni til góðs að hafa tvö svona sterk félagslið hérna heima. Það hjálpi landsliðinu.

„Við æfum mikið saman, alveg í þrjá mánuði, þannig að þetta verður svolítið eins og félagslið. Landsliðið er eins og sambland af Barcelona og Real Madrid,“ bætti Íris við í léttum dúr en spænska fótboltalandsliðið er aðallega skipað leikmönnum frá þessum tveimur risafélögum.

> Kvennaliðið er algjört draumalið, þar sem eru ekkert nema eintómir snillingar og fagmenn.
>
> Íris Mist Magnúsdóttir



### Einbeitum okkur að okkur sjálfum

Erfitt er að hafa bein áhrif á frammistöðu andstæðingsins í hópfimleikum, öfugt við margar hópíþróttir.

„Við einbeitum okkur aðallega að okkur sjálfum. Við breytum ekkert miklu þótt við sjáum andstæðinginn,“ sagði Íris og bætti við því að lið geri aldrei róttækar breytingar á sínum æfingum, jafnvel þótt andstæðingurinn bryddi upp á einhverju óvæntu.

„Það er meira ef þau gera auðveldari æfingar, þá lækkum við kannski erfiðleikastigið og gerum auðveldara og öruggara í stað þess að spila út okkar helstu trompum,“ sagði Íris en einkunnin er sambland af erfiðleikastigi og framkvæmd æfinganna.

### Fjórir verðlaunapeningar

Ísland sendir fjögur lið til keppni á EM; stúlknalið, kvennalið og blandað lið í unglinga- og fullorðinsflokki. Íris segir að markmiðið sé skýrt.

„Það er að koma með fjóra verðlaunapeninga heim,“ sagði Íris sem fylgist með af hliðarlínunni þegar kvennaliðið stígur á svið í undankeppninni í dag.

### Tveggja turna tal

Ellefu af tólf í kvennaliði Íslands koma úr tveimur félögum, Stjörnunni og Gerplu. Síðarnefnda liðið einokaði Íslandsmeistaratitilinn í hópfimleikum um árabil og liðið varð Evrópumeistari 2010 og 2012. Nú hafa valdahlutföllin í íslenskum hópfimleikum breyst. Stjarnan rauf níu ára sigurgöngu Gerplu þegar liðið varð Íslandsmeistari 2015 og Garðbæingar vörðu titilinn í ár. Og þá á Stjarnan núna sjö fulltrúa í landsliðshópnum en Gerpla aðeins fjóra.

**Stjarnan:**
Andrea Sif Pétursdóttir, fyrirliði
Anna Sigríður Guðmundsdóttir
Íris Arna Tómasdóttir
Jóhanna Marín Benediktsdóttir
Kolbrún Pöll Þórðardóttir
Tinna Ólafsdóttir
Þórey Ásgeirsdóttir

**Gerpla:**
Edda Sigríður Sigfinnsdóttir
Glódís Guðgeirsdóttir
Sólveig Ásta Bergsdóttir
Valgerður Sigfinnsdóttir

**Selfoss:**
Eva Grímsdóttir

## Var fáránlega vel gert

„Á heildina litið gekk þetta mjög vel. Þetta var eiginlega fáránlega vel gert og við náðum markmiðum okkar,“ sagði Viktor Elí Sturluson, liðsmaður blandaða unglingaliðsins, eftir að það tryggði sér örugglega sæti í úrslitum á EM í hópfimleikum.

Íslensku krakkarnir fengu samtals 53,416 stig fyrir æfingar sínar og enduðu í þriðja sæti af níu liðum. Ísland fékk 16,200 stig fyrir stökk, 17,000 stig fyrir æfingar á trampólíni og 20,216 stig fyrir gólfæfingarnar. Fyrsta umferðin gekk ágætlega en það virtist þó vera stress í hópnum. Nokkur föll voru í stökkinu og því ljóst að liðið þurfti að stilla sig af fyrir næstu umferð á trampólíni. Það gerðu krakkarnir, kláruðu sínar æfingar með stæl á trampólíni og fengu svo öll móment gild á gólfinu.

Viktor segir að íslenska liðið ætli sér að komast á verðlaunapall og vinna til gullverðlauna. „Við ætlum að stefna á gullið, það er klárt mál,“ sagði Viktor sem er að keppa á sínu öðru Evrópumóti en hann var einnig með á EM á Íslandi fyrir tveimur árum. – iþs

> **2**
> íslensk unglingalið komust í úrslit á EM í gær.

## Stúlknalandsliðið stefnir á verðlaunapall á morgun

Íslenska stúlknalandsliðið flaug áfram í úrslitin á EM í hópfimleikum í gær. Ísland endaði í 2. sæti í undankeppninni. Stelpurnar fengu 52,350 stig fyrir æfingar sínar og voru aðeins 0,50 stigum á eftir Dönum.

Íslenska liðið gerði fá mistök á trampólíni en á gólfi vantaði smá upp á. Fyrir lokaumferðina á dýnu var ljóst að liðið væri komið í úrslit, nema til stórslyss kæmi. Til þess að ná fyrsta sæti þurftu stúlkurnar að ná einkunninni 15,505. Mistök á dýnunni þýddu mikinn frádrátt og heildareinkunn var því aðeins 15,000.

„Þetta er mjög fínt. Markmiðið var að vera í efstu þremur sætunum. Svo eru úrslitin á föstudaginn og við gerum bara enn betur þá,“ sagði Stjörnustelpan Tinna Ólafsdóttir skömmu eftir að íslenska liðið steig af sviðinu. Hún segir að stefnan sé sett á að komast á verðlaunapall.

„Við ætlum að njóta hvers einasta augnabliks og negla öll stökkin okkar. Við stefnum á fyrstu þrjú sætin og það yrði geggjað að enda í fyrsta sæti,“ sagði Tinna. – iþs



Birta Ósk Þórðardóttir og félagar eru til alls líklegar. MYND/STEINUNN ANNA

> Við stefnum á fyrstu þrjú sætin og það yrði geggjað að enda í fyrsta sætinu.
>
> Tinna Ólafsdóttir


Tópas
MEÐ FJALLAGRÖSUM
NÓI SÍRÍUS
Ferskur andvari
Tópas
MEÐ FJALLAGRÖSUM
EUCALYPTUS
Íslensk náttúra. Ilmandi mosi og ægifögur fjallasýn. Þú kastar mæðinni og virðir fyrir þér fegurðina; Kirkjufell, þetta sérstæða, hnarreista flaggskip Snæfellsnessins.
Við höfum nýtt okkur íslensk fjallagrös frá upphafi byggðar. Heilnæm og frískandi hafa þau haft áhrif til góðs á líkama og sál, handtínd í íslenskri náttúru. Tópas hefur sömuleiðis fylgt okkur gegnum tíðina. Saman munu þau gera það áfram.



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Bjargar Jóhönnu Benediktsdóttur**

Mánatúni 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Vífilsstaða fyrir góða umönnun og virðingu.

**Auður R. Guðmundsdóttir** **Guðmundur Hermannsson**
**Bjarni Þ. Guðmundsson** **Kristín V. Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðursystir mín,

**Randi Træen**

kennari,
Grettisgötu 45a,

lést að heimili sínu 4. október sl. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 14. október nk. og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ingunn Edvardsen**



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svanhildur Stefánsdóttir**

lést á Fossheimum, Selfossi, fimmtudaginn 6. október. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 17. október kl. 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Jón Jóhann Vigfússon**
**Steinunn Kristín Jónsdóttir**
**Ingi Þór Jónsson**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Gunnars Inga Ólsen**

Túngötu 12,
Eyrarbakka.

**Inga Kristín Guðjónsdóttir**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Heimir Hjaltason**
**Þuríður Gunnarsdóttir** **Friðrik Sigurjónsson**
**Þórunn Gunnarsdóttir** **Finnur Kristjánsson**
**Guðjón Gunnarsson** **Kristjana Garðarsdóttir**
**Pétur R. Gunnarsson** **Rut Björnsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**Stefán Þórisson**

frá Hólkoti í Reykjadal,

verður jarðsunginn frá Einarsstaðakirkju laugardaginn 15. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Skógarbrekku á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík eða Harmonikkufélag Þingeyinga njóta þess.

**Aðalheiður Stefánsdóttir** **Sveinn B. Sveinsson**
**Þórir Stefánsson** **Svanhvít Jóhannesdóttir**
**Stefán Stefánsson** **Lovísa Leifsdóttir**
**Olga Ásrún Stefánsdóttir** **Sigurjón B. Kristinsson**
**Gunnhildur Stefánsdóttir** **Leifur Hallgrímsson**
**Hólmfríður F. Svavarsdóttir**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Merkisatburðir



**50** Neró tekur við keisaratign í Róm eftir lát Kládíusar.
**1307** Allir musterisriddarar í Frakklandi eru handteknir að skipun Filippusar fagra og pyntaðir þar til þeir játa á sig villutrú.
**1943** Síðari heimsstyrjöldin: Ítalía segir fyrrum bandamanni sínum, Þýskalandi, stríð á hendur.
**1987** Kýrin Harpa syndir yfir Önundarfjörð frá Flateyri að Kirkjubóli í Valþjófsdal á flótta þegar leiða á hana til slátrunar. Eftir sundafrekið er hún nefnd Sæunn og fær að lifa lengur.
**1992** Haukur Morthens söngvari deyr 68 ára, eftir nær hálfrar aldar söngferil.



**1994** Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt í fyrsta sinn og hlýtur þau Helgi Ingólfsson.
**1996** Eldgosi, sem hófst í Gjálp 2. október sama ár, lýkur.
**1997** Gamanþátturinn Fóstbræður hefur göngu sína á Stöð 2.
**2006** Suður-Kóreumaðurinn Ban Ki-moon er kosinn aðalritari Sameinuðu þjóðanna.



Jón Gnarr, Benedikt Erlingsson, Sigurjón Kjartansson, Hilmir Snær, Helga Braga og Benedikt Erlíngsson skipuðu fyrst Fóstbræður en síðar einnig Þorsteinn Guðmundsson og Gunnar Jónsson.

13. OKTÓBER 1997

## Fóstbræður fóru fyrst í loftið

Fyrsti þáttur grínþáttanna Fóstbræðra birtist á skjánum á þessum degi árið 1997 en þátturinn varð upphaflega til á Stöð 3 og var síðan sýndur á Stöð 2.

Upphaflegir meðlimir grínengisins á bak við Fóstbræður voru Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson, Helga Braga Jónsdóttir, Hilmir Snær Guðnason og Benedikt Erlingsson. Hilmir Snær var aðeins Fóstbróðir í eina seríu en Þorsteinn Guðmundsson kom í hans stað. Í þriðju seríu bættist Gunnar Jónsson síðan í hópinn.

Það má með sanni segja að Fóstbræður hafi slegið í gegn á sínum tíma og geri enn. Búið er að horfa á atriði úr þáttunum mörg þúsund sinnum á YouTube og eru þeir reglulega endursýndir á sjónvarpsrásum 365.

Margir ódauðlegir karakterar urðu til í þáttunum, til dæmis Júlli, Gyða Sól og Helgi, persónulegi trúbadorinn og má enn heyra fólk á förnum vegi vitna í þættina og reglulega deila notendur samfélagsmiðlanna atriðum úr Fóstbræðrum á síðum sínum.

Þættirnir slógu ekki aðeins í gegn hjá áhorfendum heldur hrifsuðu einnig til sín verðlaun. Þátturinn var valinn leikið sjónvarpsefni ársins árið 1999 á Edduverðlaunahátíðinni og árið eftir var hann valinn skemmtiþáttur ársins. Þá hlaut Jón Gnarr verðlaun sem leikari ársins í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í þáttunum árið 2001 en það ár var Ragnar Bragason einnig tilnefndur sem leikstjóri ársins fyrir Fóstbræður.



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Viðar Þorláksson**

rafvirkjameistari,

lést 3. október síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Bjarney Viðarsdóttir**
**Steinunn Viðarsdóttir** **Pétur Valsson**
**Sveinn Viðarsson**
**Jón Þór Viðarsson** **Erna Friðriksdóttir**
**Hilmar Viðarsson** **Kerstin Viðarsson**
**Anna Sigrún Paul** **Del Paul**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ragna Bjarnadóttir**

Hvassaleiti 58, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar aðfaranótt laugardagsins 8. október á Deild K1, Landakoti. Jarðarförin fer fram frá Laugarneskirkju 18. október klukkan 15. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á K1 á Landakoti fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Sigrún Hermannsdóttir** **Sveinn Aðalsteinsson**
**Jónas Hermannsson** **Anna Sigurlína Karlsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Ólafíu Jónsdóttur**

arkitekts,
Bergstaðastræti 81, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til Helga Sigurðssonar læknis og starfsfólks krabbameinsdeildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Hulda Sigríður Jeppesen**
**Anna Salka Knútsdóttir Jeppesen**
**Stefán Jón Knútsson Jeppesen**
**Páll Jakob Líndal**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra

**Jóhanna Dagfríður Arnmundsdóttir Backman**

lést 10. október sl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 14. október kl. 15.00.

**Inga Jónína Backman** **Friðrik Páll Jónsson**
**Ernst Jóhannes Backman** **Ágústa Hreinsdóttir**
**Valgerður Bergsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur sonur og bróðir,

**Jón Páll Blöndal Sigurðsson**

Stafholtsey,

verður jarðsunginn frá Reykholtskirkju laugardaginn 15. október kl. 1300.

**Sigríður Blöndal**
**Jóhanna Sigurðardóttir**
**Pálfríður Sigurðardóttir**
**og fjölskylda.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórdís Haraldsdóttir**

Gaukshólum 2, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 14. október klukkan 13.

**Hilmar B. Gunnarsson** **Ann Mary Jörgensen**
**Kristján Á. Gunnarsson** **Jóna Björg Pálsdóttir**
**Haraldur Gunnarsson** **Katrín Steingrímsdóttir**
**Gunnar G. Gunnarsson** **Jóna K. Rögnvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# RIGNING, ROK & GÓÐAR BÆKUR




**Hekla skilur hundamál**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.299.-




**Goðheimar 7 - Krækt í orminn**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.399.-




**Vonda frænkan**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.499.-




**Vetrarhörkur**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.799.-




**Sigurfljóð hjálpar öllum!**
**VILDARVERÐ: 3.799.-**
Verð: 4.299.-




**Íslandsbók barnanna**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.499.-




**Skuggasaga 2 - Undirheimar**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.799.-




**Íslensku dýrin mín**
**VILDARVERÐ: 2.699.-**
Verð: 3.111.-




**Búðarferðin**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.499.-




**Leti-Púkar / Feimnis-púkar**
**VILDARVERÐ (per stk.): 2.999.-**
Verð (per stk.): 3.499.-




**Amma óþekka / Afi sterki**
**VILDARVERÐ (per stk.): 2.199.-**
Verð (per stk.): 2.699.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 13. október, til og með 17. október, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Stíf suðaustanátt á landinu í dag. Talsverð eða mikil rigning sunnantil á landinu, úrkomuminna vestanlands, en þurrt að mestu norðaustantil. Milt í veðri og hiti víða 8 til 12 stig.

### Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10° | 9 |
| Ísafjörður | 8° | 12 |
| Akureyri | 8° | 5 |
| Egilsstaðir | 8° | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | 6 |
| Hveravellir | 4° | 10 |

### Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8° | 4 |
| Ísafjörður | 7° | 9 |
| Akureyri | 6° | 1 |
| Egilsstaðir | 5° | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | 3 |
| Hveravellir | 3° | 3 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. spil
6. kyrrð
8. skítur
9. upphrópun
11. í röð
12. máttur
14. guð
16. tveir eins
17. líða vel
18. for
20. tveir eins
21. krukka

**LÓÐRÉTT**
1. íþróttafélag
3. pot
4. ritun
5. fag
7. frjáls
10. temja
13. svelg
15. pottréttur
16. hald
19. óreiða



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gosi, **6.** ró, **8.** tað, **9.** aha, **11.** mn, **12.** megin, **14.** faðir, **16.** tt, **17.** una, **18.** aur, **20.** gg, **21.** krús.
**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** ot, **4.** samning, **5.** iðn, **7.** óheftur, **10.** aga, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** tak, **19.** rú.

### Skák Gunnar Björnsson

Taimanov átti leik gegn Karpov í Leningrad árið 1977.



**Svartur á leik**
**1...Rg3+! 2. hxg3** (2. Dxg3 Hxb1 3. Df3 e4 4. Df4 Dd2!) **2...Ha8! 0-1.** Hvítur getur ekki varist hótuninni **3...Hh8+.** Sjöunda umferð Haustmóts TR fór fram í gærkveldi. Ingvar Þór Jóhannesson var efstur fyrir umferðina.
**www.skak.is:** Allt um Haustmót TR.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FLUTNINGAPARTÍ
Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ
13. - 20. OKTÓBER
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
Verslanirnar sameinast í nýrri og glæsilegri verslun í Smáralind í byrjun nóvember.
Núverandi verslun í Smáralind lokar 20. október og verslunin í Glæsibæ í byrjun nóvember.
*Gildir aðeins í verslunum Útilífs í Smáralind og Glæsibæ.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

markhönnun ehf

netto

# Helgin byrjar hjá okkur

Fallegir bitar

-34%



**NAUTA RIB-EYE**
Í HEILU - LÍTIL STK, FROSIN
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
**1.979** KR KG ❄

-13%



Kengúru fillet á tilboði!

**KENGÚRU FILLET**
FROSIÐ
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.478** KR KG ❄

-23%




**NAUTAHAKK - 500 G**
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~
**691** KR PK

Cordon bleu

-35%



**CORDON BLEU - 350 G**
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~
**584** KR PK




**GRÍSAKÓTILETTUR Í RASPI**
ÁÐUR: ~~1.798 KR/KG~~
**1.349** KR KG

Fljótlegt og þægilegt

NÝTT Í netto




**DALOON MINI KÍNARÚLLUR**
M. NAUTAKJÖTI - 400 G
ÁÐUR: ~~599 KR/PK~~
**499** KR PK ❄

NÝTT Í netto




**FINDUS WORLD SELECTION**
4 TEGUNDIR - 380 G
ÁÐUR: ~~599 KR/PK~~
**497** KR PK ❄

-28%




**BAD DOG - 250 ML**
ORKUDRYKKUR
ÁÐUR: ~~179 KR/STK~~
**129** KR STK

-20%




**SMARTIES POKI - 125 G**
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**239** KR PK

-30%




**KEA KINDAKÆFA**
GAMALDAGS - 200 G
ÁÐUR: ~~359 KR/PK~~
**251** KR PK

-20%




**MATUR & MÖRK SÓSUR**
3 TEGUNDIR - 300 ML
ÁÐUR: ~~298 KR/PK~~
**238** KR PK

Leyfðu þér smá...




**COOP RANCHERS CUT**
4 TEGUNDIR - 175 G
ÁÐUR: ~~399 KR/PK~~
**359** KR PK

Þessi gamla góða

-20%




**PRINGLES - 40 G**
ORIGINAL, SOURCREAM & BBQ
ÁÐUR: ~~99 KR/PK~~
**79** KR PK

-20%




**KIT KAT CHUNKY - 4 PK**
4 X 40 G
ÁÐUR: ~~349 KR/PK~~
**279** KR PK

**Tilboðin gilda 13. – 16. október 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Íslenskt lambakjöt í miklu úrvali*




-32%

LAMBALUND
~~ÁÐUR: 5.824 KR/KG~~
**3.960** KR KG




LAMBALÆRI - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 1.394 KR/KG~~
**1.296** KR KG ❄




-20%

KJÚKLINGABORGARAR
M. BRAUÐI - 2 STK
~~ÁÐUR: 598 KR/PK~~
**478** KR PK



KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR - 900 G, FROSNAR
~~ÁÐUR: 1.798 KR/PK~~
**1.582** KR PK ❄




-20%

PÍTUBUFF M. BRAUÐI
6 X 60 G
~~ÁÐUR: 1.598 KR/PK~~
**1.278** KR PK

*Frískandi goji safi*

*Indverskir kalkúnastrimlar*




CAFESSO KAFFIPÚÐAR
F. DOLCE GUSTO VÉLAR
**789** KR PK




-40%

INDVERSKIR KALKÚNASTRIMLAR
~~ÁÐUR: 3.298 KR/KG~~
**1.979** KR KG




FLÓRIDANA GOJISAFI - 1 L
~~ÁÐUR: 369 KR/STK~~
**325** KR STK




-32%

COOP KARTÖFLUR
BBQ/KRULLU - 600 G
~~ÁÐUR: 579 KR/PK~~
**399** KR PK ❄

-20%

COOP KARTÖFLUR
RÖSTI - 600 G
~~ÁÐUR: 498 KR/PK~~
**399** KR PK ❄




-20%

CADBURY LUXURY
COOKIES - 150 G
~~ÁÐUR: 199 KR/PK~~
**159** KR PK

*Ferskt vínber*



-50%

GRÆN VÍNBER
FRÁ BANDARÍKJUNUM
~~ÁÐUR: 898 KR/KG~~
**449** KR KG

*Spennandi nýjungar í boostið!*




-20%

OKKAR SKÚFFUKAKA
M. KÓKOS
~~ÁÐUR: 749 KR/PK~~
**599** KR PK




ANGLAMARK SMOOTHIE - 90 G
GRÆNN/RAUÐUR/HVÍTUR
~~ÁÐUR: 179 KR/PK~~
**149** KR PK

NÝTT Í netto




GRANATEPLAKJARNAR - 250 G
~~ÁÐUR: 398 KR/PK~~
❄ **358** KR PK

RIFSBER - 300 G
~~ÁÐUR: 259 KR/PK~~
**233** KR PK ❄

CROPS KIRSUBER - 1 KG
~~ÁÐUR: 959 KR/PK~~
**863** KR PK ❄



Benjamin Levy hljómsveitarstjóri segir að það sé í raun ótrúlega fámennur en afkastamikill hópur sem stendur að baki uppfærslum Íslensku óperunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ég er í senn bæði bílstjóri og farþegi

**Hljómsveitarstjórinn Benjamin Levy vinnur nú hörðum höndum að uppfærslu Íslensku óperunnar á Évgení Onegin og honum finnst gott að vinna í íslenskri samkennd og fjölskyldustemningu.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hann kemur blautur og úfinn inn starfsmannainngang Hörpunnar undan íslenskri haustlægð en samt brosandi og vingjarnlegur. Benjamin Levy frá Frakklandi er hingað kominn sem hljómsveitarstjóri við uppfærslu Íslensku óperunnar á Évgení Onegin, eftir rússneska snillinginn Pjotr Tsjaíkovskíj, sem verður frumsýnd í lok næstu viku.

Benjamin Levy hefur stjórnað víðs vegar um Evrópu, bæði utan heimalandsins sem innan, en árið 2005 hlaut hann verðlaun sem Bjartasta vonin hjá Sambandi franskra tónlistargagnrýnanda og árið 2008 hlaut hann ADAMI, verðlaun ungra hljómsveitarstjóra. Levy er því happafengur fyrir Íslensku óperuna sem og áhorfendur en hann segir að það sé sérstaklega ánægjulegt að koma hingað til þess að vinna í annað sinn. „Hér er stemningin alltaf mjög góð ólíkt því sem ég þekki frá Frakklandi. Þar er fólk ansi mislynt og þá sérstaklega í París, ég meina Parísarbúar eru líkast til skapversta fólk í heimi, eða eins og Jean Cocteau sagði þá eru Frakkar í raun Ítalir í vondu skapi. Þannig að það fyrsta sem ég tók eftir á Íslandi var hversu almennilegir allir eru og hversu sterk samkennd ríkir á milli fólks. Ég held að fólki finnist það tilheyra einni og sömu fjölskyldunni og það skiptir máli tónlistarlega séð. Þjappar okkur saman tónlistarlega og gerir tónlistarfólkinu mögulegt að styðja hvert annað og það styður við allt ferlið.“

### Elskhugi eða eiginmaður

Allt frá unga aldri hafði Levy mikinn áhuga á því að verða hljómsveitarstjóri. Hann segir að það hafi verið það fyrsta þegar hann nefndi þegar hann var spurður hinnar klassísku spurningar, hvað hann ætlaði að verða. „En svo kom auðvitað millibilsástand þar sem ég ætlaði að verða flugmaður eða eitthvað svoleiðis sem mér fannst töff. En þegar ég spilaði í fyrsta sinn í hljómsveit, það var snemma á unglingsárunum, þá vissi ég fyrir víst að það væri þetta sem ég ætlaði að gera.“

Levy segist þó ekki vera af tónlistarfólki kominn en faðir hans er lyfjafræðingur og móðir hans sjúkraþjálfi. „En pabbi elskar tónlist og hann sá til þess að ég færi að læra á fiðlu þegar ég var barn og ég lagði stund á það fram á unglingsárin, en þá sneri ég mér að því að læra klassískan áslátt. Þaðan fór ég meira yfir í fræðin og svo að gerast stjórnandi. Þetta er svona minn bakgrunnur í tónlistinni.“

Nýverið tók Levy við starfi tónlistarstjóra hljómsveitarinnar í Cannes og hann segir að það verði gott að fá sinn stað til þess að byggja eitthvað upp til lengri tíma. „Ég mun þó halda áfram um stund að vera gestahljómsveitarstjóri nokkuð víða enda þegar bundinn af allmörgum spennandi verkefnum. Það er gott að vera elskhuginn en á ákveðnum tímapunkti þá er kominn tími á að vera eiginmaðurinn,“ segir Levy og hlær góðlátlega.

### Á milli tveggja heima

Það er stórt og metnaðarfullt verkefni að takast á við jafn stóra óperu og Évgení Onegin og Levy hefur á orði að það sé í raun ótrúlega fámennur hópur sem standi á bak við verkefnið. „Þetta fólk er að vinna verk margra og leikstjórinn okkar, Anthony Pilavachi, er bæði reyndur og uppfullur af frábærum hugmyndum. Þannig að þetta er mikil áskorun en ég er sannfærður um að þetta verður frábær sýning, ekki síst vegna þess að fólkið hér er tilbúið að leggja svo mikið á sig.“

Aðspurður hvort þetta verði til þess hann finni meira fyrir pressunni en ella þá segir Levy að hann finni alltaf fyrir pressunni hvort eð er. „Það er bara hluti af þessu og maður setur pressuna á sig sjálfur. En þegar maður er að takast á við meistaraverk eins og þetta þá getur það höfðað til fólks á svo margbreytilegan hátt. Évgení Onegin var frumflutt árið 1879 og fyrir mér er þessi ópera á milli tveggja heima. Tónlistarlega séð er að finna í henni ákveðnar leifar af klassískt saminni óperu en á sama tíma er þarna fullt af atriðum þar sem persónurnar nánast tala saman í tónlistinni. Stíllinn er klassískur, eins og t.d. hjá Haydn og Mozart, en svo koma þessar risastóru rómantísku aríur. Svo er þetta líka svo mennskt og tilfinningarnar eru svo sannar.“

Nú er Levy kominn á flug um eðli verksins og bendir á að takturinn í tónlistinni hjá Tsjaíkovskíj leitist við að passa við hvernig rússneskan er í raun töluð og því sé afar mikilvægt að flytja hana á frummálinu. „Þetta er gríðarlega erfitt fyrir söngvarana, sérstaklega þá sem eru ekki rússneskumælandi, því þeir þurfa að vita hvernig þetta er sagt í raun og veru. Þess vegna þarf að skrifa taktinn nánast inn í tungumálið.“ Söngvurunum er eflaust mikil hjálp í Levy hvað þetta varðar því hann er rússneskumælandi og nú er hann dottinn inn í handritið og byrjaður að tala og syngja rússnesku fyrir afar skilningsvana eyrum blaðamannsins. En ástríða, þekking og færni hljómsveitarstjórans leynir sér svo sannarlega ekki.

### Tónlistin er lykillinn

„Áherslan í hverri óperuuppfærslu fyrir sig ákvarðast í raun út frá því sambandi sem myndast á milli leikstjórans og tónlistarstjórans hverju sinni,“ segir Levy aðspurður um sínar áherslur. „Leikstjórinn okkar hér er afar tónelskur og hann byggir allt á tónlistinni. Hann leggur mikla áherslu á að við verðum að hlusta á tónlistina til þess að skilja hvað er að gerast. Þetta er mjög gott fyrir mig vegna þess að fyrir vikið þá eigum við mjög gott með að vinna saman og leggjum svipaðar áherslur. Þetta er í raun það fyrsta sem einkennir þessa uppfærslu hér.

Með sama hætti þá reyni ég að nálgast söngvarana mína með einstaklingsbundnum hætti. Þegar maður er að stjórna óperu þá er maður oft í senn bæði bílstjóri og farþegi, vegna þess að í raun eru söngvararnir oft við stýrið. Þá þarf maður í senn að fylgja þeim, styðja þá og leiða þá áfram. Í stóru aríunum þarf maður að muna að maður er þeim til þjónustu reiðubúinn og aðstoða þá eftir því sem þeir þurfa á að halda hverju sinni. Ég er afar ánægður með söngvarana mína hérna og skemmtilegt að ég vann með mörgum hér við Don Giovanni og nú sýna þau mér allt aðra hlið.“

### Hrifinn af Ragnheiði

Víða um heim er mikil umræða um hlutverk og stöðu óperunnar og Ísland er engin undantekning frá því. Levy segir að það sé hans skoðun að það sé mikilvægt að takast á við bæði klassísk og ný verk. „Mér skilst að það eigi að flytja Mannsröddina, La voix humaine, eftir Francis Poulenc og það finnst mér spennandi. Ég sá líka upptöku héðan af óperunni Ragnheiði og það fannst mér alveg frábært.

En svona þarf þetta að vera. Það þarf að setja upp ólík verk frá mismunandi skeiðum og klassísku verkin eiga svo sannarlega að vera þar á meðal. Það skiptir líka máli. Íslendingar eiga ekki að þurfa að ferðast til útlanda til þess að sjá og heyra óperu af þeirri gráðu sem við erum að fást við hér og nú. Það er líka mikilvægur hluti af þroska og ferli söngvaranna og hljómsveitarinnar svo vonandi á óperan sér bjarta og góða framtíð á Íslandi.“

*Nýjung frá Myllunni, gott í munninn - nýtt í magann*

# Smakkaðu ný Pizzastykki




## *Gerðu eitthvað nýtt í dag*

Það er sumargleði í dag. Réttur tími til að gera eitthvað nýtt; ganga nýja leið, tjalda á öðrum stað, veiða fisk eða hitta nýtt fólk. Hvert sem þú ferð þarftu að hafa eitthvað gott í munninn og nýtt í magann. Myllan lumar á miklu úrvali fyrir ferðalangana og núna loksins, Myllu Pizzastykki.

## *Gríptu nokkra poka af Pizzastykkjum*

*í gönguferðina, bílinn, tjaldið, sumarbústaðinn, veiðiferðina - eða bara til að eiga heima.*

*Gott utan sem innan með osti og pizzasósu, kryddað með oregano, pipar og steinselju.*

*Smakkaðu nýtt í dag. Kauptu Myllu Pizzastykki - fjögur í hverjum poka í næstu verslun.*

@myllubraud /Myllubraud

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

*Kynntu þér vörur Myllunnar á* ***myllan.is*** *og fylgstu með okkur á* ***facebook og Twitter***

# Hógvær friðarhugsun

**MYNDLIST**

**Ein saga enn ...**

★★★☆☆

**Sýning á verkum Yoko Ono**

**Hafnarhús**
**Sýningarstjóri:** Gunnar B. Kvaran

Yoko Ono er best þekkt hér á landi fyrir útilistaverkið Friðarsúluna, sem kveikt var á í tíunda sinn í Viðey á fæðingardegi Johns Lennon. Hún á langan feril að baki í konseptlist og er ein af þeim alþjóðlegu listamönnum sem tóku virkan þátt í mótun listforma á sjöunda áratugnum þar sem hún var virk í gjörningum, tilraunalist, viðburðalist og flúxus. Verkin á sýningunni sem nú stendur yfir spanna marga áratugi og bera með sér frumleg einkenni listakonunnar sem ögraði listheiminum með skilgreiningu á listhlutnum og listforminu.

Á sýningunni eru mörg fyrirmælaverk en eitt þeirra, Mamma mín er falleg, felur í sér fyrirmæli um að skrifa minningu um móður. Áhorfendur verða þátttakendur og mynda saman eina heildstæða mynd. Skilaboðin um að við erum öll komin af móður, þó við séum ólík, staðfestir að við erum þó öll eins. Samkennd og samstaða kemur til hugar með verkinu en Hugsa sér frið er á svipuðum nótum. Kort af öllum mögulegum stöðum í heiminum þekur heilan vegg þar sem gestir geta stimplað „hugsa sér frið“ hvar sem þeir óska. Verkin hvetja þannig til umhugsunar um okkur sjálf í sambandinu við hvert annað.

Á köflum er sýningin á mörkunum við það að falla í gryfju hins almenna en verkin sem eiga rætur



**Uppris 2013/2016. Hluti af verki Yoko Ono.**

að rekja til sjöunda og upphafs áttunda áratugarins stóðu fyrir sínu. Í því sambandi má nefna upptöku af gjörningnum Cut Piece frá árinu 1965 þar sem áhorfendur fengu að klippa klæði Yoko Ono af henni er hún sat á sviði. Með því voru áhorfendur gerendur í afhjúpun listakonunnar en verkið er eitt lykilverka innan flúxushreyfingarinnar. Líkami Yoko varð listaverkið þar sem skilin á milli listar og lífs verða óljós.

Hugmyndafræðilegt stef sýningarinnar um stöðu kvenna líkt og birtist í Uppris er ófrumlegt framlag á tímapunkti þegar þögnin er rofin með Konur tala, Brjóstabyltingunni og upplýstri umræðu um kúgun kvenna. Ný sannindi koma ekki í ljós en það er að sjálfsögðu jákvætt að konur stíga fram og við eigum að nýta öll tækifæri sem gefast til að vekja athygli á stöðu kvenna. Verkið er í þeim skilningi jákvæð viðbót við umræðu samtímans.

Fyrirmælaverk sem bera einfaldlega nafnið Fyrirmælaverk á sýningunni hanga meðfram löngum vegg með ýmsum fyrirmælum. Þau falla í svipaða gryfju og Uppris á tímum þegar sjálfshjálp er sem iðnaður á samfélagsmiðlum. Hins vegar tala verkin til hvers og eins og draga fram þá hugmynd að leiðin til friðar hefjist með því að við vinnum í okkur sjálfum, að við getum orðið á einhvern hátt betri og skapað þannig grundvöll til að vinna saman.

Yfir heildina stóðu eldri konseptverk fyrir sínu sem vitnisburður um frumkraft listakonunnar en þeim var ekki fylgt nægilega eftir með nýrri verkum. Sýningin færir áhorfendum jákvæðan boðskap í gegnum þátttöku en tilfinningin er sú að ákveðna dýpt skorti til að það nái að skilja nógu mikið eftir sig. Friðarandinn sveif þó allan tímann yfir vötnunum.

**Júlía Marinósdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Eftirtektarverð sýning með jákvæðan boðskap en það vantaði upp á frumkraftinn.



**Bernd Ogrodnik skapar fallega og skemmtilega veröld Íslenska fílsins í Þjóðleikhúsinu.**

# Ljúft ferðalag um undraveröld Brúðuheima

**LEIKHÚS**

**Íslenski fíllinn**

★★★★☆

**Brúðuheimar og Þjóðleikhúsið**

**Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir
**Handrit:** Bernd Ogrodnik og Hildur M. Jónsdóttir
**Hönnun leikbrúða, leikmyndar og brúðustjórnun:** Bernd Ogrodnik
**Leikarar:** Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Karl Ágúst Úlfsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson, Snorri Engilbertsson, Oddur Júlíusson, Tinna Lind Gunnarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson og Edda Arnljótsdóttir
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Tónlist:** Bernd Ágúst Ogrodnik
**Hljóðmynd og upptökustjórn:** Maggi Magg
**Búningar:** Ólöf Haraldsdóttir og búningadeild Þjóðleikhússins

Brúðuheimar bjóða okkar yngstu leikhúsgestum í ferðalag sem byrjar í stigagangi Þjóðleikhússins og endar inni í hjörtum þeirra. Sérlegur stjórnandi þessara töfraheima, Bernd Ogrodnik, býður áhorfendur persónulega velkomna í byrjun sýningar og kveður með þökkum að henni lokinni. Íslenski fíllinn var frumsýndur í síðasta mánuði en nokkur reynsla er komin á samvinnu Brúðuheima og Þjóðleikhússins sem blómstrar í þessari sýningu.

Íslenski fíllinn segir sögu fílsungans Ayodele og flótta hennar frá heimkynnum sínum þar sem ekkert vatn er að finna, og eftir að hafa misst foreldra sína til Íslands. En áður en lengra er haldið má endilega hætta að tala og skrifa um Afríku eins og heimsálfan sé land. Smáu áhorfendurnir eiga betra skilið heldur en að þessi þreytandi hugsunarvilla sé stimpluð inn snemma. Þarna geta Bernd og Hildur M. Jónsdóttir vandað sig aðeins betur í annars ágætu handriti sem snýst aðallega um góðmennsku og hjálpsemi náungans.

Aftur á móti fær sýningin stórt hrós fyrir að kynna áhorfendur fyrir undurfallegri tækni skuggabrúðuleikhússins, sem rekur sínar rætur til Indlands og Kína. Skuggahreyfingarnar eru dáleiðandi og koma sífellt á óvart. Bernd, með góðri aðstoð Ágústu Skúladóttur leikstjóra, notar allar víddir sviðsins til að stækka og smækka sjónarhorn áhorfenda með eftirtektarverðum hætti. Leikmyndin stækkar og minnkar sömuleiðis með hugvitsamlegum lausnum og leynihólfum, bæði brúðurnar og landslagið, en Bernd á einnig heiðurinn af þeirri hönnun. Brúðutækni hans er lipur þar sem hvert dýr verður einstakt, ekki einungis í útliti og raddblæ heldur líka hreyfingum.

Heill hópur af þjóðþekktum íslenskum leikurum ljær brúðunum rödd sína í sýningunni og gerir það einkar vel. Þjóðleikhúsið á einnig hrós skilið fyrir að hýsa og styðja jafn framsækið hugverk og Brúðuheima. En þetta litla svið uppi í rjáfri Þjóðleikhússins mætti jafnvel nýta enn þá betur t.d. fyrir leiklestra og hvers kyns tilraunasýningar, til þess er það tilvalið.

Smáatriðin glansa líka í glæsilegri búningahönnun Ólafar Haraldsdóttur. Pínulitlar kindalopapeysur, næfurþunnur trefill á krumma og örsmáar smekkbuxur á aðra músina en hin ber sérhannaðan bakpoka með utan á hangandi björgunarhring. Lýsing Ólafs Ágústs Stefánssonar er einnig snotur en hann nýtir hvern millimetra á þessu litla sviði, þar bera skuggalýsingarnar af.

Menningarlegu vísanirnar eru svolítill hrærigrautur þar sem menningararfi fjölmargra landa vítt og breytt um heiminn er mallað djarflega saman. Þegar slíkar vísanir eru fengnar að láni úr öðrum menningarheimum verður að stíga gætilega til jarðar og hér mætti fara varlegar. Þrátt fyrir þessa vankanta er sýningin ljúf áminning um hvað litlir hlutir, minnstu smáatriði og hógværar vinnuaðferðir geta breytt miklu. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hugljúf og sérlega fallega hönnuð saga um vináttu.






# 25%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SPILUM**
**FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM**

**13. október – 17. október**




**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram. com/a4verslanir

A4

# BÍÓ

## Sungið í bíó

Margir hafa haft unun af því að syngja með fallegri tónlist í kvikmyndum í gegnum tíðina. Hér eru nokkur dæmi um myndir sem hafa þótt sérlega söngvænar:


The Wizard of Oz **1939**


Mary Poppins **1964**


Sound of Music **1965**


Rocky Horror Picture Show **1975**


Grease **1978**


Little Shop of Horrors **1986**


Lion King 1994


Mamma Mia! 2008


Pitch Perfect 2012


Frozen 2013

# Tekið undir með Stuðmönnum og Grýlum

**Aðdáendum hinnar sígildu íslensku gaman- og söngvamyndar Með allt á hreinu gefst færi á að syngja með lögunum á sérstakri söngsýningu annað kvöld.**

Aðdáendur gaman- og söngvamyndarinnar Með allt á hreinu eru mýmargir, enda nánast hægt að segja að myndin sé stofnun í íslensku menningarlífi miðað við þann fjölda fólks sem hefur barið hana augum, margir oftar en einu sinni og oftar en tíu sinnum, frá því hún var frumsýnd árið 1982. Annað kvöld, föstudaginn 14. október, gefst aðdáendum myndarinnar tækifæri til að taka hraustlega undir með Stuðmönnum og Grýlunum og syngja lögin sem hafa lifað með þjóðinni í öll þessi ár á sérstakri söngsýningu, eða „sing-along“-sýningu, í Sambíóunum í Kringlunni.

Söngsýningar á vinsælum kvikmyndum eru ekki nýjar af nálinni og skemmst er að minnast þess þegar boðið var upp á slíkar sýningar hér á landi á söngvamyndinni Mamma Mia!, sem gerð var eftir samnefndum söngleik og innihélt marga af helstu smellum sænsku popphljómsveitarinnar ABBA. Þær sýningar nutu mikillar hylli hér fyrir nokkrum árum, en þetta er í fyrsta sinn sem íslensk kvikmynd er færð í sérstakan söngbúning og verður valið að teljast viðeigandi sé litið til gríðarlegra vinsælda Með allt á hreinu í gegnum árin. Söngsýningin fer þannig fram að söngtextar birtast á tjaldinu með öllum lögum myndarinnar svo áhorfendur verða vel með á nótunum þegar þeir kyrja með Stinna Stuð, Hörpu Sjöfn, Sigurjóni digra, rótaranum Dúdda og öllu heila persónugalleríinu og eins er ekki ólíklegt að stór hluti áhorfenda geti svo þulið upp samtölin milli laga eins auðveldlega og að drekka vatn.

Ágúst Guðmundsson leikstýrði Með allt á hreinu árið 1982. Aðsókn að myndinni fór hægt af stað en vinsældir hennar jukust eftir því sem á leið sýningar og fljótlega fór að heyrast af fólki sem skemmti sér svo vel á myndinni að það fór aftur og aftur í bíó til að sjá hana. Fljótlega varð myndin ein af þeim mest sóttu í sögu íslenskra kvikmynda og hefur í raun haldið vinsældum sínum æ síðan, ekki síst vegna þess að áhugi og aðdáun á henni virðist erfast milli kynslóða og efnistök hennar höfða mjög til barna og unglinga.

Meðal laganna sem áhorfendur geta sungið með á söngsýningunni annað kvöld eru Íslenskir karlmenn, Ekkert mál, Úti í Eyjum, Að vera í sambandi, Haustið '75, Taktu til við að tvista, Ástardúett og Slá í gegn, auk ýmissa fleiri.

kjartang@frettabladid.is


**SÓSA OG SALAT** Stuðmenn fá sér í svanginn í Með allt á hreinu.


**GÆRUR** Ragga Gísla og stöllur hennar fara mikinn í myndinni.


**FRÍMANN** Talar í símann.


## Einstök eign í rólegu hverfi á Eyrarbakka

Reisulegt hús á líflegum stað rétt fyrir utan Eyrarbakka. Stór og fallegur garður með aðstöðu til íþróttaiðkunar. Stutt í alla þjónustu og óspillta náttúru. Glæsileg og rúmgóð eign með mikla möguleika. **Sjón er sögu ríkari.**



# DEBENHAMS





# Imagine if there were no gravity

**Shiseido kynning í Debenhams dagana 13.-19. október**

- Ný varalitalína Rouge Rouge
- Ný Bio-Performance lína LiftDynamic
- Nýr ilmur Ever Bloom EDT

Vertu velkomin og kynntu þér það nýjasta frá Shiseido í haust.

*Falleg gjöf fylgir kaupum á tveimur keyptum vörum í Shiseido á meðan á kynningu stendur.

*meðan birgðir endast.

SHISEIDO
GINZA TOKYO

Beislar náttúrulega orku húðarinnar í baráttu við sýnileg þroskamerki hennar. Útlínur andlits styrkjast og lyftast innan frá. Endurnýjunarhæfni eykst, húðin yngist og eflist. Unglegri, fallegri húð.

**Ný Bio-Performance LiftDynamic lína**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MIDDLE SCHOOL | 6 |
| MAGNIFICENT 7 | 9, 10:30 |
| FRÖKEN PEREGRINE | 6, 8 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 8 |
| EIÐURINN | 10:35 |
| STORKAR 2D ÍSL.TAL | 6 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 8 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:40 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| SULLY | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SKIPTRACE | KL. 5:40 - 8 |
| SULLY | KL. 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:30 |
| THE MAGNIFICENT SEVEN | KL. 10:30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 6 |





# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. OKTÓBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Hetjuhljómkviðan
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Hetjuhljómkviða Beethovens verður tekin fyrir í Hörpunni í kvöld í allri sinni dýrð af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Miðaverð er frá 2.500 til 7.200. króna.

**Hvað?** Af fingrum fram – Valdimar Guðmundsson
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Jón Ólafsson tekur á móti söngvaranum Valdimar og þeir ræða ferilinn, taka öll uppáhaldslög Valdimars og fara almennt yfir lífið og tilveruna.

**Hvað?** Skálmöld ásamt Kroniku
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Skálmöld var að gefa út nýja plötu og heldur af því tilefni helling af tónleikum, en flestir þeirra munu fara fram í öðrum löndum en á Íslandi. En engar áhyggjur, þeir Skálmaldarstrákar taka alla helgina í að spila hér á landi áður en þeir fara út og verða á Akureyri í kvöld ásamt Kroniku – sambræðingi Skálmaldar, Dimmu, Sunnyside Road og Reykjavíkurdætra. Miðaverð í forsölu er 3.900 krónur.

**Hvað?** Estrogen tónleikar vol. 2
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Sex tónlistarkonur mætast og spila fyrir gesti og gangandi á Gauknum í kvöld. Þarna koma fram þær Tinna Gunnlaugsdóttir, Hanna Einarsdóttir, Árný Árnadóttir, Rebekka Sif og Bergmál. Það er frítt inn.

**Hvað?** Hrist en ekki hrærð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti
Þarna verða tekin Bond-lög í flutningi Ljótakórs og Sigríðar Thorlacius og verður stemmingin ákaflega fáguð myndi maður halda. Aðgangseyrir er 2.900 krónur.

**Hvað?** Komplet Vocal Group
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Komplet Vocal Group kemur fram á Rosenberg í kvöld.

**Hvað?** DJ AnDre
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hverfisgötu 12
DJ AnDre sér um að matreiða tónlist ofan í mannskapinn á Hverfisgötu 12 í kvöld.

**Hvað?** Terrordisco
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti
Það er litli föstudagur í dag og af því tilefni verður Terrordisco á spilurunum á Kaffibarnum þar sem hann mun dúndra því ferskasta í dag í mannskapinn.

**Hvað?** Felebration
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg
Í Lucky Records verður í dag haldið upp á líf og störf hins goðsagnakennda tónlistarmanns Fela Kuti en hann er guðfaðir afro beat tónlistarstefnunnar. Felabandið mun spila lög eftir meistarann, plötusnúður spilar nokkra smelli með honum og boðið verður upp á afrískan mat.



Sammi spilar með Felabandinu á Felebration í Lucky Records í dag og mun þar spila nokkur vel valin lög með Fela Kuti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Sigríður Thorlacius syngur öll bestu Bond-lögin í Iðnó í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Order and the One in the Daodejing
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Aðalbygging Háskóla Íslands
Jim Behuniak flytur erindi sitt Order and the one in the Daodejing í Háskóla Íslands í hádeginu í dag.

**Hvað?** Íslenskir innflytjendur í Englandi 1438-1524
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Lögberg, Háskóla Íslands
Guðmundur J. Guðmundsson sagnfræðingur heldur fyrirlestur um íslenska innflytjendur í Englandi á síðmiðöldum og fram á árnýöld. Þetta er hópur 155 Íslendinga og um þá verður fjallað í þessum fyrirlestri – greint frá hvar þeir bjuggu, hvað þeir fengust við í nýjum heimkynnum og hvernig þeim vegnaði þar.

### Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Kjólagjörningur
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri, Ketilhús
Heiða Björk Vilhjálmsdóttir fræðslufulltrúi tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna Kjólagjörning eftir Thoru Karlsdóttur. Á sýningunni má sjá afrakstur níu mánaða gjörnings Thoru en þá klæddi hún sig í nýjan kjól á hverjum degi.

### Menningarhátíð

**Hvað?** Danskt haust
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Danskt haust er menningarhátíð þar sem listamenn frá Danmörku, Íslandi og víðar koma fram í Norræna húsinu. Á dagskrá er ljóðalestur, myndlistarsýningar, tónlist og fyrirlestrar þar sem norræn menning er í fyrirrúmi.

### Uppistand

**Hvað?** Tilraunauppistand
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11, Hverfisgötu
Á Bar 11 fær slatti af nýjum og ferskum uppistöndurum að spreyta sig og eru öll grínform í boði. Kynnir kvöldsins er Ársæll Rafn Erlingsson, sem er nýr uppistandari en síðan er þarna langur listi af fólki sem mun koma fram. Frítt inn.

### Pub quiz

**Hvað?** Djamm er snilld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Já, djamm er algjör snilld og af því tilefni mun einn helsti djammari Íslands og þó víðar væri leitað, Steinþór Helgi eða Station Helgi eða Steinki Djamm eins og hann er stundum kallaður, halda pub quiz þar sem sjálft djammið er í brennidepli. Fyrir þá sem fá ekki nóg af djamminu er alveg tilvalið að mæta, svara, drekka bjór og taka síðan gott djamm á eftir því að það er jú litli föstudagur og þá má alveg djamma þó að það sé vinna daginn eftir, árið er 2016 og allt er leyfilegt.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.






BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Neon Demon | 17:30, 22:00 |
| Brotið | 18:00 |
| Ransacked ENG SUB | 18:00 |
| Sundáhrifin / The Together Project ENG SUB | 20:00 |
| Fire At Sea ENG SUB | 20:00 |
| Pale Star | 20:00 |
| Innsæi / The Sea Within | 22:30 |
| Þrestir / Sparrows ENG SUB | 22:00 |






**PROFF INNIMÁLNING**
9 l. allir litir.

Vatnsþynnanleg og umhverfisvæn plastmálning. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**7.295kr.**
80602509

**PROFF LOFTAMÁLNING**
9 l. allir litir.

Vatnsþynnanleg og umhverfisvæn mött plastmálning. Notast á loft eða sem grunnur á alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**7.295kr.**
80602809



**MÁLNINGARRÚLLA**
og bakki, 25 cm, FIA.

**995kr**
84100160



*Harris®*

**PENSILL**
25, 38, 50 eða 75 mm.
**Verð frá:**

**395kr**
83072110-30



**MÁLNINGARRÚLLA**
og skaft, 25 cm, FIA.

**1.995kr**
84100150




**JÁRNHILLA**
FUTUR, 180x90x45cm,
5 hillur, hámark 150 kg.

**5.995kr.**
38910044
Almennt verð: 8.295 kr.

**JÁRNHILLA**
SMARTY, 138x70x30cm,
4 hillur, hámark 50 kg.

**2.495kr.**
38910030

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 24. október eða á meðan birgðir endast.

# 25%



## AFSLÁTTUR AF ICOPAL ÞAKRENNUM

icopal

**MYGLU- OG SVEPPAEYÐIR**
500ml

**675kr.**
80624580




IAQ Pro

**MYGLUSVEPPAPRÓF**

**5.295kr.**
41132003

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.




AÐEINS
5MÍN




AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN





**ÁRBAKKINN**
Stórskemmtilegir stangveiðiþættir í umsjón Gunnars Bender og Steingríms Þórðarsonar þar sem fylgst er með veiðimönnum í essinu sínu við árbakkana. Í þessum þætti förum við í heimsókn til Bubba Morthens og förum yfir 20 punda laxana sem hann veiddi í Aðaldalnum.

SPENNANDI
**FIMMTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**NCIS**
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.



**THE BLACKLIST**
Raymond Red og hans fólk þarf að taka á öllu sínu til að vernda Lizzie og fjölskyldu hennar. Hörkuspennandi þættir!



**STARTUP**
Magnaðir þættir þar sem foringi skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjótur snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.



**BALLERS**
Dwayne Johnson er geggjaður í þessum skemmtilegu þáttum um ævintýralegt líf atvinnumanna í bandaríska fótboltanum og lífið er ekki alltaf dans á rósum hjá þessum sjarmörum.




**THE TRIALS OF CATE MCCALL**
Cate McCall er snjall lögfræðingur sem hefur þó farið ansi nálægt því að klúðra bæði ferlinum og einkalífinu vegna áfengisneyslu.



**ARROW**
Fimmta þáttaröðin um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** The Middle
**08.15** Litlu Tommi og Jenni
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** Marry Me
**11.10** World's Strictest Parents
**12.15** Léttir sprettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Logi - Risastori afm?lis?attur
**15.30** The Detour
**15.55** Ég og 70 mínútur
**16.25** Kalli kanína og félagar
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** X16 - Norðausturkjördæmi
**20.10** Árbakkinn
**20.30** NCIS
**21.15** The Blacklist
**22.00** StartUp Nýir og magnaðir þættir með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemis og tölvuþrjót sem snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.
**22.45** Ballers Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta með Dwayne The Rock Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp amerískra fótboltaleikara og þeirra fjölskyldur.
**23.15** Rizzoli & Isles
**00.00** The Third Eye
**00.45** Generation Um...
**02.20** The Exorcism Of Molly Hartley
**03.50** Big Daddy Gamanmynd um Sonny Koufax, karlmann á fertugsaldri sem skortir skýr markmið í lífinu. Þrátt fyrir að hafa numið lög er hann enn í hlutastarfi og framtíðin er ekki björt. Kærastan er að gefast upp á honum en þá ákveður Sonny að sýna henni að hann sé fær um að axla ábyrgð. Hann gengur fimm ára strák í föðurstað og heldur þar með að öll vandræði sín séu úr sögunni en það er nú öðru nær.

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Dominos deild kvenna
**09.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**09.40** Dominos deild karla
**11.05** Dominos deild karla
**12.40** Körfuboltakvöld
**14.20** NBA
**14.45** U-21. Ísland - Úkraína
**16.35** Dominos deild kvenna
**18.15** Markaþáttur Undankeppni HM
**19.05** Dominos deild karla
**21.10** Premier League World
**21.40** NFL Gameday
**22.10** Undankeppni HM
**23.50** Markaþáttur Undankeppni HM
**00.40** Dominos deild karla

## STÖÐ 2 SPORT 2

**10.00** Premier League World
**10.30** Premier League
**12.15** Premier League
**14.05** Premier League
**15.50** Premier League Review
**16.45** Undankeppni HM
**18.25** Undankeppni HM
**20.10** Spænski boltinn
**21.50** Spænski boltinn
**23.35** Spænsku mörkin
**00.05** UFC Now 2016

## STÖÐ 3

**17.50** Cougar Town
**18.15** Two and a Half Men
**18.35** New Girl
**19.00** Modern Family
**19.25** Fóstbræður
**19.55** Léttir sprettir
**20.15** Veistu hver ég var?
**20.55** One Born Every Minute UK
**21.45** Gotham
**22.30** Arrow
**23.15** Fóstbræður
**23.40** Léttir sprettir
**00.00** Veistu hver ég var?
**00.40** NCIS. New Orleans
**01.20** One Born Every Minute UK
**02.10** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Zigby
**07.10** Ævintýraferðin
**07.25** Latibær
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Gulla og grænjaxlarnir
**10.37** Stóri og Litli
**10.49** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Zigby
**11.10** Ævintýraferðin
**11.25** Latibær
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Gulla og grænjaxlarnir
**14.37** Stóri og Litli
**14.49** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Zigby
**15.10** Ævintýraferðin
**15.25** Latibær
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Gulla og grænjaxlarnir
**18.37** Stóri og Litli
**18.49** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Skýjað með kjötbollum á köflum 2



18.00
14.00
10.00
Strumparnir

## GOLFSTÖÐIN

**08.05** Golfing World
**08.55** Alfred Dunhill Links Championship
**11.55** PGA. Arnold Palmer Special
**12.20** Golfing World
**13.10** Alfred Dunhill Links Championship
**16.10** Inside The PGA Tour
**16.35** Tour Championship
**19.35** Inside The PGA Tour
**20.00** Safeway Open

## BÍÓSTÖÐIN

**11.15** Jersey Boys
**13.30** Ivory Tower
**15.00** The Trials of Cate McCall
**16.35** Jersey Boys
**18.50** Ivory Tower
**20.25** The Trials of Cate McCall Dramatísk mynd frá 2013 með Kate Beckinsdale og Nick Nolte í aðalhlutverkum. Cate McCall er snjall lögfræðingur sem hefur þó farið ansi nálægt því að klúðra bæði ferlinum og hlutum í einkalífinu vegna áfengisneyslu sem m.a. olli því að hún fékk alvarlega áminningu frá yfirvöldum, klúðraði hjónabandinu og misst i forræðið yfir dóttur sinni.
**22.00** The Fantastic Four
**23.40** Idiocracy
**01.05** A Walk Among the Tombstones
**03.00** The Fantastic Four

## RÚV

**15.45** Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
**16.10** Popp- og rokksaga Íslands
**17.10** Sjöundi áratugurinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.26** Eðlukrútin
**18.37** Vinabær Danna tígurs
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Alþingiskosningar 2016
**20.35** Steinsteypuöldin
**21.10** Vammlaus
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
**22.50** Dicte II
**23.35** Alþingiskosningar 2016
**00.30** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Black-ish
**08.22** Dr. Phil
**09.02** The Biggest Loser
**09.44** The Biggest Loser
**10.28** Pepsi MAX tónlist
**13.05** Dr. Phil
**13.48** The Odd Couple
**14.14** Crazy Ex-Girlfriend
**14.57** The Grinder
**15.20** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**15.45** Girlfriends' Guide to Divorce
**16.31** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.18** The Late Late Show with James Corden
**18.01** Dr. Phil
**18.42** Everybody Loves Raymond
**19.05** King of Queens
**19.27** How I Met Your Mother
**19.50** Survivor
**21.00** Chicago Med
**21.45** Queen of the South
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Jericho
**00.35** Sex & the City
**01.00** BrainDead
**01.45** Zoo
**02.30** Chicago Med
**03.15** Queen of the South
**04.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.40** The Late Late Show with James Corden
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SKÓDAGAR

## 13–16 OKTÓBER

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM

**Í SKÍTAKULDA ERU KULDASKÓRNIR FRÁ ELLINGSEN ANSI NOTALEGIR!**

SOREL – COLUMBIA – ZAMBERLAN – SCARPA – NIKE – ECCO – VIKING – MUCKBOOT – GRISPORT




# ELLINGSEN

**SÍÐAN 1916**

FISKISLÓÐ 1
**REYKJAVÍK**
580-8500

TRYGGVABRAUT 1–3
**AKUREYRI**
580-8550

ELLLINGSEN.IS

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ





# Ferill Herberts Guðmundssonar frá árinu 1970 til dagsins í dag







**1970** Herbert kemur fyrst fram á sjónarsviðið, þá söngvari með ýmsum hljómsveitum. Fyrst kemur hann fram með skólahljómsveitinni Raflosti í Laugalækjarskóla í Reykjavík. Í kjölfarið kemur hljómsveitin Tilvera, en það er þá sem Herbert verður fyrst þekktur á Íslandi. Á þessum tíma eru þekktustu hljómsveitir landsins, ásamt Tilveru, Ævintýri og Trúbrot. Herbert söng inn á sína fyrstu plötu með Tilveru 1971.

**1980** Á árunum 1982-1984 spilar Herbert með hljómsveitinni Kan sem gerð er út frá Bolungarvík. Kan gefur út plötuna Í ræktinni og meðal þekktustu laga sveitarinnar eru Megi sá draumur og Vestfjarðaóður. Árið 1985 kemur út platan Dawn of the Human Revolution sem inniheldur lagið fræga Can't Walk Away, sem slær heldur betur í gegn. „Þarna stimplaði ég mig endanlega inn, það þekktu allir lagið. Þetta var alveg æðislega gaman, ég er virkilega þakklátur fyrir það.“

**1990** Hollywood kallar. Fljótlega upp úr 1990 fer Herbert á vit draumanna alla leið til Los Angeles, í þeim til gangi að taka upp myndbönd við lögin Hollywood og Night of the Show. „Ég var með fullt af fólki með mér í þessu, Kristinn Þórðarson var framkvæmdastjóri verkefnisins. Það var alveg frábært að vinna með honum og virkilega skemmtilegt að vinna þarna úti.“ Árið 1990 fæðist eldri sonur Herberts, Svanur, og árið 1992 fæðist yngri sonur hans, Guðmundur.

**2000** Smellurinn Svaraðu kemur út í kringum aldamótin. Herbert fer til Portúgals og tekur upp myndband við lagið sem vekur talsverða athygli.



**2010** Herbert fer í samstarf við yngri son sinn, Svan. Þeir gefa út plötuna Tree of Life. Árið 2012 fagnar Herbert 40 ára starfsafmæli sínu með tónleikum á Kexi Hostel, sama ár tekur hann þátt í söngvakeppni Sjónvarpsins með framlagi sínu Eilíf ást. Kvikmyndagerðarmennirnir Friðrik Grétarsson og Ómar Örn Sverrisson hafa samband við Herbert í þeim tilgangi að gera heimildarmynd um kappann.

**2016** Heimildarmyndin Can't Walk Away frumsýnd 15. október.



# Fáheyrð jákvæðni að vopni

Heimildarmyndin **Can't Walk Away** um líf og feril tónlistarmannsins **Herberts Guðmundssonar** verður frumsýnd á laugardaginn. Ferill söngvarans hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Fréttablaðið tók saman hæðir og lægðir á ferli kappans.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



Myndin varpar ljósi á líf og drauma, sigra og ósigra Herberts Guðmundssonar, sem hefur komist yfir hindranir lífsins með fáheyrða jákvæðni að vopni,“ segir Friðrik Grétarsson kvikmyndagerðarmaður spurður út í heimildarmyndina Can't Walk Away, sem frumsýnd verður næstkomandi helgi.

Herbert er landsmönnum að góðu kunnur fyrir tónlist sína og hefur hann fært miklar fórnir í gegnum tíðina til þess að geta miðlað listinni til aðdáenda sinna.

„Líf Herberts utan sviðsljóssins hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Hann á meðal annars að baki gjaldþrot, fangelsisvist, hjónaskilnaði, fíkniefnavanda, atvinnuleysi og einelti.“

Kvikmyndagerðarmennirnir Friðrik Grétarsson og Ómar Sverrisson hafa fylgt Herberti eftir undanfarin fimm ár. Herbert þurfti að skrifa undir samning þess efnis að hann fengi ekki að sjá myndina fyrr en á frumsýningu. Þannig hafa þeir Friðrik og Ómar fengið fullt ritstjórnarlegt frelsi við gerð myndarinnar.

„Herbert talar afdráttalaust um það sem á daga hans hefur drifið en einnig er rætt við samferðamenn sem hafa margar merkilegar sögur að segja,“ segir Friðrik.



Kvikmyndagerðarmennirnir Friðrik Grétarsson og Ómar Örn Sverrisson ásamt Herberti.

**LÍF HERBERTS UTAN SVIÐSLJÓSSINS HEFUR EKKI ALLTAF VERIÐ DANS Á RÓSUM.**

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á nýlegum bíl á lægra verði

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með lægri eyðslu og minna viðhaldi. Þeir eru jafnframt öruggari en eldri bílar.



**VERÐ: 2.350.000 kr.**
**Citroën C4 Feel** RXU54
Skráður júní 2015, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 61.000 km. Í ábyrgð. Litur: Ljósbrúnn



**TILBOÐ 1.650.000 kr.**
**Citroën C3 Seduction** SRE78
Skráður júlí 2013, 1,4 TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 50.000 km. Litur: Rauður
~~Verð: 1.890.000 kr.~~



**VERÐ 3.390.000 kr.**
**Mazda6 Vision STW** HBE55
Skráður maí 2015, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð. Litur: Hvítur



**VERÐ: 2.150.000 kr.**
**Ford Fiesta Trend** DNT63
Skráður júní 2015, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð. Litur: Brúnn



**TILBOÐ: 2.390.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** LSG25
Skráður apríl 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 68.000 km. Litur: Grár
~~Verð 2.650.000 kr.~~



**VERÐ 2.090.000 kr.**
**Citroën C4 Cactus Live** RXZ72
Skráður maí 2015, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 60.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár/svartur



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium** ISB25
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 87.000 km. Litur: Grágrænn
~~Verð 3.790.000 kr.~~



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** AIU79
Skráður október 2013, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 127.000 km. Litur: Hvítur
~~Verð 3.590.000 kr.~~



**VERÐ 2.690.000 kr.**
**Peugeot 308 Active** GZH16
Skráður apríl 2015, 1,6Hdi dísil, beinskiptur
Ekinn 64.500 km. Í ábyrgð. Litur: Dökkblár



**TILBOÐ: 2.350.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** OBA10
Skráður mars 2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 56.000 km. Litur: Ljósbrúnn
~~Verð 3.650.000 kr.~~



**VERÐ: 2.890.000 kr.**
**Mazda3 Vision** NLU84
Skráður apríl 2016, 2,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 29.000 km. Í ábyrgð. Litur: Ljósgrár



**VERÐ: 2.590.000 kr.**
**Peugeot 508 Active** RLF72
Skráður janúar 2014, 1,6Hdi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 128.000 km. Litur: Grár

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Myndir í auglýsingunni eru af nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur getur því verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.

# Janet Jackson er ólétt

Þrátt fyrir að vera orðin fimmtug er söngkonan Janet Jackson nú ólétt að sínu fyrsta barni. Þetta kemur fram í nýjasta hefti People Magazine og fylgir fréttunum mynd af Janet þar sem hún er öll klædd í hvítt og skartar afar glæsilegri óléttubumbu.

Slúðursíðurnar hafa velt sér upp úr málinu lengi en Jackson frestaði tónlistarferðalagi sínu í apríl síðastliðnum og sagði ástæður þess persónulegar.

Í myndbandi á Twitter við það tækifæri sagðist hún ásamt eiginmanni sínum „vera með plön um fjölskyldu“ svo að þessar fréttir lágu í loftinu síðan í vor. Reyndar hafði slúðurfréttamiðillinn Entertainment Tonight náð söngkonunni þar sem hún var að kaupa barnaföt fyrr á árinu en að öðru leyti höfðu engar staðreyndir í málinu komið fram síðan í vor.

Eiginmaður hennar er Wissam Al Mana en hann er milljarðamæringur frá Katar.

Slúðursíðurnar velta fyrir sér hvort það verði núna trend að eignast barn eftir fertugt eða fimmtugt en söngkonan Sophie B. Hawkins eignaðist einnig barn þegar hún var fimmtug – en hún átti þó barn fyrir.



Janet Jackson varð fimmtug á þessu ári og ákvað af því tilefni að eignast sitt fyrsta barn. NORDIC PHOTOS/GETTY


MINNINGAR OG LEYNDARMÁL




„Yfirborðið er slétt og fellt en undir niðri kraumar myrkur. Frábærlega skrifað.“
ÁRNI MATTHÍASSON

Frá sumarbústöðunum sjást Nesjaey og Sandey stinga kryppum sínum upp úr vatninu og stundum siglir þar bátur. Fólk er hingað komið til að vera í friði með minningar sínar og leyndarmál. Kvöldin eru orðin dimm og það er erfitt að finna þá sem týnast.

*Hestvík* er dularfull saga úr Grafningnum, og þriðja skáldsaga höfundar fyrir fullorðna.

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39




## Trendið

## Regnkápur og regnjakkar

Haustið virðist ætla að verða venju fremur votviðrasamt hér á Fróni og því ekki úr vegi að sníða sér stakk eftir vexti, eða öllu heldur sníða regnstakk eftir veðri.

Regnkápur og regnjakkar eru þeim kostum búin að henta bæði afskaplega vel til að verjast veðri og vindum og geta líka verið afar fallegar flíkur. Hér sjáum við nokkur dæmi um það heitasta í regnfatatískunni í dag.



**Þessi grái regnjakki hentar vel til að draga hettuna vel yfir höfuðið eins og oft er nauðsynlegt.**



**Líklega færi betur á að klæðast síðbuxum með þessari grænu regnkápu í íslenska haustveðrinu, en falleg er hún.**



**Hvítir regnjakkar eru flottir. Það mætti vera meira af þeim.**

# Hamborg-Ari heimsótti Bítlaslóðir í Þýskalandi

„Einu sinni fór ég á Abbey Road og þar voru svona hundrað manns, en þessar dyr eru inni í húsasundi og lítil umferð þarna þannig að ég gat smellt af í ró og næði. Ef þetta væri úti á götu væru örugglega þúsund hippar þarna daglega,“ segir Ari Eldjárn grínisti sem komst í feitt á ferðalagi sínu um hafnarborgina Hamborg í Þýskalandi í gær. Ari er mikill Bítlaaðdáandi og gerði því dálitla pílagrímsferð úr reisunni, heimsótti götuna Reeperbahn í rauða hverfinu í Hamborg og leitaði uppi heimilisfangið þar sem fræg ljósmynd var tekin af John Lennon í upphafi sjöunda áratugarins til að endurskapa myndina með sjálfan sig í Bítilsins stað.

Ari var að skemmta á ráðstefnu í borginni, átti lausan tíma og ákvað að finna nokkra Bítlatengda staði sem hann varð að heimsækja, en sem kunnugt er eyddi hljómsveitin fræga nokkrum árum í þessu alræmda hverfi Hamborgar við spilamennsku, sukk og svall í upphafi ferilsins. Hann segir tröppurnar frægu, sem prýddu meðal annars umslagið á sólóplötu Lennons, Rock'n'Roll frá 1975, hafa verið auðfundnar. „Ég hef verið mikill Bítlamaður í rúman aldarfjórðung og hef meira að segja gerst svo frægur að hafa hitt og heilsað Paul McCartney með handabandi, sem var vægast sagt stórfurðuleg lífsreynsla,“ segir Ari og bætir aðspurður við að ófáir brandarar sem hverfast um nafn hans og heiti borgarinnar, Hamborg-Ari, hafi fengið að fljúga á meðan hann dvaldi í Þýskalandi.

**ÉG HEF VERIÐ MIKILL BÍTLAMAÐUR Í RÚMAN ALDARFJÓRÐUNG.**

kjartang@frettabladid.is




John Lennon í Hamborg í apríl 1961.



Ari Eldjárn í Hamborg í október 2016.



Lily Allen brast í grát í Frakklandi.

# Lily Allen biðst afsökunar

Enska tónlistarkonan Lily Allen brast í grát þegar hún heimsótti flóttamannabúðir í borginni Calais í Norður-Frakklandi, sem liggur að Ermarsundi, og bað flóttafólkið afsökunar fyrir hönd Bretlands á aðstæðum þess.

Allen ferðaðist til Calais ásamt tökuliði frá BBC fyrir sjónvarpsþátt Victoriu Derbyshire og hitti þar börn sem búa fjarri foreldrum sínum í flóttamannabúðum sem gjarnan eru kallaðar Frumskógurinn, eða „The Jungle“. Talið er að milli 600 og 1.000 börn búi nú við bágan kost í búðunum.

Meðal þeirra sem söngkonan talaði við var þrettán ára drengur sem flúði Afganistan vegna árása talibana. Drengurinn sagðist hafa rétt á því að búa í Bretlandi en lagaflækjur kæmu í veg fyrir að honum væri hleypt inn í landið og því neyddist hann til að reyna að smygla sér inn fyrir landamærin með því að fela sig í bíl. Allen brást við með því að biðjast afsökunar fyrir hönd Breta á því að hafa þrisvar lagt líf drengsins í hættu. Fyrst með sprengjuárásum á Afganistan, næst með því að koma talibönum til valda og nú með því að meina honum inngöngu í landið og neyða hann til að leggja sig í mikla hættu.

# Kardashian hvílir sig



Kim Kardashian er enn að jafna sig eftir að hafa verið hótað með byssu og rænd í París í síðustu viku og hefur ekki í hyggju að tjá sig um atvikið að svo stöddu.

Entertainment Tonight hefur eftir ónafngreindum heimildarmanni að Kardashian sleiki nú sárin í íbúðinni þar sem hún var rænd og hún deilir með eiginmanni sínum, Kanye West, í París, og sé enn ekki farin að hugsa um að fara út á meðal fólks eða tjá sig á samskiptamiðlum.





# Nýjar íbúðir í Reykjavík

Borgarstjórinn í Reykjavík býður til málþings um uppbygginguu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík föstudaginn 14. október 2016. kl. 8.30 - 12.00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Dregin verður upp heildstæð mynd af framkvæmdum og framkvæmdaáformum á húsnæðismarkaði í Reykjavík. Áhersla verður lögð á samþykkt verkefni og framkvæmdir sem eru nýlega hafnar, en einnig verður gefin innsýn í verkefni á undirbúningsstigi.

**Dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur föstudaginn 14. október 2016:**

kl. 8.00 Létt morgunhressing
kl. 8.30 Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri: **Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík.**
kl. 09.30 Kynning á ýmsum uppbyggingarverkefnum:

- Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Félag eldri borgara: **Uppbygging á vegum FEB**
- Kristján Sveinlaugsson, Þingvangur: **Brynjureitur / Hljómalindarreitur**
- Arnhildur Pálmadóttir, PK arkitektar: **Hafnartorg**
- Hildur Gunnarsdóttir, Reykjavíkurborg: **Stúdentaíbúðir við Háskólann í Reykjavík**
- Gunnar Valur Gíslason, Eykt: **Höfðatorg**
- Guðrún Ingvarsdóttir, Búseti: **Uppbygging á vegum Búseta**
- Ólöf Örvarsdóttir, Reykjavíkurborg: **Almenna íbúðafélagið**
- Ingunn Lilliendahl, Tark arkitektar: **RÚV-reitur**
- Páll Hjaltason, +Arkitektar: **BYKO-reitur og Elliðabraut**
- Guðrún Björnsdóttir, Félagsstofnun stúdenta: **Stúdentaíbúðir á vegum FS**
- Hannes Frímann Sigurðsson: Hömlur ehf.: **Ráðstöfun lóða í Vogabyggð**
- Davíð Már Sigurðsson, ÞG-verktakar: **Bryggjuhverfi**
- Björn Guðbrandsson, Arkís: **Ártúnshöfði – rammaskipulag**

kl. 11.00 Þorsteinn R. Hermannsson, Reykjavíkurborg: **Borgarlínan og þétting byggðar**
kl. 11.15 Snædís Helgadóttir, Capacent: **Greining á fasteignamarkaði** - Ný skýrsla Capacent
kl. 11.45 Umræður
kl. 12.00 Lok málþings

Allir velkomnir.

**www.reykjavik.is/ibudir**


Stífar æfingar hafa verið hjá liðinu sem heldur út til Þýskalands 21. október.


Nákvæmnin skiptir gríðarlega miklu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stefnan er tekin á gullið


Strákarnir fara saman yfir hvernig best er að útfæra réttina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kokkalandsliðið keppir á Ólympíuleikum í matreiðslu sem haldnir verða í Þýskalandi 21. október. Leikarnir eru haldnir á fjögurra ára fresti og eru stærsta og mest krefjandi keppni kokkalandsliða í heiminum. Þar mætast kokkar frá um 50 þjóðum.


Keppt er í annars vegar heitum mat og hins vegar í köldu borði.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



„Undirbúningurinn hefur gengið virkilega vel, það er búið að halda fjórar æfingar þar sem heiti matseðillinn hefur verið keyrður,“ segir Hafliði Halldórsson, einn af liðsmönnum kokkalandsliðisins.

Keppt er í tveimur greinum, annars vegar í heitum mat og hins vegar í köldu borði, eða Culinary Art Table.

„Kalda borðið samanstendur af þrjátíu smáréttum. Liðið hefur sett það borð upp tvisvar sinnum í Smáralind og hefur það gengið vonum framar. Það hefur verið alveg virkilega góð hvatning fyrir liðið, að finna fyrir áhuganum sem hefur verið til staðar hjá þjóðinni,“ segir Hafliði og bætir við að liðið sé í toppstandi fyrir mótið og stefnan sé að sjálfsögðu tekin á gullið.

## KOKKALANDSLIÐIÐ SKIPA

**Þráinn Freyr Vigfússon**, sjálfstætt starfandi, faglegur framkvæmdastjóri
**Bjarni Siguróli Jakobsson**, Canopy hótel, fyrirliði
**Jóhannes Steinn Jóhannesson**, Canopy hótel, liðsstjóri
**Steinn Óskar Sigurðsson**, Vodafone, liðsstjóri
**Hafliði Halldórsson**, sjálfstætt starfandi, framkvæmdastjóri
**Björn Bragi Bragason**, Síminn, forseti Klúbbs matreiðslumeistara
**Stefán Viðarsson**, Icelandair Hotels
**Hrafnkell Sigríðarson**, Ion Hótel
**Hafsteinn Ólafsson**, Ion Hótel
**Atli Þór Erlendsson**, Grillið, Hótel Saga
**Ylfa Helgadóttir**, Kopar
**Sigurður Ágústsson**, Tryggvaskáli
**Axel Björn Clausen**, Fiskmarkaðurinn
**Garðar Kári Garðarsson**, Strikið
**Georg Arnar Halldórsson**, Kolabrautin
**María Shramko**, sjálfstætt starfandi
**Fannar Vernharðsson**, Vox




50% AF BARNAFÖTUM 50% AF DÚNÚLPUM 30-50% AF VÖLDUM RÚMFÖTUM
30% AF LÖKUM 30% AF STÖKUM KODDAVERUM ÁSAMT MÖRGU ÖÐRU

# 30-50% AFSLÁTTUR

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

TILBOÐIN GILDA Í ÖLLUM VERSLUNUM
OG WWW.LINDESIGN.IS
SENDUM FRÍTT Á PÓSTHÚSIÐ ÞITT

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 05.10.16 – 11.10.16



**1** Þeir sem fara og þeir sem fara hvergi
Elena Ferrante



**2** Hjónin við hliðina
Shari Lapena



**3** Bókin um Baltimore fjölskylduna
Jöel Dicker



**4** Sykurpúðar í morgunverð
Dorothy Koomson



**5** Dalalíf III
Guðrún frá Lundi



**6** Nýja Breiðholt
Kristján Atli



**7** Samskiptaboðorðin
Aðalbjörg Helgadóttir



**8** Iceland in a bag
Ýmsir höfundar



**9** Framúrskarandi vinkona
Elena Ferrante



**10** Hekla skilur hundamál
Hulda J./T. A. Doerch

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson

# Bibbi í Skálmöld hitar upp fyrir sjálfan sig

**Snæbjörn Ragnarsson**, betur þekktur sem Bibbi í Skálmöld, stígur átta sinnum á svið á Akureyri og í Reykjavík næstu þrjá daga. Hann segist alvanur álagi og kvíðir ekki þreytu.

„Ég er ekkert í neinu afleitu formi, þótt ég sé alls ekki að fara að keppa í neinum afreksíþróttum á næstunni. Ætli ég sé ekki bara svona pabbafeitur. En almennt form og spilaform eru auðvitað gjörólíkir hlutir,“ segir Snæbjörn Ragnarsson, betur þekktur sem Bibbi í Skálmöld.

**ÞAÐ ER NÚ HEFÐ FYRIR ÞVÍ Í ÞESSU BANDI AÐ SKÁLA AÐEINS. ÆTLI MAÐUR FÁI SÉR EKKI HÁLFAN BJÓR.**

Snæbjörn stendur í ströngu næstu dagana við hljómleikahald á Akureyri og í Reykjavík og í næstu viku heldur hann svo í víking til Evrópu í mánaðarlangt tónleikaferðalag með Skálmöld. Á tónleikunum á Akureyri í kvöld og á morgun verður Snæbjörn í þeirri óvenjulegu stöðu að hita upp fyrir sjálfan sig á tónleikum þegar hljómsveitin Kronika, sem hann stofnaði ásamt fleirum fyrr á þessu ári, kemur fram á undan Skálmöld. Honum gefst því væntanlega ekki mikill tími til hvíldar á milli tónleika. „Það er verst að maður er hættur að reykja,“ segir Snæbjörn og hlær þegar hann er spurður hvort hvíldin komi komi til með að verða rétt eins og ein smókpása milli tónleika. „En það er nú hefð fyrir því í þessu bandi að skála aðeins. Ætli maður fái sér ekki hálfan bjór.“

Snæbjörn er maður ekki einhamur, því þótt Skálmöld sé ein vinsælasta hljómsveit landsins og hafi leikið linnulítið á tónleikum síðustu árin virðist hann sífellt geta á sig blómum bætt og tekið að sér ný verkefni. Hljómsveitin Kronika er þeirra á meðal, en báðar sveitirnar senda frá sér plötur þessa dagana og koma fram á þrennum tónleikum á Akureyri í kvöld og á morgun, á Græna hattinum og í Tónabúðinni. Snæbjörn tekur svo daginn snemma á laugardaginn og brunar til Reykjavíkur þar sem Skálmöld kemur fram á tvennum tónleikum á Gauknum.

Það eru því alls átta tónleikar sem standa fyrir dyrum hjá Snæbirni næstu daga, en tónlistarmaðurinn kvíðir engu. „Ég hef aldrei hitað beint upp fyrir sjálfan mig áður, en oft spilað nokkrum sinnum á sömu hátíðunum með nokkurra klukkutíma hvíld á milli. Oft höfum við í Skálmöld líka spilað allt upp í átta daga í röð án pásu, þannig að maður kann þetta alveg,“ segir Snæbjörn að lokum.

**kjartang@frettabladid.is**



**Bibbi í Skálmöld** Snæbjörn hefur í nægu að snúast næstu dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Yoko Ono, 13 daga danshátíð

fimmti dagur síðdegis

horfðu

finndu næsta gosbrunn
og horfðu á vatnið dansa




Yoko Ono 13 daga danshátíð. Reykjavík 2016 © Yoko Ono Dance Company. Listasafn Reykjavíkur.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.




# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

## Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti.

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rýmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.

**RÝMINGARSALA**

**25-50%**

**AFSLÁTTUR**

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**

**STILLANLEG RÚM**



**HEILSURÚM OG RÚMGAFLAR**



**SVEFNSÓFAR**



**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**

Tómasar Þórs Þórðarsonar

## Úðarinn og saurlokan

Þrátt fyrir að þurfa að mæta í vinnuna klukkan sjö um morguninn vakti ég eftir þriðju forsetakappræðunum í Bandaríkjunum. Ég bara varð að horfa enda hef ég ekki misst af kappræðum síðan um aldamótin. Ég hefði betur sleppt því. Allir sem sáu þessa tvo ömurlegu frambjóðendur, Donald Joð Trump og Hillary Clinton, eitra loftið með orðum sínum dóu aðeins inni í sér.

Bestu samfélagsrýnar minnar kynslóðar eru Trey Parker og Matt Stone, höfundar South Park. Fyrir kosningarnar 2004 þegar George W. Bush og John Kerry áttust við, byrjuðu þeir að tala um að þar mættust stór úðari (e. Giant Douche (samheiti fyrir viðbjóðslegan og fyrirlitlegan mann)) og saurloka (e. turd sandwich).

Kannski héldu þeir að þarna væri einhverjum botni náð í frambjóðendum en þá gat varla órað fyrir hversu ömurlegt úrvalið væri núna, tólf árum síðar. Það er með ólíkindum að þetta sé það besta sem ríflega 300 milljóna manna þjóð bjóði upp á.

Hillary vinnur þessar kosningar og það er klárlega betri kosturinn. Nei, bíðið. Það er skárri kosturinn. Í baráttunni um stöðu valdamestu manneskju heims er aðeins skárri frambjóðandinn að fá starfið því hinn er korter í kex.

Það virðist líka ríkja samkomulag, allavega hjá fjölmiðlum, um að Hillary eigi að vinna. Þó Trump sé umdeildur eiga kappræður að vera sanngjarnar en það hafa þær ekki verið. Spyrlarnir sleppa Hillary með hvert ruglið og hverja mótsögnina á fætur annarri en taka Trump á beinið.

Trump er eini maðurinn sem bendir á veilurnar í máli Hillary en það er bara eins og að horfa á mann í spennitreyju sannfæra geðlækni um að næsti maður sé geðveikur.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland







HORFÐU Á HVAÐ
SEM ÞÚ VILT,
HVENÆR SEM ER
Sæktu appið í spjaldtölvu, snjallsíma og Apple TV á:
App Store
Google play
Eða horfðu á í vefspilara á 2now.is
365


MAD MEN
SILICON VALLEY
KLOVN
PEAKY BLINDERS
The Sopranos
APPALOOSA
MARGRA BARNA MÆÐUR
Besti vinur MANNSINS
GAME OF THRONES
VICE
AMY
the leftovers
NEYÐARLÍNAN
HEIMSÓKN
THE OTHER GUYS
BIG DADDY
HIÐ BLÓMLEGA BÚ